


**skoðun 18**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Menningarnótt




**Náttúruleg en djörf haustförðun**

*Mikil vinna liggur á bak við náttúrulega förðun að sögn Flóru Buenano hjá Mac.*

**allt**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**18. ágúst 2011**
191. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011


# Vilja flytja út íslenska tómata

**Fyrirtækið Geogreenhouse hefur uppi áform um að reisa 20 hektara gróðurhús. Skapar vinnu fyrir 150 manns. Ræktaðir verða tómatar sem verða fluttir út og seldir í Marks og Spencer meðal annarra staða.**

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Geogreenhouse áformar að hefja útflutning á tómötum og miðast hugmyndirnar við að fyrsta sending fari utan í september á næsta ári. Að öllu óbreyttu yrði það þá fyrsta fyrirtækið til að flytja út grænmeti frá Íslandi. Nú þegar hafa náðst samningar við breskt fyrirtæki um markaðssetningu, pökkun og dreifingu tómatana. Gangi áformin eftir verða tómatarnir meðal annars til sölu hjá stórmarkaðakeðjunni Marks og Spencer.

Tómatarnir verða ræktaðir í sérstökum hátæknigróðurhúsum sem verða reist í þremur þrepum, en að því loknu munu um 150 manns starfa hjá fyrirtækinu. Áformað er að hefja framkvæmdir næsta vor og í fyrsta áfanga verður reist 3,3 hektara gróðurhús sem 35 manns munu starfa við. Tveimur árum seinna verður það stækkað upp í 10 hektara og þá yrði starfsmannafjöldinn kominn upp í tæplega hundrað manns. Ekki hefur verið ákveðið hvenær lokaáfanganum lýkur en þá eiga gróðurhúsin að vera orðin 20 hektarar og eins og fyrr segir munu þá um 150 manns starfa hjá fyrirtækinu. Tómatarnir verða fluttir með skipi til Immingham í Englandi.

Sigurður Kiernan, stjórnarformaður Geogreenhouse, segir að verið sé að vinna í samningi við orkufyrirtæki en gróðurhúsið verði staðsett við jarðvarmavirkjun. Hann kveðst ekki geta sagt nánar til um staðsetningu fyrir gróðurhúsið en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að rætt hafi verið við bæjaryfirvöld á Reykjanesi um að reisa það þar.

**Hvað þarf mörg megavött fyrir hvern áfanga?**

**1. áfangi**
3,3 hektara gróðurhús = 6 MW

**2. áfangi**
10 hektara gróðurhús = 18 MW

**3. áfangi**
20 hektara gróðurhús = 36 MW

Sigurður telur þessa vöru hafa ýmsa kosti fram yfir þær sem framleiddar eru víðast hvar erlendis. „Við höfum þann kost á Íslandi að geta notað besta vatn í heimi við ræktunina á meðan Bretar, Hollendingar og fleiri eru að nota iðnaðarvatn í sína framleiðslu," segir hann. „Við notum ekki heldur skordýraeitur eins og gert er víðast hvar erlendis og það gefur vörunni ákveðinn gæðastimpil. Svo er þetta umhverfisvænt því við erum ekki að brenna gas til að hita gróðurhúsin heldur notum við jarðvarma." Jarðvarmavirkjun mun sjá gróðurhúsinu fyrir heitu vatni, rafmagni, vatni til að vökva og koltvísýringi. Honum verður hleypt inn í gróðurhúsið til að örva vöxt.

Með svokölluðum aðlögunarsamningi frá árinu 2002 var íslenskum framleiðendum gert kleift að flytja út grænmeti. Að sögn Bjarna Jónssonar, framkvæmdastjóra Sambands garðyrkjubænda, hefur þó enginn hafið útflutning enn. „Reyndar hafa verið gerðar tilraunir á útflutningi á rófum og kartöflum til Færeyja en annars hefur enginn hafið útflutning sem einhverju nemur," segir hann.

**- jse**



## Hrifnir af landi og þjóð

*Craig Murray og Darryl Brown fagna tuttugu ára sambandsafmæli á tónleikum Frostrósa.*

**fólk 54**

## Hestaferðir í tuttugu ár

*Hjónin á Oddsstöðum í Lundarreykjadal hafa skipulagt hestaferðir í 20 ár.*

**tímamót 26**



## Krabbamein fótboltans

*Er leikaraskapur og svindl að gera út af við knattspyrnuna?*

**sport 46**

## veðrið í dag




**ÞURRT AÐ MESTU** Víðast hæg norðlæg eða breytileg á landinu í dag. Skýjað með köflum og þurrt en stöku skúrir syðra. Hiti 7-16 stig.

**VEÐUR 4**



**UNDUR UNDIR YFIRBORÐINU** Kalmanshellir í Hallmundarhrauni er ægifagurt náttúrufyrirbæri sem fáir hafa barið augum. Á morgun verður hellirinn friðaður enda þolir hann ekki umgang manna. Hellirinn er lengsti hraunhellir á Íslandi. Þar er eitt lengsta hraunstrá jarðar, 1,65 metrar að lengd. MYND/ÁRNI B. STEFÁNSSON

Kennir Kínverjum íslensku:

## 16 útskrifast með BA-gráðu

**FÓLK** „Þetta er góður hópur en erfiðast þykir þeim að læra framburðinn," segir Gísli Hvanndal, sem útskrifar sextán nemendur með BA-gráðu í íslensku við Háskólann í Beijing næsta vor.



GÍSLI HVANNDAL

Nemendurnir eru valdir af kostgæfni inn í Háskólann í Beijing og aðeins þeir bestu fá pláss við skólann.

Gísli hefur verið búsettur í Kína undanfarin þrjú ár en það var af einskærri ævintýraþrá sem hann sótti um vinnuna. Námið byrjaði á dramatískan hátt 6. október 2008, á sama degi og íslenska bankakerfið riðaði til falls.

**- áp /** **sjá síðu 54**

Peningastefnunefnd Seðlabankans hækkaði stýrivexti um 0,25 prósent í gær:

# Meiri hækkun stýrivaxta boðuð

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnti í gær ákvörðun sína um 0,25 prósenta hækkun stýrivaxta, sem nú eru 4,5 prósent. Nefndin segir frekari hækkanir á næstu mánuðum líklegar.

Meginrökin fyrir hækkuninni eru tilgreind í tilkynningu frá nefndinni sem viðbrögð við versnandi verðbólguhorfum frá síðustu vaxtaákvörðun.

Bæði Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Ísland brugðust ókvæða við hækkuninni í gær og sögðu hana óskiljanlega í ljósi efnahagsaðstæðna í landinu. Þau telja hana draga úr efnahagsbatanum.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði hins vegar í gær að hækkunin ætti ekki að koma á óvart og væri í samræmi við fyrri yfirlýsingar nefndarinnar.

Verðbólga er nú fimm prósent. Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans verður hún 6,8 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2012.

**- mþl, shá**










## SPURNING DAGSINS



*Sigríður, gefur það ekki augaleið að þetta er fínt málefni?*

„Jú, alveg glerfínt.“

Sigríður Heimisdóttir iðnhönnuður hefur hannað glerlíffæri, meðal annars augu, til að vekja athygli á vöntun á líffæragjöfum.

Leikskólakennarar og sveitarfélög funduðu um álitamál í verkfallsaðgerðum:

# Fundi lauk í gær án niðurstöðu

**KJARAMÁL** Félag leikskólakennara fundaði í gær með Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þau álitamál sem ríkja um verkfallsreglur leikskólakennara. Ekkert var rætt um kjarasamninga á fundinum.

Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, segir stöðuna óbreytta frá því á mánudag.

„Við stöndum við okkar túlkun. Það var þó ákveðið að hittast aftur í dag klukkan ellefu til að fara enn betur yfir málin,“ segir hann.

Haraldur segir fundinn hafa gengið vel og menn hafi rökrætt málin sín á milli.

„Við vorum í fullum rétti að setja okkar viðmiðunarreglur og við það stöndum við,“ segir hann. „Það eru engin illindi. Fólk var bara að skiptast á skoðunum.“

> Við vorum í fullum rétti að setja okkar viðmiðunarreglur og við það stöndum við.
>
> HARALDUR FREYR GÍSLASON
> FORMAÐUR FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA

Ekki hefur verið boðað til nýs fundar í kjaraviðræðum leikskólakennara og sveitarfélaganna. Haraldur segist þó bjartsýnn á að boðað verði til fundar fyrir næstkomandi mánudag.

Ef verkfall skellur á mun það hafa áhrif á fjórtán þúsund fjölskyldur í landinu og sextán þúsund börn. Leikskólakennarar fara fram á 11 prósenta launaleiðréttingu og 25 prósenta launahækkun. Sveitarfélögin hafa boðið á milli 12 og 14 prósenta launahækkun en leikskólakennarar hafa neitað því. - sv

Hestakerra opnaðist á ferð:

## Aflífa þurfti hross eftir fall

**SLYS** Hestakerra með tveim hrossum sem föst var í eftirdragi bifreiðar opnaðist á ferð rétt austan við Hvolsvöll í gærdag. Hrossin köstuðust af kerrunni og var nauðsynlegt að kalla til dýralækni og láta aflífa annað hrossið vegna alvarlegra innvortis meiðsla.

Samkvæmt lögreglunni á Hvolsvelli meiddist hitt hrossið einnig töluvert, en ekki reyndist nauðsynlegt að aflífa það.

Eigandi hrossanna var ekki í bifreiðinni sem dró kerruna. - sv

Færeyingar við Ísland:

## Aflabrögð betri en var í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR** Færeysk línuskip hafa veitt sem af er ári tæp 2.670 tonn í íslenskri lögsögu. Á sama tíma í fyrra var aflinn heldur minni, tæp 2.290 tonn. Heildarbotnfiskaflinn er því tæplega sautján prósentum meiri í ár en á síðasta ári, að sögn Fiskistofu.

Þorskafli færeysku skipanna er kominn í 573 tonn en heimild færeyskra skipa á yfirstandandi ári eru 1.200 tonn. Alls voru átta færeysk línuskip að veiðum í íslenskri lögsögu í júlímánuði. Heildarafli skipanna var 304 tonn. - shá



**ÖSKUBUSKA Í FAÐMI EBBU** Árin tuttugu og tvö eru orðin afar þung fyrir Öskubusku en henni finnst gott að láta þau hvíla í kjöltu Ebbu sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Aldursforseti katta fæddur 17. júní 1989

**Elsti köttur landsins er hin 22 ára Öskubuska, sem er um margt óvenjulegur köttur. Hún safnaði rakettustubbum fyrir eiganda sinn og þjáist af gigt.**

**DÝRALÍF** Læðan Öskubuska er líklegast elsti kötturinn á landinu, en hún varð tuttugu og tveggja ára á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní. Hjónin Höskuldur Stefánsson og Ebba Ólafsdóttir, sem hafa umsjón með Öskubusku, segja að Elli kerling sé vissulega farin að setja mark sitt á hana.

„Hún er gigtveik eins og ég, svo við erum hérna stynjandi báðar tvær á rigningardögum,“ segir Ebba. Hún segir Öskubusku vera óskaplega gæfan og góðan kött. Það hefur líka komið sér vel að hún gerði ekki eigendum sínum þann grikk að færa þeim mýs en þó vildi hún leggja sitt af mörkum til heimilislífsins. „Hún var vön að færa mér rakettustubba hingað heim, hún hefur örugglega haldið að ég gæti reykt þetta en hún er nú löngu hætt þessu.“

Þegar Öskubuska hafði heilsu til hagaði hún sér að vissu leyti frekar eins og hundur, sem löngum hefur borið titilinn besti vinur mannsins. „Hún fór alltaf með mér hérna í gamla daga, það gilti einu hvort ég var að fara út í Grímsbæ að kaupa inn, út í bókasafn eða í leikskólann að ná í krakkana, alltaf kom hún með. Svo var um daginn eins og þeir rynnu upp fyrir henni þessir gömlu göngutúrar því hún var komin langleiðina að leikskólanum. Annars er hún bara hérna í garðinum, blessunin.“

Þau hjón segjast ekki hafa neina einhlíta skýringu á langlífi Öskubusku en þó eru ýmsar getgátur á lofti. „Við létum hana bara gjóta einu sinni, þegar hún var tæplega árs gömul, og síðan ekki söguna meir. Dýralæknirinn segir að hún hafi hjarta á við miklu yngri dýr og að það sé kannski af því að hún var ekki alltaf gjótandi.“

Helga Finnsdóttir hefur stundað dýralækningar í þrjá áratugi og segir hún aldursforsetann í sínum kúnnahópi hafa verið 24 ára gamlan kött. Fréttablaðið leitaði líka til Dýraspítalans í Garðabæ og spurði um elstu ketti sem fengið hefðu meðhöndlun þar. Þar var Fríða nokkur efst á blaði en hún drapst árið 2008, þá tuttugu og eins árs að aldri. Eins hafði tvítugur köttur farið í skoðun til þeirra en hann fór yfir móðuna miklu áður en hann varð tuttugu og eins.

jse@frettabladid.is

Breivik fyrir dómara á ný:

## Má ekki mæta í kjólfötunum

**NOREGUR Anders Behring Breivik fær ekki að mæta í kjólfötum fyrir rétt á morgun eins og hann hafði óskað eftir. Síðast þegar hann kom fyrir dómara óskaði hann eftir því að mæta í einkennisbúningi en því var einnig hafnað.**

**Breivik hafði sagt að kjólföt myndu sýna hversu alvarlega hann tæki málið gegn sér. Dómstóllinn féllst ekki á það. Þá hefur verið ákveðið að réttarsalurinn verði lokaður líkt og síðast. - þeb**



**SARKOZY OG MERKEL** Forseti Frakklands og kanslari Þýskalands í París á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Merkel og Sarkozy:

## Evruhagstjórn hafi forseta

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari telja nauðsynlegt að ný efnahagsstjórn evruríkjanna, sem þau vilja koma á laggirnar, hafi sérstakt forsetaembætti.

Þau skýrðu frá þessu í gær, daginn eftir að þau hittust í Frakklandi til að ræða lausnir á erfiðum skuldavanda evruríkjanna.

Hugmyndir þeirra hafa verið sagðar innihaldslítil sýndarmennska, því nauðsynlegt sé að efla neyðarsjóð evruríkjanna auk þess sem þau hafni hugmyndum um að gefa út sameiginleg ríkisskuldabréf evruríkjanna. - gb



**SÚ FYRSTA** Hönnun Mörtu Jonsson verður til sölu í Debenhams innan tíðar.

Marta Jonsson vinsæl:

## Íslensk hönnun í Debenhams

**TÍSKA Íslensk hönnun verður seinna á þessu ári í fyrsta sinn til sölu í Debenhams erlendis. Debenhams rekur yfir tvö hundruð verslanir í um 25 löndum.**

**„Hönnun mín fór á heimasíðu Debenhams á föstudegi fyrr í sumar og þeir hringdu í mig á þriðjudegi og vildu fá vörurnar beint inn í búðirnar því þær seldust svo vel,“ segir hönnuðurinn Marta Jonsson. Vor- og sumarlína Mörtu árið 2012 verður fyrsta línan sem verður til sölu í verslunum Debenhams og stefnt er að því að hún komi í verslanir í lok ársins.** - mmf / sjá Allt




Heilsugæslan fjármagnar nýjar stöður í sérnámi í heimilislækningum:

# Fleiri vilja í heimilislækningar

**HEILBRIGÐISMÁL** Ellefu læknar hafa verið ráðnir í sérnám í heilsugæslulækningum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þeim gæti fjölgað enn frekar áður en námið hefst í lok mánaðarins því fleiri hafa sýnt því áhuga. Fyrir stunda tólf læknar sérnámið hér á landi.

> **24** Líklega verða læknar í sérnáminu 24 í vetur. Í upphafi voru stöðurnar tvær.

Alma Eir Svavarsdóttir er kennslustjóri sérnámsins. Hún er ánægð með áhugann á náminu, ekki síst vegna þess að heimilislækna hefur skort á landinu undanfarin ár. Að hennar sögn þýða fleiri formlegar stöður í sérnáminu að hægt verði að gera námið agaðra og formfastara. Aukin aðsókn þýðir hins vegar einnig að meira fjármagn þurfi til að hægt sé að sinna náminu vel.

Sérnám þeirra tólf lækna sem fyrir stunda það er á vegum velferðarráðuneytisins. Nýju stöðurnar verða hins vegar fjármagnaðar af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítalanum. Til þess að mæta kostnaðinum við stöðurnar var lausum stöðum sérfræðinga innan heilsugæslunnar breytt í sérnámsstöður.

Sérnám í heimilislækningum hefur verið í boði hér frá árinu 1995. Í upphafi voru stöðurnar tvær. Að sögn Ölmu er það byggt upp þannig að þrjú ár af fimm séu tekin hér á landi en tvö ár erlendis. Þó hafa verið gerðar undantekningar á þessu og allt sérnámið klárað hér á landi. „Námið er orðið það gott og komin nógu mikil reynsla, svo við treystum okkur í það.“ - þeb



**FJÖLGUN** Ellefu læknar hafa verið ráðnir í sérnám í heilsugæslulækningum.


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Skóla-
dagar
Nú er skólastemning í Kringlunni.
Skólatöskur, stílabækur, ilmandi strokleður, skólafötin, brenniboltar og allt hitt sem þarf til að læra og leika sér.
Skólaleikur !!!
Allir sem skrá sig á póstlistann á Facebook geta m.a. unnið Vaio fartölvu frá Sony Center.
Kringlan styður átakið
Á allra vörum
Konukvöld í Kringlunni
í kvöld kl. 18–21
Nýtt kortatímabil
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

## GENGIÐ 17.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,10 | 113,64 |
| Sterlingspund | 185,92 | 186,82 |
| Evra | 163,38 | 164,30 |
| Dönsk króna | 21,928 | 22,056 |
| Norsk króna | 20,934 | 21,058 |
| Sænsk króna | 17,798 | 17,902 |
| Japanskt jen | 1,4767 | 1,4853 |
| SDR | 182,20 | 183,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,7387

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Vestfjarða dæmdi konu skaðabætur vegna heilsuspillandi vinnuumhverfis:

# Fær 5,5 milljónir króna í skaðabætur

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkið og fyrirtækið Agar ehf. voru dæmd í Héraðsdómi Vesturlands 10. ágúst til að greiða rúmar 5,5 milljónir króna auk vaxta í bætur til konu sem var starfsmaður fyrirtækisins. Talið er sannað að konan hafi orðið fyrir heilsutjóni við störf sín. Frá þessu er greint á vef Bæjarins besta.

Konan leitaði fjórum sinnum til læknis á árunum 1997 til 2000 vegna hósta og öndunarerfiðleika og tvisvar árið 2000 vegna höfuðverkja og ógleði. Engin niðurstaða fékkst um hvað amaði að. Haustið 2005 var konan greind með astma og ofnæmiskvef. Ljóst þykir að bein tengsl voru á milli veikinda hennar og vanbúnaðar á vinnustað hennar hjá Rannsóknarstofu fiskiðnaðarins á Ísafirði.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að það sé fullsannað með framlögðum gögnum, svo sem athugasemdum Vinnueftirlitsins og úttekt verkfræðinga, að loftræsting og aðbúnaður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi. Konan vann meðal annars daglega við ætisræktun og hefði vinnuveitendum borið að tryggja henni vinnuumhverfi sem ekki væri heilsuspillandi.

Þá hélt konan því einnig fram að henni hafi aldrei verið úthlutað persónuhlífum til hlífðar öndunarfærum sínum. Gerð hafi verið athugasemd við skort á persónuhlífum í úttekt Vinnueftirlitsins árið 2004 en engar úrbætur hafi átt sér stað. Var það niðurstaða héraðsdóms að ríkið og Agar bæru bótaábyrgð á tjóni stefnanda. **- sv**



**ÍSAFJÖRÐUR** Talið er að konan hafi unnið í heilsuspillandi umhverfi þar sem öryggiskröfur voru ekki uppfylltar.



**SÓTT AÐ SINGH** Manmohan Singh forsætisráðherra er í miklum vandræðum vegna ásakana um spillingu hins opinbera og mótmæla sem stigmagnast víða um landið. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherra um hungurverkfall:

## Segir mótmæli ógna lýðræðinu

**INDLAND, AP** Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, deilir harkalega á Anna Hazare, sem hóf í gær hungurverkfall til að krefjast hertra laga gegn spillingu.

Hazare hóf föstuna í varðhaldi í gær. Honum var sleppt skömmu síðar, en hann neitaði að yfirgefa fangelsið nema hann fengi að mótmæla á sinn hátt.

Singh sagði að aðgerðir Hazares væru kúgun og aðför að þinginu. Frekar ættu lýðræðislega kjörnar stofnanir ríkisins að klára málið. Þúsundir hafa farið út á götur landsins og mótmælt viðbrögðum stjórnarinnar og handtökunni á Hazare. **- þj**

**LÍFEYRISSJÓÐSMÁL**

### Nefndarmenn eru óháðir

Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða, sem skoðar fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegt umhverfi sjóðanna í aðdraganda bankahrunsins, áréttar í sérstakri tilkynningu að starf hennar sé óháð Landssamtökunum.

# Reyndi að svíkja fé út á þekkta vefsíðu

**Varkárni seljanda mótorhjóls varð til þess að svikara tókst ekki að svíkja út úr honum á annað hundrað þúsunda króna. Svikarinn reyndi að blekkja manninn með því að nota kynningarefni af þekktri vefsíðu. Hann hefur reynt að blekkja fleiri.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það leikur enginn vafi á því að þarna var verið að reyna að svíkja út fjármuni,“ segir Njáll Gunnlaugsson mótorhjólakennari, sem sá við erlendum fjársvikara í vikunni. Tilraun var gerð til þess að svíkja út úr Njáli 1.000 dali, eða rúmlega 100 þúsund krónur, í gegnum falsaða Paypal-síðu. Fyrirtækið Paypal er eins konar milliliður milli kreditkorthafa og fyrirtækja sem bjóða upp á vöru eða þjónustu sem greiða þarf fyrir með greiðslukorti.

„Ég er að selja eitt af mótorhjólunum mínum og fékk fyrirspurn frá Bandaríkjunum um kaup á því hjóli. Eftir nokkur tölvupóstsamskipti fékk ég skyndilega í tölvupósti kvittun frá Paypal um að viðkomandi hefði greitt rúma 4.000 dollara á Paypal-reikning minn, sem er 1.000 dollurum of mikið. Líklega hefur hann vonast til að ég endurgreiddi honum þá upphæð án þess að skoða málið betur. En ég hnaut meðal annars um það að enskan hans var ekki upp á það besta og að allir Paypal-tenglar voru óvirkir, sem og allar myndir sem eiga að tilheyra Paypal-vefsíðunni. Og svo hafði náttúrlega ekki komið króna inn á reikninginn þegar að var gáð. Hann virðist hafa stolið kynningarefni af heimasíðu fyrirtækisins og reynt blekkingar með því.“

Njáll segist enn fremur hafa frétt af öðrum manni sem var að hugleiða að selja mótorhjól til útlanda. Njáll kveðst hafa sett sig í samband við hann og þá hafi komið í ljós að sá hefði einnig fengið fyrirspurn um kaup á hjólinu frá Bandaríkjunum og að þar hefði sami svikari verið á ferð og hafði leikið sömu kúnstir með því að þykjast hafa borgað of mikið inn á reikning viðkomandi.

Njáll setti sig þegar í samband við Paypal þegar honum var ljóst hvers kyns var. Hann fékk svar til baka þar sem staðfest var að um tilraun til svindls hefði verið að ræða og var honum þakkað fyrir að koma þessum upplýsingum til fyrirtækisins sem hefði þegar brugðist við til að stöðva svikarann.

„Mér fannst nauðsynlegt að vara aðra eigendur ökutækja við þessu svindli,“ segir Njáll og bætir við að það síðasta sem heyrst hafi frá svindlaranum sé að flutningsaðili á hans vegum myndi koma og sækja hjólið fyrir helgina.

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, segir að tilkynningar um tilraunir til fjársvika berist embættinu jafnt og þétt. Hann kveður embættinu hafa borist tilkynningar af svipuðum toga og þá er um getur hér að ofan.

**jss@frettabladid.is**



**SÁ VIÐ SVIKARA** Njáll Gunnlaugsson með mótorhjólið góða sem einn óprúttinn reyndi að svíkja fé út á.

**Fjöldi svindlpósta 2010**

**sem tilkynntir voru til embættis ríkislögreglustjóra**

| | |
|---|---|
| Óflokkaðir og símtöl: | 226 |
| Um lottó- og happdrættisvinninga o.fl.: | 501 |
| Tilkynningar um fjármuni í bönkum, arf eftir „ættingja“ o.fl.: | 662 |
| Tölvupóstar með hótunum til að ná fjármunum: | 7 |
| Með hótelbókunum og öðrum þjónustubeiðnum: | 33 |
| Með tilboðum um ódýrar vörur, ódýr lán o.fl.: | 50 |
| Samtals: | 1.479 |

*Heimild: Embætti ríkislögreglustjóra*

Kallar eftir samráði:

## Vill leyfa innflutning landbúnaðaravara

**VIÐSKIPTI** Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, telur að heimila eigi innflutning á landbúnaðarvörum í sátt við bændur. Hann gagnrýnir stjórnvöld fyrir að hafa ekki náð samstöðu um breytingar á landbúnaðarkerfinu.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

„Ég hef alltaf verið hlynntur frelsi í viðskiptum og það á við um landbúnaðarvörur eins og aðrar vörur. Íslensk stjórnvöld hefðu löngu átt að stíga skref í þá átt að opna fyrir innflutning á þessum vörum.“ Sigurður Kári segir slíkt hins vegar verða að gerast í sátt við bændur. „Bændur eru viðræðugóður og ef menn vilja umræðu af sanngirni og opnum hug er allt hægt.“ **- kóp**

Hlauparar styðja nauðstadda:

## Maraþonhlaup fyrir nauðstadda

**HJÁLPARSTARF** Fjöldi Íslendinga hyggst leggja hjálparstarfi á neyðarsvæðunum í Austur-Afríku lið með þátttöku í Reykjavíkurmaraþoninu um helgina.

Þegar hafa margir skráð sig til að safna áheitum fyrir UNICEF og Rauða krossinn, sem hafa unnið gott starf í þágu nauðstaddra, en hægt er að styrkja málefnið á www.hlaupastyrkur.is.

Samkvæmt upplýsingum frá UNICEF og Rauða krossinum, hefur þeim gengið vel að dreifa gögnum á neyðarsvæðunum.


HÓPKAUP.IS Í DAG

ÓMÓTSTÆÐILEG MÁLTÍÐ Á EINARI BEN

3.600 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 7.650 kr. | Afsláttur 53% | Afsláttur í kr. 4.050 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

PIPAR\TBWA • SÍA



200 g nautalund með rótargrænmeti og piparsósu, heit súkkulaðikaka með ís.

www.einarben.is

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**RÓLEGHEIT**

Hæglætisveður og þurrviðri verður á boðstólum næstu daga. Veðurspáin fyrir menningarviðburði og maraþon í Reykjavík á laugardag er mjög flott, hæg norðlæg átt, bjartviðri og allt að 15 stiga hiti. Hvatning fyrir einhverja að taka þátt?




**Á MORGUN**
3-8 m/s, en stífari syðst.

**LAUGARDAGUR**
Stíf NA-átt SA-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 18° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 21° |
| París | 26° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

www.husa.is

# KAUPLÁN

# 0%

## VAXTALAUST LÁN

**Nú býður Húsasmiðjan upp á Kauplán; vaxtalausa greiðsludreifingu sem gildir fyrir allar vörur í Húsasmiðjunni.**

- Vaxtalaus greiðsludreifing í allt að 12 mánuði
- Engir vextir
- Aðeins 3% lántökugjald og 325 kr. greiðslugjald af hverri borgun
- Nánari upplýsingar um Kauplán á www.husa.is



69.900

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

### Þvottavél

EWF106410W
1000 snúninga
Stærð: 85x60x60 sm, 6 kg
Vnr. 1805650

Electrolux
5 ára ábyrgð



Nýtt!

KAINDL

### Plastparket, hærra slitþol

Vnr. 147053

2.629 pr.m²

KAINDL



82.295

### Þurrkari

Með barka og rakaskynjara
Vnr. 1805423

Electrolux
5 ára ábyrgð



5.949

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

EMMEVI

GIGLIO

### Eldhúsblöndunartæki

Vnr. 7900009



9.890

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

### Eldhúsvaskur, stál

Eitt hólf og borð
Vnr. 8032530

Amica

### Eldavél, stál

Breidd: 60 sm
Vnr. 1850511

124.900



5 ára ábyrgð



19.900

Cersanit

### Scandinavia

Vnr. 8077532

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

cersanit

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN

*Nánar á husa.is*

HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Býrð þú í leiguhúsnæði?*

| | |
|---|---|
| Já | 22,2% |
| Nei | 77,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú með bílalán?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Kalmanshellir í Hallmundarhrauni hefur nú verið verndaður fyrir skemmdum:

# Viðkvæmt hellakerfi í Borgarfirði friðlýst

**UMHVERFISMÁL** Kalmanshellir í Hallmundarhrauni verður friðlýstur á morgun. Markmiðið er að vernda hellinn, einstæðar jarðmyndanir hans og hellakerfið allt og koma í veg fyrir röskun og skemmdir á jarðmyndunum.

Hellirinn var kannaður og mældur upp í leiðangri íslenskra og bandarískra hellaáhugamanna sumarið 1993 undir forystu Jay Reich. Reyndist hellirinn vera rúmir fjórir kílómetrar að lengd og þar með vera lengsti mældi hraunhellir landsins.

Hluti hellisins er töluvert hruninn. Tilefni friðlýsingarinnar er að ein hellisgreinin, um 500 metra löng, skartar óvenju glæsilegum og ósnortnum hraunmyndunum, jafnt dropastráum sem dropasteinum og telst vera náttúrufyrirbæri á heimsvísu. Þar er eitt lengsta þekkta hraunstrá jarðar, 1,65 metrar að lengd.

Umferð um viðkvæmasta hluta hellisins er alfarið óheimil nema brýnir almannahagsmunir séu í húfi, að mati Umhverfisstofnunar og umsjónaraðila.

- shá



**INNI Í KALMANSHELLI** Steinmyndanir í hellinum eru einstakar á heimsvísu og því nauðsynlegt að friða hann til að varðveita náttúruvættið. Myndina tók Árni B. Stefánsson árið 1993, en hann hefur haft forystu um verndun hellisins. MYND/ÁBS




# Virðisrýrnun eða ofmat við Sparisjóðinn

**Formaður Sjálfstæðisflokksins spyr hvað orðið hafi um virði eigna Sparisjóðs Keflavíkur. Veltir því upp hvort um ofmat hafi verið að ræða eða virðið rýrnað við afskipti stjórnvalda. Málið var rætt á fundi þingnefndar á þriðjudaginn.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að nauðsynlegt sé að leggja öll spilin á borðið vegna sameiningar SpKef og Landsbanka Íslands. Virði eigna sjóðsins hafi rýrnað frá mati stjórnvalda og það verði að skýra.

Bjarni segir að stjórnvöld hafi vitað af slæmri stöðu Sparisjóðs Keflavíkur um nokkra hríð áður en ákveðið var að skipta honum upp og stofna SpKef. Við þann gjörning hafi menn gengið út frá því að nokkuð góð vissa væri um virði eignanna. Slitastjórnin hafi hins vegar aldrei getað fellt sig við þann samning sem í boði var; engar eignir hafi verið skildar eftir og slitastjórnin hafi ekki einu sinni getað höfðað riftunarmál þar sem eignir stóðu ekki undir kostnaði.

„Samt sem áður var þetta látið ganga fram. Síðan kemur í ljós að sparisjóðurinn hefur þörf fyrir aukið eigið fé eigi hann að halda í einhver starfsleyfi,“ segir Bjarni.

Þá hafi skýrst að sjóðinn vantaði ekki einungis þá 10 til 11 milljarða sem fjármálaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið (FME) höfðu gert opinbera, heldur 6 til 7 milljarða aukreitis. Þinginu hafi þá verið kynnt um sameiningu sjóðsins og Landsbankans, en við það þyrfti aðeins að leggja út um það bil 11 milljarða. Landsbankinn gaf út við sameininguna að lagt yrði sjálfstætt mat á eignasafn sjóðsins og í ljós kom að 20 milljarða bar á milli mats bankans og FME.

„Þetta kallar fram spurningar um það hvaða mat fór fram í upphafi, á hvaða mati aðgerðirnar á þessu ári byggðust og hvað varð um virði eignanna. Hvað varð um virði eignanna? Hefur það rýrnað svona mikið eftir að ríkisstjórnin fór að skipta sér af, eða voru eignirnar svona ofmetnar? Hvernig getur orðið til 20 til 30 milljarða gat í sparisjóði sem á ekki einu sinni fyrir innistæðum?“

Bjarni segir um háar fjárhæðir að ræða og minnir á að Landsbankinn hafi verið seldur á um 20 milljarða í einkavæðingu og eigið fé sameinaðs Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á sínum tíma verið um 18 milljarðar.

„Hver ber ábyrgð á því eignamati sem birtist í lok árs 2008 þar sem sagt var að eiginfjárstaða sjóðsins væri nokkuð góð? Það er bara lítið brot eftir af eignum sem voru í bókum sjóðsins í lok árs 2008.“

kolbeinn@frettabladid.is



**GAGNRÝNINN** Bjarni segir mikilvægt að öll spil séu lögð á borðið varðandi málefni Sparisjóðs Keflavíkur. Síðan verði tekin ákvörðun um eðlileg næstu skref í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Rætt í þingnefnd

Málefni SpKef voru rædd á fundi efnahags- og skattanefndar á þriðjudag. Sigurður Kári Kristjánsson, einn nefndarmanna, segir alvarlegar athugasemdir hafa komið upp varðandi það hvort rétt hafi verið staðið að stofnun sjóðsins og margt bendi til að þær séu réttmætar. Hann vill að málið verði kannað í þaula.




Aðgerðir Reykjavíkurborgar hafa skilað árangri að sögn dagforeldris:

# Pláss laus hjá dagforeldrum

**DAGVISTUN** Nokkuð er um laus pláss hjá dagforeldrum víðs vegar um borgina, sér í lagi í úthverfunum, að sögn Kristbjargar Jónsdóttur, stjórnarmanns í Félagi dagforeldra. Sem fyrri daginn er slíka vistun síst að fá í Mið- og Vesturbæ.

„En það eru auðvitað alltaf einhverjir dagforeldrar sem eru með allt fullt og biðlista. Og húsnæðið í 101 er dýrt og óhentugt,“ skýrir Kristbjörg.

Síðustu ár hefur reglulega verið greint frá því að slegist sé um pláss hjá dagforeldrum í Reykjavík. Kristbjörg segir að aðgerðir Reykjavíkurborgar síðasta árið hafi stuðlað að breyttri stöðu, því borgin fjölgaði dagforeldrum mikið og auglýsti sérstaklega eftir þeim.

Einnig hafi fjölgun á atvinnuleysisskrá auðveldað borginni að finna fólk til vinnu.

Kristbjörg varar fólk við því að styðjast um of við heimasíður þjónustumiðstöðva borgarinnar, þegar athugað er hvort pláss séu laus. Síðurnar séu misvel uppfærðar. Hún mælir með síðum eins og Barnalandi eða Blandi.is.

Þar hefur mátt finna auglýsingar frá dagmæðrum bæði í Mið- og Vesturbæ í vikunni.

- kóþ



**BARNAPÖSSUN** Aðgerðir Reykjavíkurborgar, sem og erfiðara atvinnuástand, hafa skilað því að auðveldara er að finna dagforeldra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu oft hafa Skagamenn orðið Íslandsmeistarar í knattspyrnu karla?
2. Hvenær var Seljavallalaug byggð?
3. Hvað heitir framleiðslufyrirtæki Sigurjóns Kjartanssonar?

SVÖR:

1. Átján sinnum 2. 1923 3. Idea Filmcompany

Forsætisráðherra Danmerkur um stjórnarmynstur eftir komandi þingkosningar:

# DF ekki á leiðinni í ríkisstjórn

**DANMÖRK** Lars Løkke Rasmussen, forsætisráherra Danmerkur, hefur hafnað alfarið vangaveltum um að Danski Þjóðarflokkurinn, DF, sé á leið inn í ríkisstjórn.

DF hefur staðið með hægristjórn Venstre og Íhaldsmanna síðustu ár og varið hana falli. Þingkosningar fara fram í haust í síðasta lagi.

„Ef mér fyndist sem DF ætti að vera með í stjórninni færi ég til kosninga til að mynda slíka stjórn,“ sagði Rasmussen.

„Mín ósk er hins vegar að núverandi stjórn haldi áfram og því fer ég til kosninga með það að sjónarmiði. Þess vegna er DF ekki á leið í stjórn.“

Pia Kjærsgaard, formaður DF, hefur áður ýjað að því að flokkur hennar fari í stjórn þegar honum sýnist svo, en nú hefur Rassmussen tekið af öll tvímæli. Lars Barfoed, formaður Íhaldsmanna, tekur undir þessi orð forsætisráðherra og segir of mikinn mun vera á grundvallarmálum flokkanna.

Kjærsgaard furðar sig á ummælum Rasmussens. „Ekkert er útilokað fyrr en talið hefur verið upp úr kjörkössunum,“ sagði hún. **- þj**



**NEITAR STJÓRN MEÐ DF** Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra hefur neitað því að til standi að mynda stjórn með Danska Þjóðarflokknum. NORDICPHOTOS/AFP

Kona á þrítugsaldri ákærð:

# Ók í vímu og laug um nafn

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir ítrekuð umferðalagabrot og síðan að hafa sagt rangt til nafns við skýrslutöku hjá lögreglu.

Konan var ítrekað tekin þar sem hún ók réttindalaus, að því er fram kemur í ákæru. Þá var hún tekin fyrir fíkniefnaakstur og greindist kókaín í þvagi hennar.

Loks er konan ákærð fyrir rangar sakargiftir með því að hafa gefið upp nafn og kennitölu annarrar konu og ritað nafn hennar undir lögregluskýrslu. **- jss**

Öll hótelrými uppbókuð:

# Fræðimenn í hverju rúmi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hvert hótelrými á höfuðborgarsvæðinu og víðar mun vera bókað helgina 25. til 27. ágúst, en þá verður í Reykjavík fjölmennasta alþjóðlega ráðstefna Íslandssögunnar.

Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands verður þá gestgjafi evrópskra stjórnmálafræðinga, og eru skráðir þátttakendur á þriðja þúsund talsins. Nokkrir gestir voru fullseinir að bóka sig og leita skipuleggjendur nú gistirýmis fyrir þá.

Erna Hauksdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, segir ekki óalgengt að hvert hótelherbergi sé upptekið í Reykjavík þegar ráðstefnur eru. **- kóþ**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Gaskútaþjófar á ferð

Gaskútaþjófar hafa verið á ferðinni á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga. Fjórum gaskútum var stolið í Reykjavík og Kópavogi á föstudag og laugardag. Lögregla beinir þeim tilmælum til eigenda gaskúta að gera ráðstafanir ef þeir mögulega geta, ekki síst þeir sem eru með gaskúta á fellihýsum sínum.

### Óboðinn gestur í sófa

Konu um sextugt brá illilega í brún þegar hún fór á fætur á heimili sínu í borginni í fyrramorgun. Á sófa í stofunni hennar svaf ókunnugur karlmaður og hringdi konan strax eftir aðstoð lögreglu. Hinn óboðni gestur, sem var ölvaður, var vakinn og hélt hann sína leið eftir að hafa náð áttum.

# Uppreisnarsveitir þrengja að Gaddafí

**Uppreisnarmenn í Líbíu eru brattir og segja aðeins fáeinar vikur þangað til stjórn Múammars Gaddafí falli. Þeir sækja nú að Trípolí bæði úr suðri og vestri. Bardagar í borginni Savíja um einu starfhæfu olíuhreinsistöð landsins.**

**LÍBÍA, AP** Hörð átök brutust út í gær milli uppreisnarmanna og liðsveita Múammars Gaddafí í borginni Savíja, þar sem þeir börðust um yfirráð einu starfhæfu olíuhreinsistöðvar landsins.

Savíja er skammt frá höfuðborginni Trípolí og sögðust uppreisnarmenn hafa náð að loka fyrir allt streymi olíu og gass til höfuðborgarinnar, þar sem Gaddafí hefst við ásamt helstu stuðningsmönnum sínum.

Á laugardaginn var tókst uppreisnarmönnum að komast inn í Savíja úr bækistöðvum sínum í fjallahéruðunum vestan til í landinu og hafa síðan smám saman fikrað sig lengra inn í borgina.

Þeir hafa veginn á milli Savíja og Trípolí á sínu valdi, og hafa því þrengt verulega að Gaddafí sem á nú erfitt með að fá bæði olíu, gas og aðrar nauðsynjar fluttar til höfuðborgarinnar.

Þeir herja nú að höfuðborginni bæði úr vestri og suðri auk þess sem hersveitir NATO ráða lögum og lofum á hafinu fyrir norðan Trípolí, sem er á strönd Miðjarðarhafsins.

Uppreisnarmenn ráða að mestu yfir austurhluta landsins og hafa stofnað bráðabirgðastjórn í borginni Bengasí, þar sem uppreisnin hófst fyrir fimm mánuðum.

Þeir eru vongóðir og segja aðeins fáeinar vikur í að Gaddafístjórnin falli. Leon Panetta, nýr varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segist einnig telja að dagar Gaddafís séu brátt taldir.

Gaddafí og liðsmönnum hans hefur engu að síður tekist að verjast falli mánuðum saman, mun lengur en bjartsýnustu raddir reiknuðu með þegar leiðtogar NATO-ríkjanna ákváðu að blanda sér í átökin seint í mars með loftárásum.

Átökin um olíuhreinstöðina í Savíja hófust á þriðjudag, en strax á laugardag – eftir að uppreisnarmenn réðust fyrst inn í borgina – hófust viðræður þeirra við hermenn Gaddafís, sem eru í olíuhreinsistöðinni til að verja hana.

Sumir þeirra gáfust upp á þriðjudag, flestir heimamenn í Savíja. Margir almennra starfsmanna stöðvarinnar fóru þaðan strax á fyrstu vikum borgarastríðsins, sem hófst um miðjan febrúar. **gudsteinn@frettabladid.is**



**BARIST Á GÖTUM SAVÍJA** Uppreisnarmaður forðar sér undan skotum frá leyniskyttu. NORDICPHOTOS/AFP


GILDIR FIMMTU- & FÖSTUDAG

48 TÍMA OFURTILBOÐ




TRISTAR

BL-4430 Blandari

Gerðu alla þína heilsudrykki, boost og próteinhristinga í þessum öfluga 500W stálblandara með glerkönnu. Malar ís léttilega. Hraðastillir. Auðveldur í þrifum og notkun. Áður kr. 10.490

Verð fimmtu- og föstudag kr.

5.245

50% AFSLÁTTUR

Rafha ehf.

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík

Sími 5880500 www.rafha.is



TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU:

Hreindýraveiði á Grænlandi

Veiðiréttur til 10 ára

í boði fyrir félag í veiðitengdri ferðaþjónustu

Caribou Greenland A/S er félag á gömlum grunni, en með nýjum fjárfestum, sem hefur umráð yfir 150.000 hektara (1.500 ferkílómetra) jarðnæði syðst á Grænlandi. Á svæðinu er m.a. hreindýrastofn á stærð við þann íslenska og margar góðar ár, fullar af bleikju.

Félagið hefur falið KONTAKT að finna öflugan aðila sem hefur áhuga, vit og fjárhagslega burði til að byggja upp veiðitengda ferðaþjónustu á svæðinu við hlið hreindýrabúskapar sem Caribou Greenland mun stunda. Áhugasamir hafi samband við Jens Ingólfsson eða Gunnar Svavarsson fyrir 26. ágúst í síma 414 1200.

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30, 4. hæð • Sími: 414 1200

Netfang: kontakt@kontakt.is • www.kontakt.is

globalM&A Iceland


Lotna hefur keypt lítinn hluta af Eyrarodda og tilboð hefur borist í afganginn:

# Eyraroddi að seljast í tvennu lagi

**SJÁVARÚTVEGUR** Útgerðarfyrirtækið Lotna hefur gengið frá kaupum á fiskvinnsluhúsi og beitningahúsi sem voru í eigu þrotabús Eyrarodda á Flateyri. Þar að auki hefur það leigt bátinn Stjána Ebba og allan þann kvóta sem honum fylgir fram að næsta fiskveiðiári sem reyndar hefst eftir um það bil hálfan mánuð.

Sigurður Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Lotnu, segir að kaupin og leigan kosti tugi milljóna. Hann segir enn fremur að ekki standi til að kaupa fiskvinnsluhúsið sem Byggðastofnun eigi veð í en eftir að Eyraroddi fór í þrot bauð Lotna í það hús en Byggðastofnun féllst ekki á kaupin. „Við höfum sniðið okkur stakk eftir vexti og ætlum bara að halda áfram með þá vinnslu sem við erum nú þegar með,“ segir hann. „Við höfum líka séð að reksturinn á öllum húsunum, sem Eyraroddi skilur eftir, er hreinlega of dýr.“

Greint var frá því á vestfirska fréttavefnum BB í gær að tilboð hefði borist í þær eignir sem eftir eru í þrotabúinu, sem er þó stærsti hlutinn. Þar segir að það muni vera frá fyrirtækinu Arctic Fish sem er að hluta í eigu erlenda aðila. Haft er eftir Friðbirni E. Garðarssyni skiptastjóra að samningaviðræður hafi gengið vel og niðurstöðu sé að vænta fljótlega. **- jse**



**SÁ GULI Í KARI** Aftur eygja Flateyringar von um að sá guli glæði atvinnulífið á staðnum.


DREKINN
Brakandi nýtt **Borgarleikhúsblað** komið út
Leikárið er hafið!
Kortasalan hefst í dag
Tryggðu þér áskrift í tíma
Áskriftarkort
4 sýningar að eigin vali
á 11.900 kr.
BETRA Í ÁSKRIFT
Í fyrra sló áskriftarsalan öll met.
Hringdu í síma **568 8000**, farðu á
**borgarleikhus.is** eða kíktu við í **miðasölu**
**Borgarleikhússins** við Listabraut.
Leikhús á bíóverði
fyrir ungt fólk.
Áskriftarkort á aðeins 6.500 kr.
fyrir 25 ára og yngri.
Borgarleikhúsið
HÓTEL

Seðlabankinn tilkynnir hækkun stýrivaxta

# Vextir hækkaðir til að slá á verðbólgu

**Peningastefnunefnd Seðlabankans kynnti í gær ákvörðun um 0,25 prósenta hækkun á stýrivöxtum og frekari hækkanir eru líklegar á næstu mánuðum. Seðlabankastjóri segir litla hættu á því að vaxtahækkunin stöðvi efnahagsbatann. Víða er óánægja með hækkunina sem virðist hafa komið markaðnum í opna skjöldu.**




**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans, kynntu vaxtaákvörðun peningastefnunefndarinnar og nýja þjóðhagsspá bankans í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að hækka vexti bankans um 0,25 prósentustig. Stýrivextir eru 4,5 prósent eftir hækkunina. Í yfirlýsingu nefndarinnar segir að hækkunin markist af því að verðbólguhorfur til næstu tveggja ára hafi versnað frá síðustu vaxtaákvörðun.

Í tilkynningunni segir: „Þróun undanfarinna mánaða hefur aukið hættu á að hærri verðbólguvæntingar og veikt gengi krónunnar festi of mikla verðbólgu í sessi, sérstaklega þegar efnahagsbatinn færist í aukana.“ Seðlabankinn telur því nauðsynlegt að sporna við aukinni verðbólgu og hugsanlegum þrýstingi á gengi krónunnar með þessari hækkun. Þá kunni aðstæðurnar að kalla á frekari hækkun vaxta, segir í tilkynningunni.

Líklegt má telja að hækkuninni verði fylgt eftir á næstu mánuðum sem gæti dregið úr umsvifum í hagkerfinu. Ákvörðun peningastefnunefndarinnar virðist hafa komið markaðsaðilum á óvart þar sem ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa hækkaði umtalsvert þegar ákvörðunin lá fyrir. Þá var henni illa tekið af aðilum vinnumarkaðarins og talsmönnum atvinnulífsins sem telja hana til þess fallna að draga úr efnahagsbatanum.

Seðlabankinn kynnti einnig uppfærða þjóðhagsspá í gær. Spáin bendir til aukins krafts í íslensku efnahagslífi en af þeirri ástæðu er lítil hætta talin á að hófleg vaxtahækkun stöðvi efnahagsbatann, að því er fram kemur í yfirlýsingunni.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði ákvörðunina ekki eiga að koma að öllu leyti á óvart á blaðamannafundi í gær. Hún væri í samræmi við fyrri yfirlýsingar peningastefnunefndarinnar, sagði Már. Þá sagði hann raunvexti hafa farið lækkandi á síðustu mánuðum, þeir yrðu áfram neikvæðir þrátt fyrir þessa hóflegu hækkun.

Verðbólga hefur hækkað hratt síðustu mánuði og er nú 5 prósent. Samkvæmt nýju þjóðhagsspánni mun hún halda áfram að hækka á næstu mánuðum og fara hæst í 6,8 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2012. Þá er því spáð að verðbólgumarkmið Seðlabankans, 2,5 prósent, náist aftur á seinni hluta árs 2013.

Hærri verðbólgu má rekja til nokkurra þátta. Má þar nefna að launahækkanir vegna nýgerðra kjarasamninga voru mun meiri en búist var við og raunar langtum meiri en samrýmist verðbólgumarkmiðinu. Þá hefur gengi krónunnar verið lægra en búist var við, markaðsverð húsnæðis hækkað talsvert að undanförnu auk þess sem alþjóðlegar verðhækkanir hafa verið nokkrar.

Í þjóðhagsspá Seðlabankans er spáð 2,8 prósenta hagvexti á þessu ári, 1,6 prósenta hagvexti á því næsta og loks 3,7 prósenta hagvexti árið 2013. Hagvaxtarhorfur fyrir þetta ár og árið 2013 hafa því batnað en spáð er minni hagvexti en áður á næsta ári. Aukin einkaneysla og kröftugri atvinnuvegafjárfesting eru helstu aflvakar bættra horfa á þessu ári. Fjárfesting í heild sinni er þó minni en spáð hafði verið. Þá gæti áframhaldandi titringur á erlendum fjármálamörkuðum haft neikvæð áhrif á íslenskan þjóðarbúskap.

Seðlabankinn spáir því að atvinnuleysi í ár verði 7,1 prósent samanborið við 7,7 prósent í spá sinni frá því í apríl. Skýrist munurinn af því að búist er við meiri hagvexti á árinu en áður. Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi haldist í og um 6 prósent á næsta ári fram á mitt ár 2013 en taki svo að lækka á ný þegar hagvöxtur tekur við sér 2013.

**2,8%** hagvexti er spáð á þessu ári en 1,6% á því næsta. Árið 2013 er gert ráð fyrir 3,7% hagvexti.

ÞJÓÐHAGSSPÁ SEÐLABANKANS



**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is




## Hörð viðbrögð við vaxtahækkuninni

**Ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans hefur vakið hörð viðbrögð frá aðilum vinnumarkaðarins og talsmönnum atvinnulífsins.**



■ Samtök atvinnulífsins kröfðust þess í tilkynningu að vaxtahækkunin yrði dregin til baka við næstu vaxtaákvörðun. Hækkunin gengi þvert á viðleitni til þess að auka fjárfestingar og hagvöxt í landinu og gerði það erfiðara að ná niður atvinnuleysi og bæta lífskjör almennings. **Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri SA, sagði hækkunina enn fremur vera óhuggulega, í samtali við Vísi.



■ Alþýðusambandið sagði ákvörðun peningastefnunefndarinnar óskiljanlega í tilkynningu á vefsíðu sinni. Hækkun vaxta við núverandi aðstæður yki vanda Íslendinga frekar en hitt þar sem vandamálið væri mikill slaki í hagkerfinu. Þá sagðist **Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ, vera orðlaus í samtali við Vísi.



■ Viðskiptaráð sagði ákvörðunina einnig vera óskiljanlega vegna aðstæðna í hagkerfinu á vefsíðu sinni. „Það getur ekki verið trúverðugleika seðlabanka nokkurs lands til framdráttar ef aðgerðir hans veikja og seinka efnahagsbata úr kreppuástandi. Vegna þess er óskiljanlegt að Seðlabankinn hafi talið nauðsynlegt að hækka stýrivexti,“ sagði **Finnur Oddsson**, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.



■ Samtök iðnaðarins tóku í sama streng og sögðu **Bjarni Már Gylfason**, hagfræðingur SI, ákvörðunina vera óskiljanlega. „Vissulega er verðbólgan nokkurt áhyggjuefni en stærsta vandamálið okkar er hversu veikt hagkerfið er. Þessi vaxtahækkun vinnur beinlínis gegn viðsnúningi í hagkerfinu,“ sagði Bjarni Már.

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




GRILLAÐ
GRILLBÓK VÖLLA SNÆ
1.998 KR

**KJÚKLINGABRINGUR**
NETTÓ
**2.098** kr/kg
áður 2.295 kr/kg

# GÓÐAR VÖRUR – **FRÁBÆRT VERÐ**!

**KJÚKLINGAVÆNGIR**
NETTÓ

**298** kr/kg
áður 349 kr/kg

**KJÚKLINGALEGGIR**

**698** kr/kg
áður 798 kr/kg

**HEILL KJÚKLINGUR**
OKKAR

**798** kr/kg
Frábært verð!

**GRÍSAPOTTRÉTTUR**
FERSKUR Í SVEPPASÓSU

24% afsláttur
**1.298** kr/kg
áður 1.698 kr/kg

**GRÍSAGRILLPINNAR**
FERSKIR

30% afsláttur
**769** kr/kg
áður 1.098 kr/kg

**SVÍNABÓGSSNEIÐAR**
FERSKAR

35% afsláttur
**779** kr/kg
áður 1.198 kr/kg

**JUSTIN BIEBER**


**1.998** kr/stk.
DVD mynd
**259** kr/pk.
Myndir

**CAPRI**
SÚKKULAÐIBITAR
2 TEGUNDIR


**199** kr/pk.
áður 249 kr/pk.

**CROISSANT**
MEÐ SÚKKULAÐI
BAKAÐ Á STAÐNUM
57% afsláttur

**98** kr/stk.
áður 229 kr/stk.
GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI*

**ICEBERG**
50% afsláttur

**99** kr/kg
áður 199 kr/kg

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 18. - 21. ágúst**
eða meðan birgðir endast

# neytendur
hagur heimilanna

**30%** **KÍLÓVERÐ Á SMJÖRI** hefur hækkað um 30 prósent frá því árið 2007, þegar það var 403 krónur. Verðið er 559 krónur í dag.

## GÓÐ HÚSRÁÐ fötin þurr í flýti



*Fljótleg leið til að þurrka þvott*

Ef þér liggur á að fá þurr föt geturðu prófað að setja hreint þykkt bómullarhandklæði með blauta þvottinum í þurrkarann. Þar sem handklæðið er þurrt dregur það í sig rakann og þvotturinn þornar fyrr. Ef magn þvottarins er mikið geturðu bætt við fleiri handklæðum.

■ **Verslun**

## Ófullnægjandi verðmerkingar í miðborginni

Verðmerkingar í sérverslunum í miðborg Reykjavíkur eru langt frá því sem telst viðunandi samkvæmt könnun Neytendastofu í júlí síðastliðnum. Farið var í 202 verslanir og reyndust 136 þeirra vera með verðmerkingar í ólagi eða 67 prósent.

Verðmerkingar í sýningargluggum voru almennt verri en inni í verslunum, að því er segir í frétt á vefsíðu Neytendastofu. Fatabúðir, skartgripaverslanir og verslanir sem selja íslenskt handverk komu verst út úr skoðun stofnunarinnar. Í sambærilegri skoðun í Kringlunni og Smáralind fyrir jól fengu 52 prósent verslana áminningu vegna verðmerkinga. Þeir sem fara ekki eftir ábendingum um úrbætur á verðmerkingum eru sektaðir. Neytendur geta komið ábendingum á framfæri á vefslóðinni www.neytendastofa.is.



■ **Matvæli**

## Einfalt að staðla þyngd á kjötvörum



Einfalt er að staðla þyngd á ýmsum kjötvörum, eins og niðursneiddu áleggi og pylsum, samkvæmt þeim upplýsingum sem Neytendasamtökin hafa aflað sér. Á vefsíðu samtakanna, www.ns.is, segir að þeim hafi borist efasemdir frá neytendum um að mögulegt væri að staðla þyngdina. Jafnframt bárust efasemdir um að um nákvæma vigtun væri að ræða. Neytendasamtökin benda á að Neytendastofa hafi eftirlit með að vogir vigti rétt.

Færst hefur í vöxt að kjötiðnaðarstöðvar staðli þyngd á vörum sínum í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlits um að óheimilt sé að forverðmerkja vörur.

■ **Verslun**

## Minni fataverslun en í fyrra




Minna var keypt af fötum á hefðbundnum sumarútsölum í júlí síðastliðnum heldur en í fyrra, samkvæmt fréttatilkynningu frá Rannsóknasetri verslunarinnar. Í tilkynningunni segir að þannig haldi áfram samdráttur í fataverslun sem staðið hafi síðastliðin ár. Fataverslunin dróst saman um 10,9 prósent í júlí miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og um 10,7 prósent á breytilegu verði á sama tímabili. Verð á fötum var 0,3 prósentum hærra en í sama mánuði fyrir ári.

Bent er á að eftir því sem næsti verði komist virðist breyting hafa orðið í fatainnkaupum þar sem ráðdeild og hagkvæmni neytenda ráði meiru en áður. Meðal þess sem fatakaupmenn merkja er að neytendur halda sig ekki endilega við þekkt vörumerki heldur kaupa þeir frekar þau merki sem eru ódýrari.

Velta skóverslunar jókst um 2,6 prósent í júlí á föstu verðlagi og um 3,7 prósent á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Verð á skóm hækkaði um 1,1 prósent frá júlí í fyrra.

Góðir fyrir bakið!
Veltikollar og hnakkstólar



Sitness
Kr. 39.900,-
Body Balance
Kr. 39.900,-
Bonanza
Kr. 65.900,-
svart leður
Topstar
Die Drehstuhlmarke
Made in Germany
Hirzlan
www.hirzlan.is
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

**NEYTANDINN:** MAGNÚS R. EINARSSON, ÚTVARPSMAÐUR OG TÓNLISTARMAÐUR

## *Keypti sérlundaða tölvu*



Magnús R. Einarsson hefur marga fjöruna sopið í tónlistarlífi Íslendinga og leikið með ekki ómerkari hljómsveitum en Brimkló, Ríó Tríói, Þokkabót og fleirum. „Ég var líka fenginn í Spilverk þjóðanna eftir að Egill Ólafsson fór, ég var svona Egilsígildi. Það var erfitt að fylla það skarð enda tókst það ekki,“ segir hann í gamansömum tón.

En Magnús hefur líka ýmislegt reynt í viðskiptum. Fréttablaðið fékk hann til að rekja bestu og verstu kaupin. Hann byrjar á óförunum. „Ég lét einu sinni glepjast af tölvuauglýsingu og fór því af stað og ætlaði að kaupa þessa tölvu. Þá kom í ljós að hún var ekki til svo ég varð að bíða og af þessu hlutust alls konar ónot. Þegar ég fékk hana loksins kom í ljós að hún var sérlunduð og ósamvinnuþýð svo við náðum aldrei saman. Kostaði hún þó 150 þúsund sem þóttu nú heldur betur peningar á þessum tíma, um 1995.

En ég hafði svo heppnina með mér þegar ég var að vinna á Nýja-Sjálandi en þá sagðist kollegi minn vera með fiðlu eina uppi á háalofti hjá sér. Hafði afi hans átt gripinn. Ég fór að líta á og sá strax að þetta var fín fiðla og þá spurði félaginn hvort ég vildi ekki kaupa hana. Ég kvaðst ekki vita hvað hann vildi fyrir hana en þá bauð hann mér hann gripinn á 20 dollara. Ég setti í hana nýja strengi og lagfærði hana lítillega en síðan seldi ég hana á … nei, heyrðu, það er best að fara ekkert út í það.“



**FALSAÐAR VÖRUR** „Viðskipti með falsaðan varning eru sú ólöglega starfsemi sem hvað mest hefur vaxið í heiminum á síðustu árum,“ segir Ásdís Kristmundsdóttir hjá Einkaleyfastofunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fölsuð lyf og leikföng eru hættulegar vörur

**Falsaður varningur snýst ekki bara um Gucci-töskur og Rolex-úr. Lyf sem almenningur kaupir til dæmis á netinu geta einnig verið fölsuð og þar með lífshættuleg. Það sama má segja um varahluti í til dæmis bíla og vélar. Þetta segir Ásdís Kristmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Einkaleyfastofunni.**

„Okkar tilgangur er að vekja fólk til umhugsunar um að falsaðar vörur geti víða verið. Þær eru almennt ódýrari en ekta varan og það getur verið freistandi að kaupa þær á erfiðum tímum en samtímis hættulegt. Sum fölsuð lyf eru lyfleysur eða innihalda eiturefni. Önnur innihalda virka lyfjaefnið en í of litlu eða of miklu magni,“ bendir Ásdís á.

Í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu í Hörpu í dag um hugverkarétt hefur verið opnuð vefsíðan www.falsanir.is. Á síðunni er bent á að í sumum tilfellum innihaldi fölsuð lyf götumálningu, gólflakk, koffín, amfetamín og morfín. Talið er að stór hluti þeirra lyfja sem seld eru í gegnum netið sé falsaður og bjóða mörg ólögleg netapótek upp á margar ólíkar tegundir lyfja, eins og til dæmis stinningarlyf, grenningarlyf, fúkkalyf, krabbameinslyf og lyf gegn kólesteróli.

Á vefsíðunni segir jafnframt að fjöldi alvarlegra tilfella komi árlega upp í Evrópu vegna neyslu, notkunar eða meðhöndlunar á fölsuðum varningi eins og til dæmis lyfjum, matvælum, snyrtivörum og leikföngum.

„Viðskipti með falsaðan varning eru sú ólöglega starfsemi sem hvað mest hefur vaxið í heiminum á síðustu árum. Þetta er neðanjarðarhagkerfi sem stjórnað er af skipulögðum glæpasamtökum. Þessi starfsemi er á heimsvísu talin vera orðin sambærileg við viðskipti með fíkniefni,“ segir Ásdís.

Hún segir bæði einstaklinga og fyrirtæki flytja inn falsaðan varning til Íslands. „Þetta er allt milli himins og jarðar. Snyrtivörur, lyf, fatnaður, skór, íhlutavörur í tölvur og símar svo eitthvað sé nefnt. Tollurinn er að verða meðvitaðri um hvaða vörur geti verið falsaðar og fargar þeim ef í ljós kemur að svo sé.“

Á alþjóðlegu ráðstefnunni í Hörpu í dag verður meðal annars fjallað um ólöglegt niðurhal kvikmynda og tónlistar sem og eftirlíkingar hönnunar.

Flugfarþegar á almennu farrými geta nú keypt sér hvíldarsæti á flugvöllum:

# Fá aðgang að betri stofum

Vegna fjármálakreppunnar hefur flugfarþegum sem ferðast á viðskiptafarrými fækkað hjá flugfélögum víða um heim. Þar með hefur heimsóknum í betri stofur á flugvöllum einnig fækkað.

Þess vegna hafa ýmis fyrirtæki komið upp betri stofum á flugvöllum sem venjulegir farþegar geta keypt aðgang að. Sumar betri stofur eru fyrir farþega ákveðinna flugfélaga en að öðrum hafa allir aðgang að.

Fyrirtækið No.1 Traveller, sem rekur betri stofur á Stansted, Gatwick og Heathrow í London, býður upp á meira en þægileg húsgögn og mat. Í nýrri risastórri betri stofu á Heathrow er sérstakur kvikmyndasalur þar sem sýndar eru breskar kvikmyndir. Þar verður einnig hægt að fara í nudd og klippingu. Aðgangur að framangreindum betri stofum kostar 2.800 til 4.700 krónur í hvert skipti.

Dvöl í betri stofunni reLAX á alþjóðaflugvellinum í Los Angeles í Bandaríkjunum kostar 1.700 krónur á klukkustund en 5.700 fyrir allan daginn. Allir flugfarþegar hafa aðgang að stofunni.

Á Kastrup-flugvellinum í Kaupmannahöfn var í júlí síðastliðnum opnuð betri stofa fyrir alla farþega. Aðgangurinn kostar 3.700 krónur.

Á Gardermoen í Ósló kostar aðgangur að betri stofu fyrir alla 5.300 krónur. - ibs



**Á GATWICK-FLUGVELLINUM** Aðgangur að betri stofunum þar kostar 20 pund.




## 20% afsláttur af Elizabeth Arden

í verslunum Hagkaups dagana 18. – 24. ágúst.
Green Tea, Eight Hour og Britney Spears.
Kynnum nýjan ilm í línunni, Green Tea Lavender.



### FERSKUR, FRJÁLS, SLAKANDI

Lokaðu augunum og leyfðu þér að fljóta á stað endalausrar bjartsýni, þar sem öldur Lavender vekja andann og svipta þér inn í heim vellíðunar.

Fæst í EDT 50 ml og Lavender Honey Drops 250 ml líkamskreminu.

*Komið og kynnið ykkur nýjungar frá Elizabeth Arden.*

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM Í DAG KL.11:00



**495** KR. 518 grömm

**CHEERIOS**
518 GRAMMA PAKKI



**675** KR. 690 grömm

**COCOA PUFFS**
690 GRAMMA PAKKI



**695** KR. 2 KG

**Hafragrautur er holl og góð fæða.**
Helstu hráefnin í hafragraut eru vatn og haframjöl. Helsti kostur **hafra** er hversu ríkir þeir eru af vatnsleysanlegum trefjum sem hafa heilnæm áhrif á líkamann. Haframjölið er meðal annars uppspretta flókinna kolvetna og trefja, auk ýmissa vítamína og steinefna. Haframjöl stuðlar að **lækkun blóðkólesteróls**, en hátt kólesteról í blóði er einn af áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.
*(heimild: Vísindavefur HÍ; Er hafragrautur hollur? / B.S.Gunnarsson)*

**OTA SOL GRYN**
2 KG. PAKKI



**359** KR. STK.

**MYLLU SKÚFFUKAKA**
380grömm með súkkulaðikremi



**259** KR. PK

**REYKT BRAUÐSKINKA**
254 GRÖMM- 14 SNEIÐAR

**159** KR. PK

**BÓNUS MALAKOFF**
154 GRÖMM- 10 SNEIÐAR

**398** KR. PK

**BÓNUS PEPPERONI**
153 GRÖMM- 40 SNEIÐAR



**259** KR. 1/2 KG

**SPELT BRAUÐ**
1/2 KG.

**198** KR. 4 STK

**FJÓRAR MJÚKAR KRINGLUR**

**198** KR. 1/2 KG

**BÓNUS ÞRIGGJAKORNA BRAUÐ**



**98** KR. 5 STK

**ÚRVALS FLATKÖKUR 5 STK**



**198** KR. 1 LTR

**98** KR. 330 ML

**TRÓPÍ 1 LTR.** **TRÓPÍ 33 CL.**

**ÓSMISSANDI ÞEGAR RÖKKVA TEKUR**





**1298** KR. KG

VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG.
**SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM**
300 KR. VERÐLÆKKUN



**998** KR. KG
22% LÆGRA VERÐ

VERÐ ÁÐUR 1279 KR.KG.
**SKÓLAOSTUR STÓRT STYKKI** 22% LÆGRA VERÐ

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL
OPNUM Í DAG KL.11:00
FRYSTI VARA
1995 KR.KG
FROSIN ÞÝSK KALKÚNABRINGA
659 4 FLÖSKUR
COKE 1.5 LTR X 4 FL ; 6 LTR.
1598 KR.KG
FERSKAR ÍSLANDSGRÍS GRÍSALUNDIR
985 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
98 KR. 1 LTR.
PEPSI 1 LTR.
FRYSTI VARA
1398 KR.KG
ÞÝSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
FRYSTI VARA
198 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBASVIÐ
595 KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
FERSKUR KJÖRFUGL
1995 KR.KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
189 KR. 2 LTR.
COKE 2 LTR.
FERSKUR KJÖRFUGL
695 KR.KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rök formanns Sjálfstæðisflokksins fyrir að draga aðildarumsókn til baka halda illa vatni.

# Þröngir hagsmunir

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í byrjun vikunnar að draga ætti umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu til baka. Yfirlýsingin var ekki nýmæli. Rökstuðningurinn var það hins vegar.

Í viðtali við Vísi sagði Bjarni að tvennt hefði breytzt frá því að sótt var um aðild að ESB, en sjálfur var hann einu sinni hlynntur umsókn. Annars vegar ættu Íslendingar nóg með sitt, meðal annars glímuna við að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Hins vegar væru evruríkin í kapphlaupi við tímann að bjarga forsendum samstarfsins og ESB að þróast í „sambandsríki þar sem hvert og eitt aðildarríki þarf að gefa eftir af sínu forræði á sviði ríkisfjármála“.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Um fyrri röksemdina er það að segja að flest ríki sem sótt hafa og samið um aðild að ESB hafa um leið verið upptekin af eigin vandamálum. Einhvern veginn hafa þau þó náð að sinna hvoru tveggja í einu. Oft hefur það markmið að verða aðildarríki sambandsins einmitt verið hvati til nauðsynlegra umbóta. Ef ríkisstjórnin væri til dæmis sammála innbyrðis um þetta markmið, mætti ætla að minni lausatök væru á ríkisfjármálunum.

Um seinni röksemdina má segja að hún sé ný útgáfa af þeim útjöskuðu rökum sem notuð hafa verið gegn því að sækja um aðild að ESB undanfarin tuttugu ár eða svo; að framtíð sambandsins sé í svo mikilli óvissu að ekki sé rétti tíminn til að sækja um aðild.

Evrópusambandið er hins vegar í stöðugri þróun. Í bráðum sextíu ára sögu þess hefur ýmislegt gengið á og samstarfið lent í alls konar uppnámi og kreppu. Árið 1992 sprakk til dæmis gengissamstarfið sem var undanfari evrunnar. Þá stóð ekki á spádómum um endalok ESB, að evran yrði aldrei að veruleika o.s.frv. Reyndin varð önnur. ESB-ríkin hafa að lokum jafnað ágreining og leyst úr vandamálum vegna þess sameiginlega mats að sameinuð séu þau sterkari en sundruð. Af sömu ástæðu hafa umsóknarríki ekki hlaupið upp til handa og fóta og slitið viðræðum. Þau hafa horft til langtímahagsmunanna af því að eiga aðild að þessu samstarfi.

Skrýtið er að heyra forystumenn Sjálfstæðisflokksins gagnrýna viðleitni ESB til að framfylgja þeim aga í ríkisfjármálum sem evruríkin undirgengust strax í upphafi og telja að hennar vegna eigi Ísland ekki heima í samstarfinu. Fyrir ríki sem hefur sitt á þurru í hagstjórninni, þar á meðal í ríkisfjármálum, er þessi agi ekki vandamál. Fyrir skussana er hann það hins vegar.

Talandi um „forræði á sviði ríkisfjármála“ má rifja upp að eftir að Ísland klúðraði eigin efnahagsmálum fengum við fjárhagsaðstoð frá vina- og nágrannaríkjum, sem settu það skilyrði að við sýndum aga og ábyrgð með því að fylgja áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, meðal annars í ríkisfjármálum. Þannig getur „forræðið“ farið fyrir lítið, jafnvel þótt ríki séu ekki í ESB.

Málflutningur formanns Sjálfstæðisflokksins bendir því miður til að þar sé ekki horft til langtímahagsmuna og „ískalds hagsmunamats“ fyrir Ísland, heldur í mesta lagi fram í nóvember og þá til mun þrengri hagsmuna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## Mjög gott eintak af Toyota Land Cruiser til sölu



Vel með farinn, 7 manna Toyota Land Cruiser til sölu. Leður áklæði, topplúga, krókur ofl. Þetta er einn með öllu.Árgerð 2005 - Ekinn 102.000 - Bensínbíll.

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afsagna að vænta?

Eitt af þeim verkefnum sem stjórnmálamenn töldu hvað mikilvægast í kjölfar hrunsins var að endurreisa traustið á þeim sjálfum og stjórnmálum almennt. Óhætt hlýtur að vera að fullyrða að það hefur ekki tekist. Skilmerkilegustu skoðanakannanir sýna að einungis 12,4 prósent aðspurðra telja að Alþingi standi vörð um hagsmuni almennings. Það er snautlega lág tala. Í mörgum fyrirtækjum væri það talin ástæða til mannabreytinga ef aðeins um það bil tíundi hver viðskiptavinur bæri traust til starfsmanna þess. Kannski stjórnmálamennirnir sjálfir standi í vegi fyrir endurreistu trausti á stjórnmálamenn.



### Gagnrýninn Guðlaugur Þór

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksinsm, hefur gagnrýnt Guðbjart Hannesson velferðarráðherra þar sem hann segir að færa þurfi þjónustu Landspítalans aftur til 2004. Guðlaugur vill nefndarfund um málið og því er ekki úr vegi að rýna í nokkrar tölur. Árið 2004 fékk Landspítalinn tæpa 24,8 milljarða króna á fjárlögum. Sú upphæð hafði vaxið í tæpa 33 milljarða árið 2011.



### Ráðherrann Guðlaugur Þór

Guðlaugur er forveri Guðbjarts í embætti, en hann var ráðherra heilbrigðismála 2007 til 2009. Á því árabili uxu fjárlög til spítalans um rúmlega 1,6 milljarða króna. Í þriggja ára ráðherratíð Guðlaugs fór spítalinn 5,1 milljarð króna fram úr fjárlögum, þar af 1,6 milljarða árið 2008, eina heila árið sem hann gegndi embættinu. Kannski ofvöxtur og umframkeyrsla síðustu ára sé hluti af vandamálinu, ekki bara hjá Landspítalanum heldur víða annars staðar?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Ein ferð í Bónus

Kjaramál



Árni Svanur Daníelsson

foreldri og prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir

foreldri og prestur

Dagurinn hefst eins og flestir virkir dagar á heimilinu. Upp úr sjö rumska yngstu börnin tvö, kanna hvort pabbi og mamma séu ekki örugglega á sínum stað og taka svo til við morgunverkin sín, vekja dúkkur og bangsa og púsla legókubbum.

Eftir að hafa klætt sig, borðað morgunmat og burstað hár og tennur er haldið af stað á leikskólann. Okkar leikskóli er steinsnar frá heimilinu og göngutúrinn er hressandi. Þegar inn er komið fer svo hver að sínu hólfi, hengir upp lopapeysu og buff, raðar skóm eða stígvélum.

Á leikskólanum líður dagurinn við leik og störf við hvers barns hæfi. Skipulagðar samverustundir eru inni og úti þar sem unnið er í stórum og smáum hópum. Félagsfærni og málþroski eru á dagskrá, hreyfing, hlutverkaleikir, söngur. Þetta er vinna leikskólabarnanna. Þau starfa undir styrkri leiðsögn allan daginn, allt þar til mamma og pabbi koma að sækja í lok dags.

Þessa dagana ræða leikskólakennarar og sveitarfélög um launakjör. Meðal annars er rætt um 11% leiðréttingu á launum leikskólakennara sem hafa undanfarin ár dregist aftur úr hliðstæðum stéttum. Til að mynda hafa leikskólakennarar um það bil 25% lægri laun en grunnskólakennarar. Stéttirnar hafa

> Ef við setjum prósentin ellefu í samhengi þá jafngilda þau um 15 þúsund króna hækkun á útborguð laun leikskólakennara, eftir skatta og launatengd gjöld. Það er varla ein ferð í Bónus.

þó hliðstæða menntun og bera sambærilega ábyrgð.

Ef við setjum prósentin ellefu í samhengi þá jafngilda þau um 15 þúsund króna hækkun á útborguð laun leikskólakennara, eftir skatta og launatengd gjöld. Það er varla ein ferð í Bónus.

Allir kennarar vinna mikilvægt starf. Fyrir það eiga þeir skilið þakklæti okkar, virðingu samfélagsins og sanngjörn laun. Leiðrétting á launum leikskólakennara er bæði mikilvæg og sjálfsögð. Við skorum á viðsemjendur leikskólakennara að mæta þeim af sanngirni og leiðrétta laun þeirra í samræmi við menntun, ábyrgð og laun viðmiðunarstétta þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Grikkland, Grikkland


Í DAG

Þorvaldur Gylfason
Prófessor




Kreppan í Grikklandi nú er ekki bankakreppa, heldur ríkisfjármálakreppa. Vandi Grikklands er að þessu leyti gerólíkur efnahagsvanda Íslands. Skoðum það eftir andartak, en fyrst þetta.

### Frá Afríku til Evrópu

Þegar ég kom fyrst til Grikklands fyrir 30 árum, blasti við mér land, sem var í aðra röndina eins og næsti bær við Afríku; ég var einmitt að koma þaðan. Aþena virtist þá gerólík öðrum Evrópuborgum okkar megin við járntjaldið, sem klauf Evrópu í tvennt. Þjóðartekjur á mann í Grikklandi voru þá fjórðungi lægri en hér heima, en meðalævi fólksins var jafnlöng á báðum stöðum og miklu lengri en í Afríku. Nýfætt barn í Grikklandi gat 1981 líkt og íslenzkur hvítvoðungur vænzt þess að ná 74 ára aldri. Sama ár, 1981, gekk Grikkland í Evrópusambandið (ESB).

Síðan þetta var hefur Grikkland tekið stakkaskiptum. Ef ESB gat hjálpað Írum við að rífa sig upp úr ævilangri fátækt og kennt Bretum að borða góðan mat, þá hlaut sambandið einnig að geta komið Grikkjum til að taka sig saman í andlitinu þrátt fyrir ýmis erfið heimatilbúin vandamál svo sem herforingjastjórnina 1967-1974. Þetta tókst, en þó ekki til fulls. Grikkland sker sig að sönnu ekki lengur úr hópi Evrópulanda. Landið ljómar þrátt fyrir þessa daga. Umferðin í Aþenu er nú léttari en áður þrátt fyrir stríða fólksflutninga úr sveit í borg. Neðanjarðarlest var tekin í notkun árið 2000 og hringvegur lagður umhverfis höfuðborgina, hvort tveggja með aðstoð frá ESB. Neðanjarðarlestir þekkjast víðast hvar í evrópskum höfuðborgum, en hvergi í Afríku nema í Kaíró, höfuðborg Egyptalands. Grikkir standa nú eftir hrun svo að segja jafnfætis Íslendingum í efnahagslegu tilliti, mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann 2010 samkvæmt nýjum upplýsingum Alþjóðabankans. Þeir hafa því næstum náð að jafna forskot okkar á þennan kvarða frá 1981. Við stöndum þó feti framar að því leyti, að meðalævin hefur lengzt meira hér heima. Nýfætt barn á Íslandi getur nú vænzt þess að ná 82 ára aldri á móti 80 árum í Grikklandi. Það gefur okkur tveggja ára forskot. Bæði löndin hafa þá sjaldgæfu sérstöðu, að þau laða til sín fleiri erlenda ferðamenn á hverju ári en nemur fólksfjölda.

> Grískir skattgreiðendur eiga nú þriggja kosta völ. Þeir geta hert ólarnar og staðið í skilum, samið um afskriftir við erlenda lánardrottna eða neitað að borga.

### Fjárhagsvandi Grikkja

Grískir bankar lentu ekki í neinum umtalsverðum vandræðum, þegar bankar víða um lönd léku á reiðiskjálfi 2007-2008 og sumir hrundu. Efnahagsvandi Grikklands nú stafar einkum af því, að ríkisstjórnin brást. Hún fegraði – nei, falsaði! – ríkisbókhaldið til að komast inn í evrusamstarf ESB, enda hafði innlenda myntin, drakman, ekki gefizt vel. Aðrar þjóðir ESB þóttust ekki taka eftir bókhaldsbrellunum til að tefja ekki framþróun sambandsins. Þetta var skyssa. Agaleysið í ríkisfjármálum Grikklands vatt upp á sig, þar til erlendir lánardrottnar misstu þolinmæðina. Samt er ekkert að Grikkjum. Þeir standa sig til dæmis býsna vel í útlöndum, þar sem stjórnmálamenningin heiman að þvælist ekki fyrir þeim.

Sameiginlegri mynt eins og evrunni þarf að réttu lagi að fylgja sameiginleg stjórn ríkisfjármála að hluta líkt og í Bandaríkjunum, svo að einstök lönd í vanda eigi aðgang að fyrirgreiðslu frá öðrum aðildarlöndum, þegar á móti blæs, en þó þannig, að öll löndin hafi hag af að halda fjármálum sínum í sæmilegu horfi. Þetta hefur ESB vanrækt. Grikkland gekk á lagið. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) leggur til, að erlendir lánardrottnar gríska ríkisins taki á sig talsverðar afskriftir líkt og erlendir lánardrottnar íslenzku bankanna þurftu að gera. ESB leggur heldur til, að grískir skattgreiðendur standi full skil á skuldum ríkissjóðs við útlönd. Á að reisa skjaldborg? Um hverja? Erlenda banka eða innlenda skattgreiðendur? Vandinn hljómar kunnuglega. Málið er enn óútkljáð.

### Hver sat um hvern?

Íslenzka bankakerfið hrundi 2008, aðallega vegna heimatilbúinna mistaka og misferlis eins og Rannsóknarnefnd Alþingis lýsir rækilega í skýrslu sinni í níu bindum. Kenningin um Ísland sem saklaust fórnarlamb erlends umsáturs á sér enga stoð í raunveruleikanum. Mér kemur í hug gömul saga af þýzku hóteli, sem brást við rýrnandi postulínsbirgðum eldhússins með því að láta brenna neðan á alla diska, bolla og undirskálar hússins: „Gestolen von Hotel Königshof“. Kannski færi ekki illa á að hengja upp marmaraplötu á viðeigandi stað til dæmis í Hörpu og víðar með svipaðri áletrun: „Genommen von Deutsche Bank“. Íslenzku bankarnir áttu þó ekki annarra kosta völ en að hlaupa frá skuldum sínum, enda var útilokað, að ríkissjóður hlypi undir bagga, svo risavaxnar voru skuldirnar. Grískir skattgreiðendur eiga nú þriggja kosta völ. Þeir geta hert ólarnar og staðið í skilum, samið um afskriftir við erlenda lánardrottna eða neitað að borga. Síðasti kosturinn gefst yfirleitt ekki vel, þar eð orðstír vanskilaþjóðar þarf langan tíma – áratugi – til að jafna sig.

AF NETINU

### Hljómar eins og geggjun

Efnahagsstefnan sem hér hefur verið rekin frá því eftir hrun er að lenda í ógöngum. Vaxtahækkun Seðlabankans er til marks um það. Að hækka vexti í hagkerfi þar sem umsvif eru í lágmarki hljómar eins og geggjun – alls staðar á Vesturlöndum eru vextir mjög lágir. En menn hafa ekki stjórn á verðbólgunni, þrátt fyrir hægaganginn í hagkerfinu og gjaldeyrishöftin.

Það tekst ekki að koma á hallalausum fjárlögum eins og gert hafði verið ráð fyrir í áætlun Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Við blasir meiri niðurskurður og meiri skattahækkanir.

Seðlabankinn vill kaupa krónur á yfirgengi, 210 krónum og býður ríkisskuldabréf, en viðtökurnar eru nánast engar. Bankinn vildi kaupa 72 milljónir evra á þessu gengi, en fékk 3 milljónir. Þetta sýnir að traustið er ekki mikið – er raunverulegt gengi krónunnar enn lægra en þetta?

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**

### Uppgefið leiguverð of lágt

Uppgefið leiguverð á íslenskum íbúðamarkaði er afar oft miklu lægra en raunverulegt leiguverð. Ástæðan er annars vegar glórulaus skattastefna ríkisins og hins vegar glórulaus viðmiðun leigubóta samhliða afnámi vaxtabóta ef eigendur húsnæðis búa ekki í eigin íbúð. Það er afar algengt að þinglýstir leigusamningar hljóði upp á fjárhæð sem dugi til þess að leigjandi fái greiddar fullar húsaleigubætur. Leigufjárhæðin sem er umfram þá fjárhæð er síðan greidd svört – eins og í gamla daga.

blog.eyjan.is/hallurm

**Hallur Magnússon**







# Gætu konur á Íslandi lagt mér lið?

Heilbrigðismál

**Auður Guðjónsdóttir**
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands



Á þingi Norðurlandaráðs sem haldið verður í nóvember nk. verður tekin til lokaafgreiðslu tillaga um mænuskaða, sem lögð var fram af Íslandsdeild Norðurlandaráðs 2010. Í stórum dráttum er efni tillögunnar að Norðurlandaráð setji á stofn starfshóp lækna og vísindamanna sem hafi það hlutverk að skoða norrænar og aðrar rannsóknir og meðferðir á mænuskaða og gera tillögur um úrbætur. Tillagan lætur ekki mikið yfir sér en hljóti hún samþykki og verði henni komið í framkvæmd mun verða lagður grunnur að hnitmiðaðri leit að lækningu á mænuskaða. Ástæða þess að Íslandsdeildin lagði tillöguna fram er sú að mjög erfiðlega gengur að þróa lækningameðferð við mænuskaða í samanburði við ýmis önnur vísindasvið. Um 1.000 einstaklingar hljóta árlega skaða á mænu vegna slysa á Norðurlöndum og er aðalmeðferð þess fólks endurhæfing til sjálfsbjargar í hjólastól.

Mænuskaði er eitt erfiðasta viðfangsefni læknavísindanna. Hann skilur eftir sig innri og ytri lömun s.s. á skrokki og útlimum, lungum, þvagblöðru, ristli og kynfærum með tilheyrandi lífstíðarvandamálum. Hjólastóllinn er minnsta málið.

### Hjálp til læknavísindanna er hjálp til alls mannkyns

Eins og ýmsum er kunnugt þá lenti ein dætra minna í bílslysi og lamaðist. Síðan þá hef ég fylgst afar vel með því hvað gert er á alþjóðlegu vísindasviði mænuskaðans. Þess vegna er það trú mín að sú grunnþekking sem þarf til að breyta meðferð á mænuskaða í átt til lækningar, gæti nú þegar verið til staðar. Mikið vannýtt hugvit og mikil vannýtt vísindaþekking er þarna úti. Vitið og þekkingin liggur um víða veröld og því þarf að safna saman á einn stað svo mögulegt verði að skoða heildarmyndina af þess til bæru fólki. Einmitt það, að skoða heildarmyndina og að velta fyrir sér hvort mögulegt sé að móta lækningastefnu fyrir mænuskaða sem byggir á þeirri þekkingu sem nú þegar er til staðar, er hugsað sem hlutverk norræna starfshópsins, komist hann á legg. Slík skoðun myndi ekki einungis leiða til framfara í meðferð við mænuskaða heldur einnig í öllu taugakerfinu. Undanfarin ár hefur Mænuskaðastofnun Íslands safnað upplýsingum um hvers konar tilraunameðferðir eru gerðar á fólki sem hlotið hefur mænuskaða, hvar og af hverjum. Þær upplýsingar munu verða lagðar fram gangi allt eftir.

> Vitið og þekkingin liggur um víða veröld og því þarf að safna saman á einn stað svo mögulegt verði að skoða heildarmyndina af þess til bæru fólki.

### Samtakamáttur kvenna á Íslandi

Eins og dæmin sanna hafa konur á Íslandi löngum nýtt samtakamátt sinn til góðra verka. Þess vegna leyfi ég mér nú að leita til ykkar konur og bið ykkur að fylgja mér í lokaleiðangur minn við að reyna að hreyfa við heiminum fyrir mænuskaðann. Ég er orðin vegamóð og þarfnast allrar hjálpar sem mögulegt er svo takast megi að gera veröldinni þann greiða sem hún þarf svo sárlega á að halda. Því bið ég ykkur að setja nöfn ykkar og kennitölur á undirskriftalista á heimasíðunni http://is.isci.is og hvetja aðrar konur 16 ára og eldri til hins sama. Samtakamáttinn á að nota til að vekja athygli norrænna fjölmiðla, almennings og ráðamanna á Norðurlöndum á mænuskaðatillögunni og á nauðsyn þess að hún verði samþykkt og henni komið í framkvæmd. Allt er þetta í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar Íslands, sem samþykkti á vordögum að Ísland skyldi ýta úr vör alþjóðlegri vitundarvakningu á mænuskaða.

Í öllum löndum heims býr fólk sem hlotið hefur skaða á mænu og lamast. Í dag búa á Íslandi 123.712 konur 16 ára og eldri. Með nöfnum okkar og samtakamætti getum við lagt lið milljónum manna um allan heim, um alla framtíð, mannkyni til heilla og skrifað í leiðinni nafn lands okkar og þjóðar á spjöld sögunnar af góðum verkum.

audur@isci.is

# Um frelsi og gæði ákvarðana

Lýðræði

**Ögmundur Jónasson**
innanríkisráðherra



Þröstur Ólafsson birtir þriðjudaginn 9. ágúst aðra grein sína á skömmum tíma í Fréttablaðinu þar sem undirritaður kemur nokkuð við sögu. Síðari greinin heitir Ögmundur á ystu nöf. Þessi titill hefur tvíræða merkingu, sennilega að yfirveguðu ráði höfundar. Annars vegar má skilja að téður einstaklingur sé kominn á ystu nöf í málflutningi sínum og hins vegar að hann sé fulltrúi sjónarmiða sem heyri til útkanti stjórnmálaumræðunnar: „ysta vinstrisins“ eins og það heitir í orðabók Þrastar Ólafssonar.

Þetta er í sjálfu sér verðugt tilefni umræðu, hvað er yst og hvað er innst í stjórnmálum, hvað er útkantur og hvað er miðja og í framhaldinu er stutt í að spurt sé um meðalhóf annars vegar og öfgar hins vegar. Þeir sem vilja kenna sig við hófsemi kappkosta jú að sýna fram á að þeir standi í engu úti á kanti, það geri aðrir. Sjálfir séu þeir fulltrúar hófsemdar og heilbrigðrar skynsemi. Þessi hugsun leiðir hæglega til sjálfumglaðrar fordæmingar á þeim sem ekki eru tilbúnir að fylgja straumnum í skoðunum sínum.

### Áhugaverðar vangaveltur

Sitthvað annað tel ég vanhugsað hjá Þresti svo sem staðhæfingar hans um að „ysta vinstrið“ og frjálshyggjumenn komist að sömu niðurstöðu um samspil einstaklings og samfélags þótt þeir leggi upp með mismunandi forsendur. Þetta er engu að síður áhugaverð umræða og þá ekki síður vangaveltur Þrastar um lýðræði. Hann segir m.a. og vitnar í sín fyrri skrif: „Í grein minni birti ég efnislega tilvitnun í Ögmund, þar sem hann sagði að það væru ekki ákvarðanirnar sjálfar hjá ESB sem hann setti sig upp á móti, heldur það, að við Íslendingar tækjum ekki þessar ákvarðanir.“

Nú er það ekki alveg rétt hjá Þresti að ég hafi ekki gagnrýnt ákvarðanir um stefnumörkun á vettvangi ESB. Því það hef ég gert. Og það er líka rangt hjá honum að ESB hafi „enga efnahagsstefnu“ eins og hann fullyrðir. ESB-reglur um póst og síma og skipan raforkumála; hvað leyfilegt er í landbúnaði og sjávarútvegi eða í húsnæðismálum svo dæmi séu tekin, eru að sjálfsögðu hluti af efnahagsstefnu.

### Aðferð eða niðurstaða?

Hitt er svo rétt hjá Þresti að ég tel lýðræði ofar öllu snúast um aðferð en ekki niðurstöðu. Lýðræði fjallar einmitt um það hvernig ákvarðanir eru teknar og hver tekur þær. Lýðræðissinnar færa ekki rök fyrir máli sínu með því að vitna í tíu bestu ákvarðanir í heimi til að sanna að lýðræði sé besta aðferðin. Alls ekki. En Þröstur snertir þarna grundvallaratriði í stjórnmálaumræðunni, togstreituna á milli þeirra sem horfa á rétt einstaklinganna til ákvarðanatöku um eigið líf og samfélag og svo hinna sem nálgast málið með hliðsjón af útkomu: Gæðum ákvarðana.

Lengi hefur það sem kalla má gæðahyggja verið sterkur undirtónn í okkar samevrópsku stjórnmálahefð. Verkaskipting Platós í Ríkinu, áhersla upplýsingarinnar og margra byltingarmanna í frönsku stjórnarbyltingunni, svo tiplað sé á kunnum dæmum úr stjórnmálasögunni, hníga öll í sömu átt: Að finna fólkið og fyrirkomulagið sem tryggir bestu mögulega útkomu.

Frakkar hafa gengið einna lengst í þessa átt með áherslu á menntun stjórnandans: Sá einn sem lærði til stjórnunar í opinberri stjórnsýslu væri fær um að sinna því verki. Gæðahyggjan átti að tryggja að hæfasta fólkið yrði ávallt ráðið í öll störf. Það eitt og sér myndi tryggja aukin gæði í stjórn samfélagsins, réttlátari skiptingu auðsins (hæfasta fólkið fengi einatt hæst launuðu störfin) og gæði ákvarðana yrði stöðugt meiri. Þetta myndi einnig tryggja aukinn félagslegan hreyfanleika og nýtt réttlæti tæki völdin: Réttlæti gæðanna. Þannig yrðu þeir sem fengju mesta efnislega umbun hennar verðugir og hinir sem neðstir væru efnalega nytu einnig blessunar réttlætisgyðjunnar. Allir væru þar sem þeir ættu skilið að vera í hinni rökföstu veröld gæðahyggjunnar. Þetta hefur leitt það af sér í hugum gæðahyggjumanna á félagshyggjuvæng stjórnmálanna að áherslan hefur verið á jöfnun tækifæranna og þar með jafnræði í stað jöfnuðar eins og sósíalistar og sósíaldemókratar fyrri tíðar lögðu margir áherslu á.

> Þess vegna er hárrétt hjá Þresti að í baráttu fyrir lýðræðisþjóðfélagið þykir mér mikilvægara að horfa til þess hver taki ákvörðun en hver ákvörðunin er.

Sömu sögu er síðan að segja um viðfangsefni lýðræðisins, og þá einkum hvað hinn almenni kjósandi megi taka ákvörðun um milliliðalaust og hvenær eigi að fela sérvöldum hópi að taka ákvarðanir fyrir hans hönd. Líkleg útkoma eigi hér að ráða för. Þannig heyrast oft varnaðarorð gegn því að heimila almenna beina kosningu um skatta- og fjármálatengd atriði svo og milliríkjasamninga. Þar kemur fram ótti um að niðurstaðan verði ekki góð eða rétt.

### Gæðahyggja og frjálshyggja

Frjálshyggjumenn eru margir hallir undir það sama, það er að segja platónska elítustjórn. Þannig er sýn gæðahyggjumanna og frjálshyggjumanna á einstaklinginn iðulega áþekk. Hlutverk gæðahyggjusamfélagsins er að finna „hæfustu einstaklingana“ í öll störf og á alla staði og á sama hátt vilja frjálshyggjumenn auka auðinn í samfélaginu með því að leyfa hinum villtu, frýsandi og gráðugu gæðingum viðskiptalífsins að fá að njóta taumlauss frelsis til að við hin getum notið afganganna af gnægtaborði þeirra. Hlutverk hinna viti bornu stjórnmálamanna sé að skapa umgjörð um þennan veruleika.

Mín afstaða til einstaklingsins og til ákvarðanatöku í samfélaginu er sú að öll störf séu mikilvæg og ekkert okkar geti án hins verið og þess vegna skuli misræmi í kjörum vera í lágmarki. Og hvað lýðræðið varðar þá lít ég svo á að opið lýðræðisþjóðfélag verði að byggja á þeim skilningi að hin rétta ákvörðun sé hin lýðræðislega ákvörðun. Hvert og eitt okkar hefur síðan að sjálfsögðu á því skoðun hvort hún hafi verið góð og skynsamleg!

Þetta hangir saman við þá afstöðu mína að það sé einmitt aðferðin við ákvarðanatöku en ekki ákvörðunin ein og sér sem skipti sköpum um velferð og framfarir.

Dómur reynslunnar er sá að forsjá hinna meintu fullkomnu kerfa og hinna einvalda sérfræðinga hefur ekki skilað okkur þeim gæðum sem að var stefnt. Félagslegur hreyfanleiki hefur víðast hvar minnkað og frelsi athafnamanna hefur leitt til taumlausrar auðsöfnunar en lítið varð eftir handa öðrum nema sápukúlur sem nú springa ein af annarri.

### Lýðræði er aðferð en ekki niðurstaða

Það er afar vandasamt og varla gerlegt að leggja hlutlægt mat á gæði ákvörðunar. Þar spila inn í hagsmunir, framtíðarspár, stjórnmálaskoðanir og svo framvegis. Það er hins vegar hægt að leiða rök að því að ákvörðun sem tekin er af stórum hópi fólks, sem lýtur að hagsmunum heildarinnar, sé síður skekkt af sérhagsmunum og njóti þess sem kallað hefur verið viska fjöldans. Lýðræðislegt ákvarðanaferli er þess vegna líklegra til að leiða til vandaðri og betur ígrundaðri niðurstöðu en þröngt ákvörðunarferli gerir og kemur þar margt til, ekki síst opnari umræða. Svo má einnig halda því fram að verkfræðileg gæði ákvörðunar séu ekki aðalatriðið, heldur sú staðreynd að mikilvægustu gæði hverrar ákvörðunar sé að hún skapi sátt. Sátt samfélag er sterkt samfélag en sátt er líklegri til að skapast ef allir hafa átt þess kost að koma beint að ákvarðanatöku. Um það snýst lýðræðið.

Þess vegna er hárrétt hjá Þresti að í baráttu fyrir lýðræðisþjóðfélagið þykir mér mikilvægara að horfa til þess hver taki ákvörðun en hver ákvörðunin er. Það er síðan allt annar handleggur hvernig ég og aðrir beitum okkur í baráttu fyrir því að teknar verði þær ákvarðanir sem við – hvert og eitt – teljum vera bestar.

Krafa um aukið lýðræði er sem betur fer að komast á dagskrá og þykir mér þakkarvert að Þröstur Ólafsson skuli efna til umræðu um málefnið.

# Vorum að fá sendingu af sófum og sófasettum



**KAK 1281 Tungusófi í leðri 529.000,- nú 423.200,-**
**Litir: svart og kastaníubrúnt**
**Stærð: 282 x103 x173 cm**



KAK 1365 3+1+1 í leðri 529.800,- nú 423.840,-
Litir: Svart, hvítt og grátt
Stærðir: 3ja sæta sófi 205 x 91 cm Stóll 95 x 91 cm



KAK 1365 Tungusófi í leðri 429.000,- nú 343.200,-
Litir: Svart, hvítt, grátt og brúnt
Stærð: 295 x 91 x 163 cm



KAK 1166 Hornsófi í leðri 710.000,- nú 568.000,-
Litur: Dökkgrátt
Stærð: 265 x 260 x 75/97 cm



KAK 015
4+3 í leðri 1.129.000,- nú 903.200,- Litur: Svartur
4+3 í áklæði 739.000,- nú 591.200,- Litur: Grátt



HTL 1996 Tungusófi í leðri 398.000,- nú 318.400,-
Litir: Svart, hvítt og brúnt
Stærð: 260 x 160 x 99 cm



HTL 2335 Tungusófi í leðri 455.000,- nú 364.000,-
Litir: svart, hvítt og brúnt
Stærð: 260 x 165 x 100 cm

**20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

HEIMA HÚSIÐ

**Opið virka daga 10-18**
**laugardaga 11-16**

Ondrugi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is




acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900


ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM
FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00
Út ágúst fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3% lántökugjaldi og 295kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ
VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
GLÆSILEGAR
VERSLANIR
Í REYKJAVÍK OG
Á AKUREYRI
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
TÖLVUTEK
Undirhlíð 2 Akureyri

# Allt sem börn þurfa að vita læra þau í leikskóla

Kjaramál

Björg Sigurvinsdóttir
leikskólastjóri

Flest það sem börn þurfa virkilega að vita um lífið og tilveruna, hvernig þau eiga að hegða sér, hvað þau eiga að gera, læra þau í leikskóla. Þau læra um lýðræðisleg gildi og kærleikann, að taka tillit til annarra, bera umhyggju fyrir öðrum, meiða ekki annað fólk, lifa í jafnvægi og leggja sig eftir góðan hádegismat. Börn læra að leika sér saman á sanngjarnan hátt, deila með sér og biðja fyrirgefningar þegar þau særa aðra. Börn læra að skila hlutum á sinn stað, laga til eftir sig og taka ekki það sem aðrir eiga. Börn læra að tala, teikna, mála, syngja og hreyfa/dansa í gegnum leik og vinnu á skapandi hátt á hverjum degi. Börn læra að þegar þau fara út í heiminn þurfa þau að muna eftir því að gæta sín á bílunum, leiða og halda hópinn. Síðast en ekki síst að taka eftir öllum frábæru undrunarefnunum í kringum sig.

Hugsið ykkur hve miklu betri heimurinn væri ef við myndum öll hafa þá reglu í öllum þjóðfélögum að bera umhyggju hvert fyrir öðru og hafa lýðræðisleg vinnubrögð að leiðarljósi. Skila öllu á sinn stað og laga til eftir okkur. Borða hollan og góðan mat og leggja okkur svo með hlý teppi um stund. Satt að segja er alveg sama á hvaða aldri við erum, ef við förum út í heiminn er best að haldast í hendur og standa saman.

Í spjallinu hér að framan er stuðst við Robert Fulghum sem staðhæfir að það frábæra veganesti sem hann fékk út í lífið, hafi hann fengið í leikskóla. Til þess að slík skilyrði skapist og nái að blómstra og dafna verður að beina kastljósinu að leikskólakennurum, lykilfólkinu í leikskólastarfinu. Leikskólakennurum er vel ljós sú ábyrgð sem þeir hafa lagt á sínar herðar með vali á starfsvettvangi. Þeir eru boðnir og búnir til að styðja og leiða börnin á þroskabraut sinni, þeir gefa mikið af sér og sýna börnum mikla alúð og virðingu. Leikskólakennarar gera sér grein fyrir að kennsla ungra barna getur verið krefjandi og flókin, en jafnframt gefandi, fjölbreytt og skemmtileg.

> Leikskólakennurum er vel ljós sú ábyrgð sem þeir hafa lagt á sínar herðar með vali á starfsvettvangi.

Þegar þetta er skrifað blasir við verkfall leikskólakennara, ef ekki verður búið að semja við þá fyrir boðað verkfall 22. ágúst. Styðjum leikskólakennara og stöndum öll saman með þeim í sanngjarnri kjarabaráttu.

# Óþolsaðferðin gegn bulli

Stjórnmál

Guðmundur Jón Guðmundsson
kennari

Þann 16. ágúst sl. birtist í Fréttablaðinu grein eftir fjármálaráðherra þar sem hann svarar skrifum Þorsteins Pálssonar í helgarblaði Fréttablaðsins þar á undan. Ekki verða skrif Þorsteins eða svar ráðherra við þeim gerð að umræðuefni hér heldur var það ákveðin setning í grein ráðherra sem sló mig. Eftir stuttan inngang segir ráðherrann að skrif Þorsteins hafi verið með þeim hætti að: „... ekki verði látið ómótmælt. Hér skal það gert og er til marks um að skrif hans eru almennt svaraverð sem er meira en segja má um ýmsa aðra.“

Ég er áreiðanlega ekki einn um það að hafa ofboðið hvernig ríkisstjórnin hefur látið pólitíska pörupilta komast upp með að afbaka og úthrópa nær allar gerðir sínar án þess að svara fyrir sig. Óhróður, lygar og afbakanir eru vissulega hvimleiðar en menn ættu að hafa það í huga að sé slíkt endurtekið nógu oft án andsvara fara einfaldar sálir að trúa þeim. Hér skal þó tekið fram að ekki eru allir ráðherrar undir sömu sökina seldir hvað þetta varðar. Framganga Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra hefur verið til fyrirmyndar í ýmsum málum, t.d. hvað varðar rofið á hringveginum og upphlaup framkvæmdastjóra samtaka ferðaþjónustunnar í því sambandi sem virðist nú reyndar hafa átt sér flokkspólitískar rætur en ekki mótast af hagsmunum greinarinnar.

Svipaða sögu má segja um moldviðrið kringum fangelsismálin eða veggjöldin. Einnig er rétt að benda á framgöngu aðstoðarmanns menntamálaráðherra varðandi málefni Kvikmyndaskóla Íslands en hann einfaldlega mætti í viðtal í útvarpi og útskýrði á málefnalegan hátt fyrir áheyrendum um hvað málið snerist. ... fínt hjá honum. Ýmislegt fleira mætti einnig tína til þó það verði ekki gert hér.

> Sá ágæti ráðherra sem þarna hefði þurft að vera til andsvara er hins vegar upp um alla veggi ...

Um suma aðra ráðherra verður því miður ekki það sama sagt. Til dæmis kemst framkvæmdastjóri LÍÚ upp með það að mæta í gjallarhorn sitt, RÚV, við eigum víst ekkert Ríkisútvarp lengur, og hella lygum og atvinnurógi yfir strandveiðimenn. Ekki heyrðist múkk frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða blaðafulltrúa hans heldur þurfti kona sem mælti fyrir hönd fiskvinnslustöðva að skrifa grein til að bera blak af strandveiðimönnum og leiðrétta rangfærslurnar. Sá ágæti ráðherra sem þarna hefði þurft að vera til andsvara er hins vegar upp um alla veggi þegar fáfengi á borð við hvalveiðar ber á góma að maður tali nú ekki um blessað lambakjötið.

Það er afskaplega skiljanlegt að fjármálaráðherra finnist það ógeðfellt að standa daginn út og daginn inn í því að svara þeim útúrsnúningi og rangfærslum sem dynja á ríkisstjórninni en því miður er það bara ekki inni í myndinni að yppta öxlum og segja: „Þetta er ekki svaravert.“ Því eins og áður sagði þá holar dropinn steininn. Að grípa ekki til gagnaðgerða og svara bullinu með málefnalegum hætti getur haft ófyrirsjáanlegar pólitískar afleiðingar. Ríkisstjórnin verður einfaldlega að hysja upp um sig og taka upp óþolsaðferðina í þessum efnum og nýta til hins ýtrasta þá upplýsingafulltrúa sem starfa í ráðuneytunum svo og aðstoðarmenn ráðherra. Næst þegar einhver veður uppi með þvætting í fréttatíma ljósvakamiðla eða í dagblaði þá sé upplýsingafulltrúi viðkomandi ráðuneytis eða ráðherrann sjálfur mættur í næsta fréttatíma eða tölublað og svari ávirðingunum fullum hálsi.

Að lokum tvær spurningar. Getur einhver upplýst mig um hver sé forsætisráðherra á Íslandi og hvar sú manneskja heldur sig?



EFTIRTALDIR LEIKSKÓLAR ERU INNAN SAMTAKA SJÁLFSTÆÐRA SKÓLA:

Askja, Hjallastefnan - Reykjavík
Barnaheimilið Ós - Reykjavík
Fossakot - Reykjavík
Korpukot - Reykjavík
Laufásborg, Hjallastefnan - Reykjavík
Leikgarður - Reykjavík
Leikskólinn 101 - Reykjavík
Lundur - Reykjavík
Mánagarður - Reykjavík
Regnboginn - Reykjavík
Skerjagarður - Reykjavík
Sólgarður - Reykjavík
Sælukot - Reykjavík
Ungbarnaleikskólinn Ársól - Reykjavík
Vinagarður / KFUM og K - Reykjavík
Vinaminni - Reykjavík
Waldorfskólinn Sólstafir/Höfn - Reykjavík

TILKYNNING

BOÐAÐ VERKFALL FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA TEKUR EKKI TIL SJÁLFSTÆTT STARFANDI LEIKSKÓLA.

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru ekki aðilar að samningum Félags leikskólakennara og sveitarfélaganna.

Starfsfólk hjá sjálfstætt starfandi leikskólum mun því ekki leggja niður störf komi til verkfalls.

Störf leikskólafólks eru afar mikilvæg og ber að launa samkvæmt því. Samtök sjálfstætt starfandi skóla óska þess að Félag leikskólakennara og sveitarfélögin nái farsælli lausn fyrir alla aðila og senda hlýjar kveðjur.

Stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla

Akur, Hjallastefnan - Reykjanesbær
Ásar, Hjallastefnan - Garðabær
Bjarmi - Hafnarfjörður
Gefnarborg - Garður
Gimli, Hjallastefnan - Reykjanesbær
Heilsuleikskólinn Háaleiti - Reykjanesbær
Heilsuleikskólinn Hamravellir - Hafnarfjörður
Heilsuleikskólinn Kór - Kópavogur
Heilsuleikskólinn Krókur - Grindavík
Hjalli, Hjallastefnan - Hafnarfjörður
Hlíðaból - Akureyri
Hólmasól, Hjallastefnan - Akureyri
Hraunborg, Hjallastefnan - Borgarnes
Leikskólinn Kjarrið - Kópavogur
Litli Hjalli, Hjallastefnan - Hafnarfjörður
Litlu Ásar, Hjallastefnan - Garðabær
Sjáland - Garðabær
Undraland - Kópavogur
Völlur, Hjallastefnan - Reykjanesbær
Waldorfleikskólinn Ylur - Kópavogur

samtök sjálfstæðra skóla

# SKEMMTILEGAR SAMVERUSTUNDIR Í ELDHÚSINU Í HAUST

NÝTT Disney




VERÐ
3.999
krónur

## Ný matreiðslubók frá Disney!

**Gómsætar uppskriftir**

- Holl matarbrauð
- Bragðgóðir brauðréttir
- Ljúffengar múffur
- Klassískar kökur
- Litríkar tertur
- Ævintýralegar afmælistertur.

Safnaðu öllum Disney matreiðslubókunum frá byrjun.

©Disney

## Tvær glænýjar fjölskyldumyndir í Eymundsson!




TILBOÐ
2.499 kr.
Fullt verð 2.899 kr.

**RANGO**
Frábær teiknimynd sem kemur á óvart. Myndin er gríðarlega vel teiknuð, fyndin og skemmtileg. Johnny Depp leikles fyrir Rango, aðalsöguhetjuna og fer á kostum eins og honum er einum lagið.

**NEVER SAY NEVER - Justin Bieber**
Saga tónlistarmannsins Justin Bieber frá því að hann var ungur götulistamaður þangað til hann er orðin alþjóðleg stór-stjarna. Myndin segir frá ótrúlegri ferð hans upp á stjörnuhimininn.




TILBOÐ
2.499 kr.
Fullt verð 2.899 kr.

Tilboð gilda til og með 14.09.11

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is

SPARAÐU MEÐ EURO SHOPPER
SPARAÐU Í BÓNUS




VANILLU ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
498 KR. 8 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 60 ML
398 KR. 12 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
298 KR. 3 STK.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

# Langtímaleigumarkaður á viðráðanlegu verði

Leigumarkaður

Hilmar Ögmundsson
hagfræðingur BSRB



Undanfarna daga hafa húsnæðismál Íslendinga verið nokkuð í umræðunni og þá sérstaklega málefni leigjenda. Af því tilefni vill BSRB ítreka tillögur sem bandalagið hefur áður lagt fram og miða að því að efla almennan markað með langtímaleiguíbúðum.

Mikil eftirspurn er eftir leiguhúsnæði og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem framboð á leiguhúsnæði er takmarkað, markaðurinn mjög óskipulagður og leiguverð mjög hátt.

BSRB fagnar því að Íbúðalánasjóður ætli á næstu 12 mánuðum að bjóða 130 íbúðir sem eru í eigu sjóðsins til leigu en bendir jafnframt á að mun víðtækari aðgerða er þörf. Með aðgerðunum ætla Velferðarráðuneyti og Íbúðalánasjóður að leggja sitt af mörkum til að mæta hinni miklu eftirspurn eftir leiguíbúðum og um leið stuðla að lækkuðu leiguverði. Hins vegar þykir ljóst að 130 íbúðir leysa lítinn hluta vandans og munu hafa mjög takmörkuð áhrif á almennt leiguverð.

BSRB hefur undanfarið unnið að því að koma tillögum sínum um öflugri leigumarkað á framfæri með það að markmiði að allir landsmenn eigi kost á öruggu húsnæði til lengri tíma á viðráðanlegu verði. Þessar tillögur hafa miðað að því að efla almennan leigumarkað. Samráðshópur Velferðarráðuneytisins um húsnæðisstefnu og vinnuhópur Reykjavíkurborgar um sama málefni hafa báðir lagt til að komið verði á langtímaleigumarkaði í samræmi við tillögur BSRB.

Hlutfall heimila í leiguhúsnæði er talsvert lægra hér á landi en víðast hvar í Evrópu og á Norðurlöndum. Margt bendir til þess að þetta sé að taka breytingum og eins og staðan er á fasteignamarkaði í dag hafa fjölmargir ekki kost á öðru en að vera á leigumarkaði. Stærri leigumarkaður og nægt framboð leiguíbúða losar fjölskyldur og einstaklinga undan fjárhagslegri áhættu tengdum skuldsettum fasteignakaupum og eykur um leið hreyfanleika þeirra. Margir sjá því frekari hag í því að leigja húsnæði í stað þess að kaupa.

En húsnæðisöryggi leigjenda á Íslandi er lítið þar sem mikill skortur er á leiguíbúðum til varanlegrar útleigu. Þótt Íbúðalánasjóður sé nú að reyna að leggja sitt af mörkum með útleigu á 130 íbúðum í þeirra eigu til viðbótar við þær sem þegar hafa verið leigðar út er það allt of lítið. Raunar er margt sem hamlar frekari aðgerðum Íbúðalánasjóðs, s.s. samkeppnissjónarmið, og þess vegna þarf að koma til heildarendurskoðunar á málaflokknum hjá hinu opinbera og hugsanlegar lagabreytingar í kjölfarið.

> Markmið stjórnvalda hlýtur að vera það að koma húsnæðismálum landsmanna í skikkanlegt horf þannig að allir landsmenn eigi kost á húsnæði á viðráðanlegu verði.

Ein lausnin á þessu gæti verið stofnun rekstrarfélags, svipað því sem starfrækt er í Danmörku, þar sem ríki og sveitarfélög koma að. Almenna danska leigukerfið, eins og það er kallað, er ætlað fyrir alla en ekki aðeins þá sem ráða ekki við að greiða markaðsleigu. Húsaleiga innan kerfisins má einungis fjármagna afborganir lána og viðhaldskostnað leiguhúsnæðisins. Það þýðir í raun að enginn hagnaður má fylgja útleigu íbúðanna og markmiðið er fyrst og fremst að tryggja nægt framboð af fjölbreyttu húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir ólíka tekjuhópa. Einungis er hægt að rifta leigusamningi ef um vanefndir á samningi er að ræða og þannig getur fólk búið alla sína ævi í leiguhúsnæði kjósi það svo. Samhliða þessu fyrirkomulagi er starfrækt úrskurðarnefnd sem leigjendur og leigusalar geta leitað til með sín málefni. Sú nefnd stuðlar að sanngjörnu leiguverði miðað við aðstæður hverju sinni.

BSRB tekur einnig undir þau sjónarmið að jafna eigi hlut leigjenda og eigenda íbúðarhúsnæðis hér á landi þegar kemur að bótum. Þar til gerðar húsnæðisbætur myndu þannig leysa leigu- og vaxtabætur af hólmi og auka jafnræði leigjenda og eigenda íbúðarhúsnæðis. Meirihluti leigjenda á Íslandi fær skertar eða engar húsaleigubætur og því verður að endurskoða reglur þar að lútandi. Hærri húsaleigubætur og stærri leigumarkaður gera auk þess fólki sem nú þegar er í íbúðum í eigu sveitarfélaga auðveldara að vera á almennum húsnæðismarkaði og hafa þannig fleiri valkosti en þá sem sveitarfélögin bjóða. En með hækkun húsaleigubóta verða ríki og sveitarfélög jafnframt að passa að hækkun bóta skili sér ekki beint í hærra leiguverði. Þetta mætti t.d. framkvæma með fyrrnefndri úrskurðarnefnd sem eins og áður sagði hefur fyrst og fremst það hlutverk að stuðla að sanngjörnu leiguverði.

Markmið stjórnvalda hlýtur að vera það að koma húsnæðismálum landsmanna í skikkanlegt horf þannig að allir landsmenn eigi kost á húsnæði á viðráðanlegu verði. Það eru breyttir tímar á Íslandi og við því verður að bregðast. Hluti þess er að leigumarkaði íbúðarhúsnæðis verði sinnt af alúð og leiga á húsnæði gerð að raunhæfum valmöguleika með tilheyrandi húsnæðisöryggi til lengri tíma. Þetta er skref sem verður að taka og tækifærið er nú.

# Burt af hvaða svæði?

Fjármál

Ari Trausti Guðmundsson
jarðeðlisfræðingur



Kreppa leggur byrðar á þegnana. Því miður er þeim misskipt. Þorri Íslendinga hefur borið þær af töluverðri reisn. Samtímis sleppa sumir byrðalausir, einhverjir hagnast jafnvel á ástandinu en margir kikna undan öllu saman. Mitt í þessu ástandi standa stjórnvöld í ströngu og telja sig vera að skipta byrðunum og bjarga samfélaginu eða reisa það við. Í sumu hefur tekist að finna nothæfa leið en í öðru ekki. Aðstoð við þá sem eru komnir á hnén er margvísleg en umdeild og tæplega næg.

Fasteignaskuldir meirihluta landsmanna eru allt of háar og hækka umfram alla sanngirni. Íslensk heimili eru þau skuldsettustu í Evrópu. Afleiðingin er minni neysla og versnandi lífskjör þrátt fyrir ýmis góð merki um raunverulegan viðsnúning sem ráðherrar nefna „hægan efnahagsbata“. En svona er staðan samhliða geigvænlegu verðlagi á helstu nauðsynjum. Hilluverðið hefur hækkað umfram alla sanngirni. Tannkremið hans Jóns hefur hækkað um 100%, úr 400 í 800 krónur. Húsnæðislán skilvísu Gunnu hækkaði úr 13 milljónum króna í 18 á tveimur árum og afborgunin úr 70.000 í 100.000 á meðan hún nú geymir aflafé til næstu afborgunar á sparireikningi með neikvæðum vöxtum. Þegar yfir lýkur hefur hún greitt bankanum 60-70 milljónir króna, segja sérfræðingar, með sínar 4-6 milljón króna árstekjur fyrir skatta. Þeir segja líka að bankinn hafi eignast lánið á útsölu, fyrir 35% af nafnvirði.

Mitt í þessum veruleika ritar Skuldaþróunin hefur fyrir löngu stefnt úr hófi fram og grafið undan stöðugleika heimila umfram sanngjarnar byrðar. Kaupmáttur hins stóra hóps meðaltekjufólks rýrnar hratt og það grefur undan tekjum ríkis og fyrirtækja. Samkeppnishæfni alþýðu manna er of lítil.

Árni Páll notar orðin heilbrigðar framtíðarhorfur í grein sinni. Þegar tannkremstúpa Jóns kostar 1.000 krónur eftir önnur tvö ár og

> Fasteignaskuldir meirihluta landsmanna eru allt of háar og hækka umfram alla sanngirni. Íslensk heimili eru þau skuldsettustu í Evrópu.

Árni Páll efnahags- og viðskiptaráðherra grein í blaðið (3.ág. Burt af hættusvæðinu). Hann minnir á að evruríkin leiti nú leiða til að þurfa ekki að leggja óbærilegar byrðar á þegnana og hve mikilvægt sé að ríki geti ekki skuldsett sig úr hófi fram og grafið undan efnahagsstöðugleika. Hann minnir á hve útflutningsvörur okkar eru viðkvæmar fyrir kaupmáttarþróun fólksins í þessum löndum. Hann skrifar um samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs sem þurfi að tryggja. Skyldi vera unnt að heimfæra þessi orð yfir á skilvísu heimili landsins?

Miðað við kaupmátt launa eru byrðar meirihluta skuldandi þegna að verða óbærilegar. 5% launahækkun, og lán Gunnu hefur náð yfir 50% af eignarvirðinu (það var 35% í upphafi), hverjar eru þá heilbrigðar framtíðarhorfur þessa óheppna, vinnusama og skilvísa pars? Norskur veruleiki?

Spurt er um lausnir á ástandinu. Þær eru til en væru líklega nokkuð harðar, bæði bönkum og ríkisfjármálum. Árni Páll bendir á að lausn evruríkja í þeirra vanda feli m.a. í sér endurfjármögnun og endurmat á skuldum (án óbærilegra byrða á þjóðirnar).

Þetta skyldi þó ekki geta átt við um samskipti skuldsetts almennings, stóru bankanna, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóðanna og ríkisins?

# Allt til alls á góðu verði

Deka Pro 10
Innimálning. 10 lítrar
**5.995,-**

DURATOOL
Rafhlöðuborvél 18V
**2.990,-**

Veggspartl medium
10 lítrar
**3.695,-**

Verkfærasett
5 hlutir
**395,-**

ARGES ryksuga
15lítra 1000W
**18.900,-**

Áltrappa 4 þrep
**4.990,-**
Ath. margar stærðir

Bakki, grind og 2 stk 12cm
málningarrúllur
**395,-**

25cm Málningar-
rúlla og grind
**525,-**

6 mm Hert
öryggisgler

MILAN sturtuhorn
90x90 cm eða 80x80 cm með botni.
Vatnslás og botnventill fylgja.
**22.900,-**

NAPOLI hitastýrt sturtusett
**26.900,-**

Deka
festifrauð
750 ml
**985,-**

DEKA SÍLAN vatnsfæla, 5 lítrar
**5.890,-**

A4 ryðfríar
skrúfur.
Mikið úrval

ADELL sturtusett
**2.595,-**

Stálvaskur 43x76 cm
**6.990,-**

Stálvaskur ø 38 cm
**5.990,-**

VitrA
QUALITY
Grand Scandinavia m. setu
**25.900,-**

S20 line 43 cm handlaug
margar stærðir
**6.990,-**

VitrA
QUALITY

OVA handlaug 45x35 cm
**3.900,-**

6 mm Hert
öryggisgler

Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og botnventli
**39.900,-**
Einnig fánlegur í 90x90x195cm á sama verði

Fæst einnig í rúnnaðri útfærslu

Kai, bílskúrsfl. úti og inni 33,3x33,3 cm
**1.975 kr. pr. m²**

Gólfflísar 33x33cm
**1.790 kr. pr. m²**

YFIR 10 TEGUNDIR Á ÞESSU VERÐI

Steirer Eikarparket 3 stafa Clic **4.690 kr. pr. m²**

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18*
***Vestmannaeyjar** Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



42 **EDWARD NORTON** leikari er 42 ára.

*„Ég hef engan áhuga á því að gera kvikmyndir fyrir fjöldann heldur fyrst og fremst fyrir sjálfan mig.“*



## 40 ára afmæli

Í dag, 18.8. 2011, fagnar Haraldur (Harry) Kristinsson 40 ára afmæli sínu.

Í tilefni þessara tímamóta tekur hann á móti vinum og vandamönnum á heimili sínu, Skólatröð 4, Kópavogi, laugardaginn 20. ágúst næstkomandi.

**ÞETTA GERÐIST: 18. ÁGÚST 1945**

## Listviðburður sem markaði tímamót

Listmálarinn Svavar Guðnason opnaði sýningu á verkum sínum þennan dag árið 1945 í Listamannaskálanum við Kirkjustræti. Það var fyrsta sýning á Íslandi með abstraktmálverkum eingöngu og með henni innleiddi hann óhlutbundið myndmál í íslenska myndlist. Landsmenn rak í rogastans þegar svo framandleg list eftir Íslending blasti við; ýmist varð fólk ofsahrifið eða örvita af hneykslun.

Svavar var Hornfirðingur og komst í kynni við málaralistina á uppvaxtarárum sínum. Hann fór að mála fyrir alvöru 1934 og hélt ári síðar til Danmerkur. Þar lærði hann um tíma við málaradeild Kræstens Iversen í Konunglegu akademíunni í Kaupmannahöfn og varð virkur í hópi róttækra myndlistarmanna sem meðal annars voru kenndir við Cobra.

Verk hans í Listamannaskálanum 1945 voru því ávöxtur nýsköpunar í myndlist.

*Heimild: Wikipedia*



†

*Systir okkar*

**Jóhanna Hrafnfjörð**

ljósmóðir,

lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund 15. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hrefna Hrafnfjörð**
**Kristín Hrafnfjörð**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Þ. Björnsson**

Norðurbrún 1, áður Þangbakka 8, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 15. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Sigríður Kristinsdóttir** | **Torfi Þorsteinsson** |
| **Margrét Guðmundsdóttir** | **Ásmundur Karlsson** |
| **Birna Guðmundsdóttir** | **Eyjólfur Ó. Eyjólfsson** |
| **Konráð Guðmundsson** | **Rósa Björg Ólafsdóttir** |
| **Kolbrún Jónsdóttir** | |

**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Björn Baldvin Höskuldsson**

byggingarverkfræðingur, Álfaskeiði 73, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 16. ágúst. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Sigrún Arnórsdóttir,**
**Höskuldur Björnsson, Auður Þóra Árnadóttir,**
**Arnór Björnsson, Bára Jóhannsdóttir,**
**Baldvin Björnsson, Helga Rúna Þorleifsdóttir,**
**Þórdís Ragnhildur Björnsdóttir, Michael Teichmann**
**og barnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**FRÁBÆR FERÐ** Guðbjörg og Sigurður Oddur eru hér stödd í Skógarnesi í Eyjahreppi.

**SIGURÐUR ODDUR OG GUÐBJÖRG:** HAFA SKIPULAGT HESTAFERÐIR Í TUTTUGU ÁR

# Alltaf skemmtilegar sögur

Hjónin Sigurður Oddur Ragnarsson og Guðbjörg Ólafsdóttir á Oddsstöðum í Lundarreykjadal hafa skipulagt hestaferðir síðastliðin tuttugu ár. „Við fórum út í þetta vegna erfiðleika í loðdýrarækt,“ segir Sigurður, sem samhliða hestaferðunum er með hrossa- og sauðfjárrækt.

Fyrsta ferðin var farin árið 1991 um Borgarfjörð með finnskum hópi. Árið 1993 fóru þau í samstarf við Eldhesta. Á þeim tímapunkti höfu þau að fara ferðir um Snæfellsnes og Löngufjörur hvert sumar, sem þau gera enn í dag. „Þetta er líkt og annað sem vindur upp á sig. Byrjar í grasrótinni og stækkar smám saman. Frá árinu 2006 höfum við verið ein í þessu en verið með marga tengiliði,“ segir Sigurður.

Þátttakendur í ferðunum eru nær allir af erlendu bergi brotnir. Stærstu hóparnir koma frá Danmörku og Svíþjóð en einnig hefur komið fólk frá Austurríki, Þýskalandi og Noregi. Lagt er upp í nokkrar ferðir yfir sumarið og þetta árið var ákveðið að fara sérstaka afmælisferð frá Oddsstöðum umhverfis Langjökul. „Við höfum mikið riðið út á Snæfellsnes, vestur á Dali, um Borgarfjörð, austur í Árnessýslu og stundum farið í Rangársýslu. Okkur langaði að fara nýja leið með hópana okkar. Margir koma ár hvert og vildum við leyfa þeim að fara um ókunna stigu,“ svarar Sigurður spurður um afmælisferðina sem farin var dagana 19. júlí til 10. ágúst. Þrír hópar með Norðmönnum, Dönum og Svíum skiptu með sér ferðinni. Nokkrir Íslendingar riðu síðan með allan tímann.

„Þetta eru yfirleitt vanir reiðmenn sem eiga íslenska hesta úti,“ segir Sigurður um erlendu þátttakendurna, sem uppgötva með ferðunum hvað íslenski hesturinn er fær um. „Þeir verða oft undrandi á hvað hann er fótviss og fær um að fara grófa stíga. Þeim finnst við einnig ríða mjög hratt og lengi á hverjum hesti. Þeir bjóða ekki sínum hestum svona mikla töltreið heldur eru hestarnir þeirra vafðir í bómull.“

Hjónin sjá um alla skipulagningu og Guðbjörg stjórnar allri matseld, eða eins og Sigurður segir: „Hún er pottúrinn og pannan á bak við allan matinn.“ Þeim til aðstoðar eru ýmist börnin þeirra eða aðrir sem ríða með í ferðunum, hjálpa til við matinn eða flytja hann milli skála. Sigurður Kristjánsson og Garðar Halldórsson hafa tekið þátt í ferðunum í mörg ár og hafa yfirleitt riðið með í hálfan mánuð. „Í ferðinni kringum Langjökul voru þeir með allan tímann og stýrðu söngnum í ferðinni, enda báðir í Karlakór Kjalnesinga,“ segir Sigurður um þá félaga hans, sem syngja aðallega íslensk lög en taka einnig undir með norrænu ferðafélögunum. „Það eru alltaf skemmtilegar sögur í okkar ferðum,“ segir hann að lokum, staddur á Lýsuhóli í miðri hestaferð um Snæfellsnesið og Löngufjörur.

hallfridur@frettabladid.is

# Glænýtt leikrit – glænýtt leikhús

Nýtt leikverk um Axlar-Björn, einn fárra fjöldamorðingja Íslandssögunnar, verður frumsýnt í kvöld í nýju leikhúsi á Rifi á Snæfellsnesi. Húsið er gamalt fiskvinnsluhús og er að breytast þessa dagana í leikhús og menningarmiðstöð, að sögn Kára Viðarssonar leikara sem er öllum hnútum kunnugur þar á bæ.

Axlar-Björn er kenndur við bæinn Öxl í nágrenni Búða á Snæfellsnesi og í leikritinu er sagan sögð frá hans hlið. Kári, sem leikur titilhlutverkið, er líka Snæfellingur, uppalinn á Hellissandi og einn af höfundum verksins. Aðrir leikarar og höfundar eru Ingi Hrafn Hilmarsson, Snædís Lilja Ingadóttir og Alexander Robert, sem er frá London. Kári tekur fram að þetta sé allt annað leikrit en Borgarleikhúsið verði með á fjölunum eftir áramót.

Margt er enn ógert í leikhúsinu að sögn Kára en sýningarsalirnir tveir eru þó tilbúnir. „Þetta verður frábær aðstaða,“ segir hann. „Planið er að húsið verði aðsetur alhliða menningarstarfsemi og hingað komi leikhópar, danshópar og aðrir listamenn sem leigi það. Það er hópur fólks úr bæjarfélaginu sem kemur að þessu framtaki. Við fengum frumkvöðlastyrk Evrópu unga fólksins til að koma því í kring.“

Þó að sýningin um Axlar-Björn sé bönnuð innan tólf ára segir Kári hana ekki bara grafalvarlega, heldur hressa og skemmtilega inni á milli. Stappfullt er á frumsýningu og eftir hana verða bara þrjár sýningar, á morgun, laugardag og sunnudag. Allar hefjast klukkan 20. „Ég mæli með því að fólk dissi Menningarnótt og komi í menningarsetrið að Rifi í staðinn,“ segir Kári hress.



**FRUMSÝNA Í KVÖLD** Kári Viðarsson og Snædís Lilja Ingadóttir leika í sýningunni um Axlar-Björn:.

gun@frettabladid.is

# Skólabækurnar

## öflugar tölvur á góðu verði



### MacBook Pro 13”

Allt að 2,7GHz 2-kjarna Intel i7 örgjörvi
Allt að 8GB DDR3 vinnsluminni
Allt að 750GB harður diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
FireWire 800 tengi
SDXC kortarauf
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 199.990.-**



### MacBook Air 11”

Allt að 1.8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Þyngd 1.08 kg

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 169.990.-**



LaCie Neil Poulton - flakkari
1TB USB2 - 3,5”
**Verð frá: 12.990.-**



LaCie minnislykill
4GB, 8GB, 16GB
**Verð frá: 4.990.-**



Fartölvutöskur
Mikið úrval
**Verð frá: 5.990.-**



Office 2011 Home and Student
Word, Excel og PowerPoint
**Verð frá: 18.990.-**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Epli.is,** Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna fráfalls og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Ásu Kristinsdóttur**

Grenimel 43,

sem andaðist mánudaginn 11. júlí. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 10E á Landspítalanum og á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun.

**Svavar Björnsson**
**Ásta Svavarsdóttir** **Tómas R. Einarsson**
**Sigrún Svavarsdóttir**
**Kristín Svavarsdóttir** **Sæmundur Runólfsson**
**Björn Þór Svavarsson** **Sigrún Jóna Andradóttir**
**og barnabörn**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Halldór Sigurður Guðmundsson**

plötu- og ketilsmiður,
Bakkastöðum 73, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 12. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

**Bergljót Harðardóttir**
**Hulda Björk Halldórsdóttir** **Sigfús Jónas Guðnason**
**Guðmundur Halldórsson**
**Þröstur Reyr Halldórsson** **Steinunn Guðjónsdóttir**
**Hulda R. Einarsdóttir** **Jón Pálsson**
**Jón Guðmundsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**Helgi Guðmundsson** **Anna Magnúsdóttir**
**afabörn og langafabarn**

†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús Albertsson**

matsveinn, Laufrima 1, Reykjavík, áður til heimilis að Grýtubakka 26, Reykjavík,

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 8. ágúst sl. Jarðarförin fer fram föstudaginn 19. ágúst kl. 15.00 frá Fella- og Hólakirkju. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vilja minnast hans er bent á að láta Slysavarnarfélagið Landsbjörg njóta þess.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásdís Margrét Magnúsdóttir** **Þór Kristjánsson**
**Ágúst Magnússon**
**Magnús Kr. Þórsson** **Ólína Kr. Jónsdóttir**
**Solveig Margrét Þórsdóttir**
**Fanney Bjarnþrúður Þórsdóttir**
**Ásþór Breki.**

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, dóttur, ömmu og systur,*

**Hellenar S. Benónýsdóttur**

sjúkraliða, Ósabakka 15, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fyrir alúð og hlýju færum við starfsfólki Landspítalans á deild 11E og öllum þeim sem hafa minnst hennar.

**Andri Jónasson**
**Anna Rut Hellenardóttir** **Pétur Breiðfjörð Pétursson**
**Heimir Þór Andrason** **Erla Gréta Skúladóttir**
**Silja Dögg Andradóttir** **Sigurður Freyr Bjarnason**
**Þóra Eggertsdóttir**
**ömmubörn, systkini og aðrir aðstandendur**

## Merkisatburðir

**1786** Reykjavík fær kaupstaðarréttindi ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Þá eru Íslendingar 38 þúsund, þar af eru Reykvíkingar 167.

**1954** Minnismerki um Skúla Magnússon landfógeta er afhjúpað í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík. Það er eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal.

**1961** Grasagarðurinn í Laugardal í Reykjavík er formlega opnaður.

**1966** Fyrsta skóflustunga að myndlistarhúsi á Klambratúni er tekin. Það gerir Jóhannes S. Kjarval.

**1990** Listaverkið Sólfar eftir Jón Gunnar Árnason er afhjúpað við Sæbraut í Reykjavík.

# Málþing um Lewis-taflmenn



Alþjóðlegt málþing um Lewis-taflmennina verður haldið í Skálholti á morgun. Fjallað verður um mögulegan uppruna fornu taflmannanna sem fundust á eyjunni Lewis, eða Ljóðhúsum eins og eyjan er nefnd í fornum íslenskum heimildum. Þeir eru taldir elstu taflmenn sem fundist hafa í veröldinni, hafa svipmót nútíma taflmanna og eru meðal merkustu muna Breska þjóðminjasafnsins. Flestir eru skornir úr rostungstönnum og gerðir á árunum 1150 til 1200.

Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur setti fram kenningu um að taflmennirnir hefðu verið gerðir í Skálholti og nefndi Margréti hina högu sem mögulegan höfund, en hún var fyrsta nafnkunna myndlistarkona Íslands og hennar er sérstaklega getið í Pálssögu.

Í ár er 800 ára ártíð Páls biskups Jónssonar (1155-1211), en steinkista hans fannst við uppgröft í Skálholti hinn 21. ágúst 1954. Málþingið er meðal annars haldið af því tilefni.

Tveir breskir fræðimenn, dr. James Robinson frá Breska þjóðminjasafninu og dr. David H. Caldwell frá því skoska, munu tala á málþinginu auk fjögurra íslenskra fræðimanna. Málþingið stendur frá klukkan 10-17 og fer fram á ensku. Allir eru velkomnir. Skráning fer fram í síma 486 8870 eða með netfanginu rektor@skalholt.is.

*Heimild: www.skalholt.is*



**NÝ LÍNA** Skartið vinnur Sigríður Elfa úr þæfðri ull og Aðalbjörg hannar slæður í stíl. MYND/OKSANA OG GEORG

# Góð samvinna

SES Design og Budda Design senda frá sér nýja línu nú um helgina. Línan verður frumsýnd á Lokastíg á Menningarnótt.

Fata- og textílhönnuðurnir Sigríður Elfa Sigurðardóttir og Aðalbjörg Erlendsdóttir frumsýna á Menningarnótt nýja línu af skarti og silkislæðum í versluninni Textíl á Lokastíg 28.

Þær stöllur reka saman vinnustofuna RE-105 í Skúlatúni 4. Sigríður Elfa þæfir ull og prjónar undir merkinu SES design en Aðalbjörg handmálar silki undir merkinu Budda Design.

„Við höfum unnið í textíl í tuttugu ár og deilt vinnustofu árum saman,“ segir Aðalbjörg. „Yfirleitt vinnum við hvor í sínu lagi en stundum blandast þetta saman og við notum efni hvor frá annarri. Skartgripina sem við sýnum á Menningarnótt gerir Sigríður en úr efni frá mér og ég geri slæður sem fara við skartgripina.“

Aðalbjörg og Sigríður verða á staðnum milli klukkan 12 og 16 og kynna línuna.



Sigríður og Aðalbjörg samnýta efni og í ullarskartinu má finna silkiafganga.

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Lilían Kristjánsson**

Hamrabergi 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 15. ágúst. Útförin fer fram í Dómkirkjunni miðvikudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

**Hörður Guðjónsson** **Brynhildur Sveinsdóttir**
**Jóhanna Guðrún Guðjónsdóttir**
**Guðmundur Jón Guðjónsson** **Dóra Magnúsdóttir**
**Ásta Kristjana Guðjónsdóttir** **Jóhann Gestsson**
**Þorsteinn Sigurður Guðjónsson** **Kristín Auður Halldórsdóttir**
**og barnabörn**

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Stefánsdóttir**

leikskólakennari,
Kársnesbraut 99, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 8. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Ljósið eða Samtök heilsuleikskóla.

**Hákon Sigurgrímsson**
**Finnur Hákonarson** **Rósa Birgitta Ísfeld**
**Grímur Hákonarson** **Halla Björk Kristjánsdóttir**
**Harpa Dís Hákonardóttir**
**Ísadóra Ísfeld Finnsdóttir**

†



*Okkar ástkæri ástvinur, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ómar Konráðsson**

tannlæknir, Sunnuflöt 41, Garðabæ,

lést 14. ágúst á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Edda Eyfeld**
**Ásta Ómarsdóttir** **Ómar Richter**
**Hrund Ómarsdóttir** **Swaroop Pusala**
**Hafdís Huld Haakansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Innilegar þakkir til allra er sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Sigurbjargar Sigurðardóttur**

Hólmi, Mýrum Hornafirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins á Höfn.

**Guðjón Sigurður Arason**
**börn, tengdabörn, barnabörn**
**og barnabarnabörn**



**Lakme-tískuvikan** á Indlandi hófst í gær og stendur fram yfir helgi. Viðburðurinn, sem er haldinn árlega, er þýðingarmesti tískuviðburður landsins. Hér má sjá hönnun Archana Kochhar en bleikar og appelsínugular rendur einkenndu allt hennar framlag.




**Mjúkir og þægilegir herra skór úr leðri á fínu verði!**



Teg: 31300 svartir,
st. 40 - 47.
verð kr. 13.800.

**Sími 551 2070**
**Opið mán.-fös. 10-18.**
**Lokað á laugardögum í sumar**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur



Eirberg BAUERFEIND®



**Hnéhlífar**
- Álag og slit
- Liðþófavandamál
- Tognanir og áverkar

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



**VERÐHRUN**

**60 - 80%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM**

**FRÁBÆRT ÚRVAL AF FATNAÐI OG SKÓM. STÆRÐIR 36-52**

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


**Flóra Karitas Buenano förðunarfræðingur segir náttúrulega förðun og dökkar varir vera ríkjandi í haust.**

# Náttúruleg og djörf

Flóra Karitas Buenano er ungur förðunarfræðingur hjá Mac í Kringlunni. Samhliða því tekur hún að sér sjálfstæð verkefni. Meðal þeirra er förðun fyrir myndband hljómsveitarinnar Hjaltalín, verkefni fyrir listræna hópinn Weird Girls Project og í kvöld mun hún farða fyrir úrslitakvöld fatahönnunarkeppninnar Reykjavík Runway.

;FRAMHALD | 3



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**SUMARTILBOÐ**

**OG NÝJAR VÖRUR**



**70%**
**afsláttur af pífu pilsum á rúm**
Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**BOAS SVEFNSÓFI**
Tilboð 127.425,-



**Stóri stuðningspúðinn kominn aftur**
**19.900**

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**Talið er að hanakambur** eigi rætur sínar að rekja til Norður-Ameríku. Á ensku er hann kenndur við Móhíkana-indíánaflokkinn þó að vitað sé að hann hafi verið í tísku hjá Wyadot-indíánum mikið fyrr. Með tilkomu pönkmenningarinnar upp úr 1970 var hanakamburinn endurvakinn.

# Gengur vel innan um þekkta tískuhönnuði

**Íslensk hönnun verður í fyrsta sinn til sölu í Debenhams erlendis seinna á þessu ári en til eru um tvö hundruð Debenhams-búðir í 25 löndum. Hönnun Mörtu Jonsson er vinsæl og setti met á síðu VivaLaDiva.**

„Hönnun mín fór inn á heimasíðu Debenhams á föstudegi fyrr í sumar og þeir hringdu í mig á þriðjudegi og vildu fá vörurnar beint inn í búðirnar því þær seldust strax svo vel,“ segir Marta Jonsson hönnuður. Hún er fyrsti íslenski hönnuðurinn sem selur vörur sínar í Debenhams erlendis en Debenhams rekur yfir tvö hundruð verslanir í um 25 löndum. Vor- og sumarlína Mörtu árið 2012 verður fyrsta línan sem verður til sölu í verslunum Debenhams og kemur líklega í verslanir í lok þessa árs.

Marta stofnaði tískumerki sitt, Marta Jonsson, árið 2009. Hún hannar skó, töskur og belti í stíl. Hún hafði þó hannað skó undir merkjum Logo69 frá árinu 1996. Lína Mörtu, Marta Jonsson, hefur slegið í gegn í London þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru. Rekur hún þrjár verslanir þar í borg, meðal annars á Kings Road, í Westfield, stærstu verslunarmiðstöð í Evrópu og Guldford.

Marta selur vörur sínar auk þess á netinu, bæði á heimasíðu sinni og á hinni vinsælu skó- og fylgihlutaverslun VivaLaDiva.com. „Þegar við byrjuðum á þeirri síðu höfðu aðstandendur síðunnar ekki séð svona nýtt tískumerki ganga jafn vel. Við vorum strax komin í topp fimm í sölu hjá þeim,“ upplýsir Marta ánægð en á síðunni VivaLaDiva selur hún vörur sínar innan um marga þekkta hönnuði og má þar nefna, Armani, Dr. Martens, Dolce & Gabbana og Rayban. Á síðunni eru vörur frá yfir 180 tískuhönnuðum.

Marta er enginn nýgræðingur í hönnunarheiminum því frá 1996 hefur hún hannað, framleitt og selt skó sína til stórra verslana, meðal annars til Office og Kirk Aigner. „Ég er ennþá að gera það. Ég hanna og framleiði ofan í þær keðjur,“ segir Marta og heldur glaðlega áfram: „Svo er Marta Jonsson, nýja litla búgreinin, bara að verða svo stór. Þetta er rosalega fljótt að breytast. Við viljum halda áfram að stækka og leggja undir okkur heiminn. Þýðir nokkuð annað?“ *martaf@frettabladid.is*



Marta Jonsson býr úti í London og merki hennar gengur vel þar í borg.



„Marta Jonsson, nýja litla búgreinin, er bara að verða svo stór,“ segir Marta.



Vörur Mörtu Jonsson slógu í gegn á hinni vinsælu skó- og fylgihlutasíðu VivaLaDiva þegar þær komu þangað fyrst og hefur gengið vel síðan.

Talan 234.243 er saumuð inn í hver jakkaföt í haust-vetrarlínu 2011 til 2012 hjá norska fatamerkinu Moods of Norway. Vísar talan til fjölda dráttarvéla í Noregi. Vörumerkið er líka dráttarvél og slagorð þess er „Glaðleg föt fyrir ánægt fólk“. Hafa norsku hönnuðirnir þrír sagt að í slagorðinu felist markmið þeirra.



heimild: www.wikipedia.org


KRIYA YOGA

KYNNINGARFYRIRLESTUR UM KRIYA YOGA
Rajarshi Peter van Breukelen heldur fyrirlestur
**19. ágúst kl. 19** í Yogastöðinni Heilsubót, Síðumúla 15.
Fyrirlesturinn er öllum opinn og endurgjaldslaus.

INNVÍGSLA OG NÁMSKEIÐ
**20. - 21. ágúst** verður innvígsla í Kriya Yoga og hugleiðslutæknin kennd. Námskeiðið fer fram í Yogastöðinni Heilsubót, Síðumúla 15. Þetta er tækifæri sem áhugafólk um Yoga og andleg fræði vill ekki missa af.

Nánari upplýsingar: 691 8565 (Guðmundur), 897 9937 (Bjarni)



## Alþjóðleg ferðaráðgjöf

IATA UFTAA Authorised Training Centre

Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is



Ferðamálaskóli Íslands
Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

Stórfengleg borg
**Beint flug frá Keflavík • Beint flug frá Akureyri**
**21.-25. október**



# Riga

Lettlandi

**Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.**

**Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa. Næturlíf eins og það gerist best.**

**Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgina á stall með fallegri borgum Evrópu.**

**Verð** í tveggja manna herbergi
kr. **92.900,-**

FÁ SÆTI EFTIR

Innifalið: Flug, skattar og hótel með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.

Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.

Trans-Atlantic
Sími 588 8900

Upplýsingar í síma 588 8900
www.transatlantic.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001–2011

Nýjar haustvörur



útsöluvörur 50-70% afsláttur

laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

Haustvörur komnar. Útsölulok



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.



Flóra Karitas er með náttúrulega augnförðun og dökkar og ófullkomnar varir.

Framhald af forsíðu

Upphaflega sá hún um förðun fyrir Weird Girls Project, sem er listrænn hópur kvenna úr öllum áttum, en hefur verið þátttakandi í síðustu þremur verkum. Nýjasta myndverk þessa hóps, sem stýrt er af Kitty Von Sometime, verður notað sem tónlistarmyndband fyrir hljómsveitina Imogen Heap. augnskuggarnir að vera í gráum litum eða náttúrulegum brúnum tónum og út í gyllt. Augabrúnirnar eiga að vera karlmannlegar, eða stórar og flott mótaðar. Síðan verður mikið um dökka varaliti í köldum tónum. Varirnar eiga að vera ófullkomnar, líkt og að þú hafir drukkið rauðvín og þær litast af því.“ Förðun Flóru sýnir þessar dökku ófullkomnu varir en til að ná þeim fram skal

Síðan verður mikið um dökka varaliti í köldum tónum. Varirnar eiga að vera ófullkomnar, líkt og að þú hafir drukkið rauðvín og þær litast af því.

Í vetur ætlar Flóra að taka að sér sjálfstæð verkefni í auknum mæli meðfram því að ljúka námi á fata- og textílhönnunarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Haustförðunin er að sögn Flóru mjög náttúruleg en djörf. „Núna þykir eftirsóknarvert að líta út fyrir að vera án farða en samt með fullkomna húð. Mikil vinna er að baki slíkri förðun og þarf maður að velja þær augnskyggingar sem henta húðlit,“ segir hún og bætir við „Töffaraleg förðun er að koma í tísku og eiga sleppa varalitablýanti, setja örlítið af varalit á varirnar og loks nudda svo áferðin verði ekki þétt.

Flóra er með mikla tískuvitund og ávallt vel til höfð. „Eins og stíllinn minn er að mótast núna er ég alltaf örlítið krúttleg en töffaraleg um leið. Mér finnst alltaf gaman að vera með einhverja sæta hluti eins og hjartatöskuna mína. Þá er ég oft með stór hálsmen og klæðist yfirleitt einhverju svörtu til að vera svolítið töff á móti.“

*hallfridur@frettabladid.is*

Um fjörutíu tískuvikur eru haldnar í heiminum á ári hverju. Þær stærstu eru í New York, London, Mílanó og París og alltaf haldnar í upptaldri röð. Þessar fjórar eru jafnframt virtastar. Á hverri tískuviku eru um hundrað viðburðir. Þar á meðal eru tískusýningar, góðgerðasamkomur, galakvöldverðir og fylgihlutasýningar.



**Heimild: allwomenstalk.com**

Höfuðhár vex að meðaltali 0,44 millimetra á dag, eða rúmlega 13 millimetra á mánuði. Vaxtarhraðinn getur þó verið breytilegur á milli einstaklinga. Fjöldi höfuðhára er oftast á bilinu 100.000 til 150.000.



**Heimild: visindavefur.is**











Gakktu í bæinn
MENNINGAR
NÓTT
20.08 · 2011
www.menningarnott.is
DELTA
vodafone



Sérferðir bjóða upp á siglingu milli Sundahafnar og Hörpunnar.

**● SJÓFERÐIR OG FRÍTT Í STRÆTÓ** Miðborgin verður meira og minna lokuð fyrir bílaumferð á Menningarnótt. Fjölmörg bílastæði eru í jaðri hátíðarsvæðisins og fjölmörg bílastæðahús opin. Sektað verður fyrir stöðubrot eins og gert hefur verið á fjölmennum viðburðum í sumar.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa því ákveðið að bjóða frítt í strætó á Menningarnótt. Um 80.000 farþegar tóku strætó á Menningarnótt í fyrra, sem er með því mesta sem almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu hafa flutt á einum degi frá upphafi.

Sérferðir munu einnig bjóða upp á siglingar frá Sundahöfn og að Hörpu þetta kvöld fyrir þá sem vilja sleppa við umferðarteppu á Sæbraut. Ferðirnar eru farnar frá klukkan 19 til miðnættis. Farið er á heila tímanum frá Sundahöfn og hálfa tímanum frá Hörpu. Fólk verður flutt á bátnum Rósinni sem tekur 72 farþega í einu og er sannkallað lúxusskip. Síðustu tvær ferðir kvöldsins, klukkan 23.30 og 24, eru farnar frá Hörpu til að flytja gesti úr miðbænum eftir flugeldasýninguna. Ferðin kostar 1.000 krónur fyrir fullorðna, 500 fyrir börn en ókeypis fyrir börn undir 7 ára aldri.













Harpa mun skína í sinni fegurstu mynd á Menningarnótt þegar ljós kvikna loks í glerhjúp hennar. MYND/NIC LEHOUX

# Jólastund við Hörpu

**Töfrar eiga sér stað í Hörpu rétt áður en flugeldar skreyta himinhvolf á Menningarnótt.**

„Í orðsins fyllstu merkingu munu gestir Menningarnætur sjá Hörpu í nýju ljósi þegar glerhjúpur hennar hlýtur loks sína uppljómuðu litadýrð, og víst að sama andartak verður eftirminnilegt um langa hríð,“ segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu, um hápunkt þess þegar Harpa verður formlega vígð á Menningarnótt og ljós í glerhjúp Ólafs Elíassonar verða tendruð, en þá fá gestir að sjá fullskapað listaverkið í fyrsta sinn.

„Hjúpurinn er hugsaður sem samspil borgarljósa og ljósaskilyrða landsins, sem eru einstök. Hann hefur oft notið sín fagurlega í kvöldsólinni í sumar þegar gyllt litbrigði hafa dansað í gluggunum og hjúpurinn með óendanlegan breytileika,“ segir Steinunn Birna, en það er suðurveggur Hörpu, sá sem snýr að borginni, sem verður tendraður undir leynilegu, sérvöldu tónlistaratriði listamannsins Ólafs Elíassonar.



Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu, hlakkar til að taka á móti gestum í opna og fjölbreytta viðburði hússins á Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Töfrarnir gerast strax eftir að kvöldtónleikum Rásar 2 lýkur á stóra sviðinu við Arnarhól upp úr hálfellefu og því mikilvægt að hafa ekki augun af Hörpu svo fólk missi ekki af andartakinu þegar við blasir ólýsanlegt og lýrískt sjónarspil. Slökkt verður á götuljósum á meðan og svo líða nokkrar mínútur þar til flugeldar lýsa upp himininn, því viðstaddir þurfa smástund til að jafna sig á þessum stórbrotnu, sjónrænu hátíðahöldum,“ útskýrir Steinunn Birna.

Veðurspá fyrir Menningarnótt er góð, enda lagði starfsfólk Hörpu inn gott orð hjá máttarvöldunum til þessa einstaka viðburðar.

„Það er sennilega einstakt í sögu svona bygginga að húsið sjálft sé glerlistaverk. Í því felst sérstaða Hörpu og listrænt gildi, ásamt einu af hennar miklu sóknarfærum. Að vígslu lokinni tekur við veruleikinn að stýra húsinu farsællega til framtíðar og allt bendir til þess að það eigi eftir að ganga að óskum, því aðsókn og eftirspurn sýna þörfina á langþráðu menningar- og mannlífshúsi,“ segir Steinunn Birna sem bíður spennt eftir komandi ljósadýrð í gluggum Hörpu.

„Eftirvæntinguna tengir maður bara við bernskuna og jólin, sem er besta eftirvænting sem til er. Því trúi ég að þjóðin muni upplifa hálfgildings jólastemningu á Menningarnótt í ár,“ segir hún hlæjandi.

Í anda Menningarnætur er allt ókeypis í Hörpu á laugardag. Inni og á útisviði verður fjölbreytt tónleikaveisla og kínversk loftfimleikasýning allan daginn. Nánari dagskrá má finna á www.harpa.is. *- þlg*

# Sinfónían með í fyrsta sinn

Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur nú í fyrsta sinn þátt í Menningarnótt og býður fólki á tvenna tónleika á vígsludegi Hörpu, klukkan 14 og 17. Frítt er inn og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir en 1.600 manns komast inn í Eldborgarsalinn í einu. Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Sinfóníunnar, lýsir efnisskránni.

„Fyrri tónleikarnir, klukkan 14 eru fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Þeir fjalla um ævintýrið um Maxímús Músíkús sem villist óvart á æfingu hjá sinfóníuhljómsveit í glænýju tónlistarhúsi. Þarna hljómar tónlist úr ýmsum áttum, Hátíðargjall eftir Aaron Copland, Bolero eftir Maurice Ravel og Á Sprengisandi eftir Sigvalda Kaldalóns. Valur Freyr Einarsson er sögumaður og hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinsson.“



Sinfóníuhljómsveitin býður upp á tvenna tónleika í Eldborgarsal Hörpu.

Tónleikarnir klukkan 17 kallast Klassík fyrir alla. „Það eru flottir tónleikar með blandaðri dagskrá, aðgengileg klassísk verk,“ segir Margrét og nefnir flautukonsert eftir Mozart og þrjú lífleg hljómsveitarverk eftir Tsjajkovskíj, Prokofiev og Glinka. Einleikari er Stefán Ragnar Höskuldsson en hann hefur verið flautuleikari við hljómsveit Metropolitanóperunnar í New York frá árinu 2004. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinsson.

Margrét segir miðasöluna opnaða tveimur tímum fyrir tónleikana og telur afgreiðslu miða eiga að geta gengið hratt fyrir sig. *- gun*

Gallerý
# Augnakonfekt
Laugarvegi 95

Opið frá kl 10 til 10 á menningarnótt.

Venus Olíumálverk



25% afsláttur af vörum í verslun í tilefni af sýningu.



Málverkasýning Kolbrúnar Róberts.

*Allir hjartanlega velkomnir.*



Ferð á milli tveggja heima. 130x2m - olía og steypa

● **PERSÓNULEG DAGSKRÁ** Á vefsíðunni menningarnott.is er boðið upp á nýtt dagskrárkerfi sem leyfir fólki að finna og merkja við áhugaverða atburði á mjög einfaldan og skilvirkan hátt. Með því að smella á „Skoða dagskrá", er hægt að velja atburði með því að „Bæta við" og sjá svo persónulega dagskrá með því að smella á „Mínir atburðir".

Síðan er mjög aðgengileg og auðvelt að hafa uppi á þeim dagskrárliðum sem henta. Bæði er hægt að nota leitarvélina en einnig má velja viðburði eftir flokkum og tímasetningum. Dagskrá Menningarnætur er einnig hægt að fá í símann en hún er fáanleg fyrir Apple og Android tæki í gegnum hugbúnað sem hlaða má niður ókeypis í gegnum viðkomandi netverslun (Apple App Store og Android Market).




Stíll - Laugavegi 58, 101 Reykjavík sími: 551 4884 - www.stillfashion.is




Sex fulltrúar indíánaflokksins Quileute munu segja sögur og stíga frumbyggja- og trúardansa.

# Systurborgirnar Reykjavík og Seattle

**Haldið verður upp á 25 ára systrasamstarf á Menningarnótt.**

Systurborgirnar Reykjavík og Seattle halda upp á 25 ára systrasamstarf sitt á Menningarnótt. Seattle, sem er á vesturströnd Bandaríkjanna, er gestasveitarfélag Menningarnætur í ár. „Við í bandaríska sendiráðinu erum mjög ánægð með að Reykjavík valdi Seattle sem gestasveitarfélag á Menningarnótt," segir Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi. „Seattle er eins og Reykjavík, lifandi borg sem stendur við sjóinn, og hefur sterk tengsl við umhverfi sitt, á menningarlegar hefðir og stundar alþjóðleg viðskipti í vaxandi mæli," upplýsir Arreaga.

Í tilefni af 25 ára afmæli systrasamstarfsins býður Reykjavík Seattle að ganga í bæinn og



**Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna.**

Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur mun fyllast af fjölbreyttu listalífi frá Seattle frá klukkan 14 og fram á kvöld. Stefnt er að því að dagskránni ljúki klukkan 23.

„Á Menningarnótt verða ýmsir spennandi viðburðir frá Seattle, þökk sé öllum þeim félagasamtökum sem unnu að verkefninu," segir Arreaga og nefnir nokkur sem dæmi: „Það voru til dæmis Reykjavíkurborg, „Seattle-Reykjavík Sister Cities Association", Bandaríska sendiráðið og fjöldi einkafyrirtækja, meðal annars einn helsti stuðningsaðili okkar, bandaríska flugfélagið Delta," segir Arreaga.

Dagskráin í Tjarnarsal Ráðhússins verður fjölbreytt. Quileute-indíánar, eins og þeir nefnast, frá vesturhluta Washington-ríkis, munu segja sögur og stíga frumbyggja- og trúardansa. Ljósmyndarinn Bill Stafford, sem ferðast hefur víða um heim með myndavélina, mun sýna verk sín. Boðið verður upp á brúðusýningar og brúðugerðarsmiðju fyrir börnin, vínkynning verður frá Chateau Ste. Michelle og Starbucks býður upp á kaffisopa.

Tónlistin verður einnig í hávegum höfð í Ráðhúsinu. Tónlistarmaðurinn Bob Culbertson mun flytja djass- og blúskennda tónlist á svokallaða Chapmannsfjöl. Hljóðfærið var fundið upp af Emmet Chapman og er eins og fjöl í laginu. Það er tíu til tólf strengja og inniheldur bæði eiginleika bassa og gítars. Hin unga og efnilega hljómsveit Tomten stígur á stokk. Lokaatriðið á aðalsviðinu verður svo rokkhljómsveitin White Sox All-Star. *- mmf*

# Færeyingar bjóða í bæinn

Frændur okkar Færeyingar halda árlega sína menningarnótt og nú ætla þeir að leggja sitt af mörkum til hinnar íslensku Menningarnætur.

„Þetta eru ekkert ólíkar menningarnætur, nema að sú íslenska er stærri," segir Jónas Þór Næs á sendiskrifstofu Færeyja. „Við tókum einnig þátt í fyrra en það var að eigin frumkvæði. Nú tökum við formlega þátt í samvinnu við Reykjavíkurborg." Það er óhætt að segja að framlag Færeyinganna lífgi upp á Menningarnóttina enda eru þeir miklir menningarunnendur.

„Við ætlum að bjóða fólki að koma á ræðismannsskrifstofuna okkar, í Austurstræti 12, en þar verður færeyskur matur á borðum og drykkir, upplestur og söngur. Við erum mjög stolt af færeyskri myndlistarsýningu sem verður í Hörpu en þar verða sýnd verk Elinborgar Lützen. Borgarstjóri Þórshafnar, Heðin Mortensen, mun opna sýninguna klukkan 15 og einnig mun tónlistarmaðurinn Teitur Lassen, spila þar kl. 18. Þá spilar Guðríð Hansdóttir bæði á ræðismannsskrifstofunni kl. 16 og á Óðinstorgi, en á Óðinstorgi verður hljómsveit með henni og byrja þeir tónleikar kl. 17.30. Rithöfundarnir Hanus Kamban og Sólrun Michelsen munu lesa úr sínum verkum á ræðismannsskrifstofunni kl. 14.30 og á Óðinstorgi kl. 17."



**Jónas Næs og Elsba Dánjalsdóttir á færeysku sendiskrifstofunni.**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslendingum á án efa eftir að líka það að komast í kynni við nýtt færeyskt listafólk en áður hafa slegið hér í gegn söngvararnir Eivör Pálsdóttir og Jógvan Hansen.




Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft



# SEATTLE Í RÁÐHÚSINU Á MENNINGARNÓTT

**Reykjavík og Seattle halda upp á 25 ára systraborgarsamstarf sitt á Menningarnótt. Af því tilefni býður Reykjavík Seattle að ganga í bæinn og mun Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur fyllast af fjölbreyttu listalífi frá Seattle fyrir börn og fullorðna.**

## 14:00
***Jón Gnarr borgarstjóri*** og ***Luis E. Arreaga*** sendiherra Bandaríkjanna setja Seattle dagskrána í Ráðhúsi Reykjavíkur.

## 14.10
***Quileute-indíánar*** blessa viðburðinn.

## 14:15
Frumbyggjar Ameríku — ***Quileute indíánar*** stíga úlfadans, segja sögur og miðla af þekkingu ættbálks síns.

## 14:45
***Georg gíraffi og félagar*** bjóða yngstu gestunum í brúðuleikhús.

## 15:30
***Bob Culbertson***, einn virtasti Chapman Stick hljóðfæraleikari heimsins, flytur jazz og blúskennda tónlist.

## 16:00
Frumbyggjar Ameríku — ***Quileute indíánar*** stíga úlfadans, segja sögur og miðla af þekkingu ættbálks síns.

## 16:30
***Georg gíraffi og félagar*** bjóða yngstu gestunum í brúðuleikhús.

## 17:00
***Bob Culbertson***, einn virtasti Chapman Stick hljóðfæraleikari heimsins, flytur jazz og blúskennda tónlist.

## 17:30
Frumbyggjar Ameríku — ***Quileute indíánar*** stíga úlfadans, segja sögur og miðla af þekkingu ættbálks síns.

## 18:00
***Tomten*** — Ung og efnileg popphljómsveit frá tónlistarborginni Seattle stígur á stokk.

## 20:30
***Bob Culbertson***, einn virtasti Chapman Stick hljóðfæraleikari heimsins, flytur jazz og blúskennda tónlist.

## 21:00
***Tomten*** — Ung og efnileg popphljómsveit frá tónlistarborginni Seattle stígur á stokk.

---

**Sýningarsalur opinn frá 14:00 – 22:00**

***Flugfélagið Delta*** gefur blöðrur

Ljósmyndasýning eftir ***Bill Stafford***

Myndbandasýning um Seattle eftir ***Craig Downing***

Föndurhorn þar sem hægt er að búa til sínar eigin pappírsbrúður.

***Seattle's Best Coffee*** býður upp á kaffi og smákökur

Kl. 17:00 – Vínsmökkun frá vínframleiðandanum ***Chateau Ste. Michelle***

Veitingar í boði svo lengi sem birgðir endast.

**Gakktu í bæinn**

## 15:00 – 16:30
Gakktu í bæinn í sendiherrabústað Bandaríkjanna að Laufásvegi 23. Gestir geta skoðað listaverk eftir frumbyggja norðvesturhluta Norður-Ameríku.

**White Sox All-Star Band**

## 20:00
***White Sox All-Star Band***, skipað rokkstjörnum úr hljómsveitunum Queen og Yes, kemur fram á Tónaflóði Rásar 2.

**Nánari upplýsingar á www.menningarnott.is**

DELTA
Seattle's Best Coffee
ICELANDIC H2O GLACIAL
AMERICAN SEAFOODS GROUP
Microsoft

### ● MÁTTARSTÓLPI MENNINGARNÆTUR FRÁ UPPHAFI



Landsbankinn og Höfuðborgarstofa hófu samstarf um Menningarnæturpott Landsbankans árið 2008 með það að markmiði að veita fjölbreyttum hugmyndum brautargengi á Menningarnótt. Rúmlega 60 umsóknir bárust í ár og hljóta þar af 50 viðburðir styrk á bilinu 50.000 til 200.000 krónur.

Verkefnin eru af ólíkum toga, allt frá heimilislegum garðtónleikum í Þingholtunum til fjölbreyttra smálistahátíða. Styrkir voru veittir í flokkunum Tónlist, Leiðsögn og fræðsla, Leiklist, Fjöllistaviðburðir, Gakktu í bæinn, Dans, Myndlist og ljósmyndun og Allskonar. Meðal þeirra uppákoma sem styrktar verða í ár má nefna dagskrá Framkvæmdafélags listamanna eða FRAFL, í samstarfi við Gogoyoko og fleiri en hópurinn mun taka yfir Hjartatorgið við Laugaveg með myndlist, tónlist og gjörningum. Við Óðinstorg verður dagskrá fram á kvöld með tónlist, dansi og smiðjum fyrir börn. Tangóævintýrafélagið býður gestum upp í tangó í Gyllta salnum á Hótel Borg og eldsmiðir sýna listir sínar með gamla laginu, svo fátt eitt sé nefnt.

Landsbankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi og verður sérstök menningardagskrá í útibúi bankans að Austurstræti 11.

# Hin nýja miðborg

**Grandinn er bráðskemmtilegur staður að koma á. Þar verður líflegt um að litast á Menningarnótt, sérstaklega í Járnbrautarstöðinni á Hólmaslóð.**



Valdimar Jóhannsson tónskáld og Kristján Freyr eru hér í góðum félagsskap Kjartans galdrakarls en myndina málaði Ísak Óli Sævarsson, sem heldur myndlistarsýningu í Járnbrautarstöðinni á Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Járnbrautarstöðin er vinnustaður nokkurra hljómsveita, Sudden Weatherchange, Reykjavík! og Love. Sömuleiðis eru þetta höfuðstöðvar útgáfufyrirtækisins Kimi records," segir Kristján Freyr Kristjánsson úr hljómsveitinni Prinspolo, en hann er einn þeirra sem skipuleggja tónleika, myndlistarsýningu og fiskiveislu að Hólmaslóð 2 á Menningarnótt.

Kristján og félagar hans eru afar ánægðir úti á Granda. Þeir voru áður með verslunina Havarí í miðbænum en þótti stemningin heldur dauf. „Miðbærinn hefur dofnað niður í lunda-, lyklakippu- og flíspeysubúðir. Hins vegar er stemningin úti á Granda einstök og kannski verður þetta hin nýja miðborg," segir Kristján sem býst við rífandi gleði á Menningarnótt.

„Við ætlum að bjóða fólki til okkar og halda hátíð. Hljómsveitirnar munu spila og svo höfum við boðið vinum okkar að koma og troða upp," segir Kristján en þeirra á meðal eru hljómsveitin Ofvitarnir og tónlistarmaðurinn Mugison. Þá verður afar áhugaverður veitingastaður í opinberri heimsókn. „Tjöruhúsið á Íslandi, sem margir vilja meina að sé besti fiskveitingastaður landsins, mun mæta með potta og pönnur og forvitnilegt að vita hvað þeir munu kokka upp."

Afar sérstakur myndlistarmaður, Ísak Óli Sævarsson, mun setja upp myndlistarsýningu í húsnæði Járnbrautarstöðvarinnar en Ísak málar myndir úr sögum og teiknimyndum á borð við strumpana og barbapabba. „Þá verður gestur í hjólhýsi úti á stétt," upplýsir Kristján en Berglind María Tómasdóttir flautuleikari lýkur ferð sinni um landið úti á Granda og gleður gesti með fögrum flaututónum. *- sg*








Sigríður Eir Zophoníasardóttir leikkona er ein þeirra listamanna sem troða upp á Grettisgötu 45 á Menningarnótt. Gestir og gangandi eru velkomnir milli klukkan 16 og 23. MYND/GVA

# Hýr list á Grettisgötu

Árni Grétar Jóhannsson leikstjóri breytir heimili sínu í hinsegin listamiðstöð á Menningarnótt. Heiti uppákomunnar er Hommar og lesbíur gera alls konar ýmislegt heima hjá Árna bí bí, sér til skemmtunar og yndisauka. Allir eru velkomnir og heitt á könnunni.

„Öll íbúðin verður undirlögð. Bæði myndlistarmenn og ljósmyndari sýna verk sín og fólk getur rölt um íbúðina og skoðað," segir Árni sem staddur var á Rifi við uppsetningu verksins Góðir hálsar. „Við skipuleggjum þetta gegnum netið, Sigríður Eir Zophoníasardóttir leikkona og Gunnar Helgi Guðjónsson myndlistarmaður standa í þessu með mér ásamt fleirum," segir Árni sem verður kominn í bæinn áður en dagskráin hefst á laugardaginn klukkan 16. „Við ætlum að opna milli svefnherbergisins og stofunnar. Herbergið verður svið og áhorfendurnir sitja í stofunni. Ef veðrið verður gott gæti dagskráin líka flætt út í garðinn. Það verður mikið líf og fjör."

Í svefnherberginu verður flutt dansverk, hljómsveitir og fjöllistamenn koma fram og flutt verður tónverk inni á baðherbergi. Meðal þeirra sem koma fram eru Hviss búmm bang hópurinn, Sandra and the Bullocks, dúettinn Gullbrá, Sigríður Eir Zophoníasardóttir leikkona, Gunnar Helgi Guðjónsson myndlistarmaður og Kári Emil Helgason grafískur hönnuður.

Þetta er í fyrsta sinn sem Árni opnar heimilið á Menningarnótt en hann væri vís til þess aftur.

„Ég ætlaði fyrst bara að vera með vöfflukaffi en svo spannst þetta út í þennan gjörning. Það verður gaman að sjá hvernig viðtökurnar verða."

Dagskráin hefst klukkan 16 og stendur til 23.

# Dagskrá Menningarnætur 2011

- TÓNLIST
- MYNDLIST & HÖNNUN
- SVIÐSLISTIR OG BÓKMENNTIR
- FJÖLSKYLDAN SAMAN
- GAKKTU Í BÆINN
- ALLS KONAR

**8:40-15 Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka**
Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram í 29. sinn.
**Reykjavík**

**10-23 A taste of Reykjavík - Ljósmyndasýning SEEDS**
Sýningin er afrakstur ljósmyndamaraþons SEEDS-sjálfboðaliða.
**Á næstu grösum, Laugavegi 20b**

**10-15:30 Af Bernhöft bakara og Einari borgara**
Gönguleiðsögn um miðbæinn studd uppstækkuðum ljósmyndum sem sýna gömlu Reykjavík. Gangan tekur 1½ klst. Lagt af stað kl. 10, 12 og 14.
**Arnarhóll**

**10-22 Ásfjall**
Ljósmyndir Péturs Thomsen, myndaðar undanfarin þrjú ár við Ásfjall í Hafnarfirði.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**10-15 Breaking My Spell**
Tískutengdur gjörningur eftir Michelle L. Morby, framkvæmdur í Reykjavíkur hálf-maraþoninu.
**Lækjargata 1**

**10-23 Erró**
Erró – Klippimyndir & Samtíningsverk / Þrívíddarsamklipp
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu**

**10-16 Erró – myndaspil**
Erró myndaspil eru handhægar kubba-einingar unnar úr verkum Errós sem má raða saman aftur.
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, Tryggvagötu**

**10-22 Fjallasýn**
Sýning Guðlaugar Geirsdóttur á keramik-verkum.
**Handverk og hönnun, Aðalstræti**

**10-22 Gefðu ráð-fáðu ráð**
Lumar þú á góðu húsráði? Gefðu ráð og fáðu ráð á „húsráðavegg" í Þjóðminja-safninu.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**10-22 Guðvelkomnir góðir vinir!**
Sýning á útskornum íslenskum hornum.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**10-22 Jór!**
Hestar í íslenskri myndlist.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagötu 5**

**10-22 Kjarval – Lykilverk**
Lykilverk úr safneign Listasafns Reykja-víkur af verkum Jóhannesar S. Kjarvals.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagötu 5**

**10-22 Komið og leikið!**
Skemmtimennt í Þjóðminjasafni Íslands. Búningar, leikföng og margt fleira!
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**10-22 Litbrigði hestsins**
Smiðja fyrir fjölskyldur.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagötu 5**

**10-22 Ljósmyndir úr Íslandsheimsókn 1955**
Ljósmyndir ljósmyndarans og myndlistar-mannsins Kurt Dejmo frá Íslandsheim-sókn hans 1955.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**



**Reykjavíkurmaraþon verður á sínum stað.**

**10-22 Mystic málverkasýning Kolbrúnar Róberts**
MYSTIC málverkasýning Kolbrúnar Róberts listmálara.
**Gallerý Augnakonfekt Laugavegi 95**

**10-23 Reykjavik Runway 2011**
Sýning á fatalínum í Fatahönnunarkeppni Reykjavik Runway 2011.
**Listasafn Reykjavík – Hafnarhús Tryggvagata**

**10-22 Saumaðu nafn þitt í gestadúk!**
Komdu nafni þínu á spjöld sögunnar! Gestum er boðið að koma og sauma nafn sitt út í dúk.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**10-23 Sjónarmið**
Sjónarmið – Á mótum myndlistar og heimspeki
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús Tryggvagötu**

**10-22 Stoppað í fat**
Sýning á viðgerðum munum úr safneign.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**10-22 Útskornir kistlar**
Kistlar útskornir með höfðaletri.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**10-22 Þjóð verður til**
Menning og samfélag í 1.200 ár.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**11-11:30 Borgarstjóri útnefnir Borgartré 2011**
Skógræktarfélag Reykjavíkur velur borgartré árlega í samstarfi við Reykjavíkurborg. Áshildur Haraldsdóttir leikur á flautu.
**Kirkjugarðurinn við Suðurgötu**

**11-22 Bókasalurinn – fundarstofur**
Gamli lestrarsalur Landsbókasafnsins og fundarstofur í vesturálmu verða opin gestum.
**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**

**11-22 Bragðaðu á Reykjavík í Leynibúðinni**
Bragðaðu á Reykjavík í Leynibúðinni, einstakt tækifæri til að njóta hönnunar og myndlistar.
**(Leynibúðin, Collective of Young Designers) Laugavegur 21**

**11-22 Handritin – saga og hlutverk um aldir**
Leiðsagnarhandrit fyrir fjölskyldur með sögum af skrímslunum Fáfni og Miðgarðs-ormi o. fl.
**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**

**11-18 Happdrætti hjá Koggu**
Vinningurinn er postulínsgripur. Samvinna Koggu og Magnúsar Kjartanssonar frá árinu 2004.
**Kogga Keramikgallerí, Vesturgötu 5**

**11-21:30 Hvaða saga er í myndinni?**
Leikur fyrir alla. Hvaða sögu finnst þér myndin segja? Í verðlaun er lítið listaverk.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**11-12 Leiðsögn á ensku í Þjóðminjasafninu**
Leiðsögn á ensku um grunnsýningu safns-ins.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**11-19 Ratleikur fyrir börn og fullorðna**
Ratleikur sem felst í að finna 9 listaverk í gallerínu. Listaverkabækur í verðlaun. Á tveggja tíma fresti frá 11:00-19:00.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**11-22 Safnarinn**
Kynning á Safnaranum listaverkaklúbbi. Þeir sem skrá sig geta átt von á utan-landsferð.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**11-22 Sjáðu svarta rassinn minn**
Sýning um samnefnda barnabók eftir Brynhildi og Þórey Mjallhvíti Heiðar- og Ómarsdætur.
**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**

**11-21:30 Upprennandi listamenn**
Teiknisamkeppni fyrir börn yngri en 12 ára.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

## Dagskrá Landsbankans í Austurstræti

**12.00, 12.45, 13.30 Listaverkaganga** með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi.
**14.30 Skemmtun fyrir börnin.** Tinna táknmálsálfur og Sproti bregða á leik ásamt Felix Bergssyni.
**15.00 Bændur flugust á.** Íslendingasögurnar í nýjum búningi. Ugla Egilsdóttir, Bergur Ebbi og Halldór Halldórsson varpa nýju ljósi á Íslendingasögurnar með ljóðum, tónum og uppistandi.
**16.00 Uppistand með félögum úr Mið-Íslandi.**
**17.00 Tónlistarmaðurinn Jón Jónsson ásamt hljómsveit.**
**14-17 Andlitsmálun og blöðrur fyrir utan bankann.**
Landsbankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi

**Landsbankinn, Austurstræti**




**Opið hús og happdrætti hjá Koggu.**

**11-22 Þjóðin og náttúran**
30 mínútna náttúrulífsmynd eftir Pál Steingrímsson kvikmyndagerðarmann. Sýnd viðstöðulaust.
**Þjóðmenningarhúsið Hverfisgötu 15**

**11-22 Þjóðmenningarhúsið**
Sýningar og veitingasala við allra hæfi. Barnafjölskyldur sérstaklega velkomnar!
**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**

**11-22 Þúsund ár – 1. áfangi**
Börn fá í hendur blað með nokkrum náttúru-þráðum sem rekja má um sýninguna.
**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**

**12-21 Flækjuflétta**
Stuttmynd um hönnun mynsturs fyrir vélprjón.
**Kraum, Aðalstræti 10**

**12-13 Gímaldin og Trausti Laufdal**
Gímaldin og Trausti Laufdal leika órafmagnað.
**Cafe Roma, Rauðarárstíg 8**

**12-12:30 Hádegistónleikar**
Guðbjörn Guðbjörnsson söngvari syngur létt lög við undirleik Guðbjargar Sigurjóns-dóttur.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**12-23 Sýning á verkum Hirðteiknara Reykjavíkurborgar**
Hirðteiknari Reykjavíkurborgar, Rán Flygenring, hefur haft það starf að draga upp myndir af sumrinu í borginni.
**Spark Design Space, Klapparstíg 33**

**12-19 100 andlit íslenskrar náttúru**
Á Menningarnótt fer fram sýningin 100 andlit íslenskrar náttúru á 50 stöðum í miðborg Reykjavíkur.
**Crymogea, Barónsstíg 27**

**12-23 Jónas Viðar málverk**
Jónas Viðar Gallery – opið gallery og vinnustofa
**Jónas Viðar Gallery, Laugavegi 49 bakhúsi**

**12-21:30 Listahapp**
Ókeypis listaverkahappdrætti. Dregið á 30 mínútna fresti frá kl. 12-21:30. Allir gestir fá happdrættismiða.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**12-22 Læsi**
Sýningin teflir saman listaverkum byggð-um á samspili texta, forma og rýmis. Leið-sögn kl. 16 og gjörningadagskrá kl. 20.
**Nýlistasafnið, Skúlagötu 28**

**12-23:30 Menningarnótt í Tjarnarbíói**
Tónlist, matur, drykkir og opin æfing. Opið til miðnættis.
**Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12**

**12-23 Myndlistarsýning Muses.is.**
Lifandi samsýning 17 listamanna sem verða á staðnum til viðræðna og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá.
**Bakkaskemma, Grandagarði 16**

**12-20 Spurningasprell Spurt að leikslokum**
Laufflétt spurningakeppni fyrir gesti og gangandi. Magnaðir vinningar fyrir þá getspökustu.
**Bergstaðastræti 10**

**12-18 Trommuleikur og graffiti**
Veraldarvinir bjóða upp á trommuleik og graffiti-málun með þátttöku almennings.
**Hús Veraldarvina, Hverfisgötu 59**

**12-23 Yfirhöfuð 2011**
Hattasýning þriggja ungra hattagerðar-manna.
**Eggert feldskeri, Skólavörðustíg 38**

**12-17 Höfðatorg**
Komdu við á Höfðatorgi og leggðu í bíla-stæðakjallaranum – frábær fjölskyldu-skemmtun í göngufæri við miðbæinn. Klifur, myndlist, Sveppi og Villi, leiktæki og fleira.
**Höfðatorg**

**13-22 44 bandarísk augnablik**
Ljósmyndasýning frá flakki ungs manns um Bandaríkin ásamt frásögn í texta.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur ,Tryggvagötu 15**

**13-17 Andlitsmálun og leikir**
Veraldarvinir bjóða upp á andlitsmálun og leiki fyrir börn og fullorðna.
**Hús Veraldarvina, Hverfisgötu 59**

**13-19 Barnaland í listaporti**
Mikið fjör og hoppukastalar fyrir yngri börnin.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**13-22 Erró - sölusýning**
Sölusýning á verkum eftir Erró. Frábær olíuverk úr einkasafni.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**13-17 Fimmtíu góðæri í Listasafni ASÍ**
Sýning í tilefni af 50 afmæli Listasafns ASÍ á verkum 65 listamanna í eigu safnsins.
**Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41**

**13-15 Fjallkonugangan**
Guðjón Friðriksson leiðir göngu um slóðir Kristínar Dahlstedt sem rak veitinga-staðinn Fjallkonuna.
**Fjallkonubakarí, Laugavegi 23**

**13-17 Hittumst á Hlemmi**
Urban Utd stendur fyrir fjölda viðburða ólíkra listamanna, í og við biðskýlið á Hlemmi
**Hlemmur**

**13-14 Ingibjörg Einarsdóttir og Reykjavík**
Söguganga – Hver var Ingibjörg Einars-dóttir?
**Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7**

**13-17 Japlað á Menntakerfinu**
SÍF tekur á móti vegfarendum Pósthús-strætis með túbusjónvörpum, góðgæti og tússpennum.
**Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5**

**13-17 Jón Sigurðsson og Reykjavík**
Jón Sigurðsson og Reykjavík. Síðasti sýningardagur.
**Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7**

**13-15 Listasmiðja fyrir börn á öllum aldri**
Þema listasmiðju er: Verði þér að góðu! þar sem krökkum gefst kostur á að föndra matarboð.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**13-18 Ljósmyndasýning og alþjóðlegt smakk**
Veitingar frá ýmsum löndum og ljós-myndasýning í tilefni tíu ára afmælis Veraldarvina.
**Gula og bleika húsið, Hverfisgötu 61**

**13-22 Ljósmyndasýning til lítils drengs**
Karolina Boguslawska sýnir ljósmyndir sem hún tók á ferðalagi með barnungum syni sínum.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**



**Harmonikkutónar hljóma um alla borg.** HLJÓMAMYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

**13-14 Móður Theresusystur leika við börnin**
Móður Theresu Systur skemmta börnum á Útitaflinu við Lækjargötu.
**Útitaflið við Lækjargötu**

**13-22 Nikhil Nathan Kirsh – TRANSGRESS**
Nikhil Nathan Kirsh opnar sína fyrstu einkasýningu á Íslandi kl. 13. Allir velkomnir.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**13-18 Opið hús hjá Geðhjálp og Klúbbnum Geysi**
Geðhjálp og Geysir taka höndum saman og hafa opið hús til að kynna starfsemi sína.
**Hús Geðhjálpar, Túngötu 7**

**13-19 Opið hús hjá JCI**
Tónlist, skemmtileg örnámskeið og leikir. Gestir geta kynnt sér starf JCI-hreyfingarinnar **JCI, Hellusundi**

**13-17 Lautarferð á Klambratúni**
Dótakassinn verður opinn en í honum er fullt af leikföngum og leiktækjum, Súpubarinn útbýr veitingar sem taka má út.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagötu 5**

**13-14 S'il te plaît, raconte moi une histoire**
Sögukona með brúðu segir frá. Sungnar verða franskar barnavísur með krökkunum. 2-5 ára. Kl. 13:00 og 13:30
**Alliance francaise, barnaherbergið. Tryggvagötu 8**

**13-13:30 Setning Menningarnætur**
Borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr, setur Menningarnótt formlega við Hörpu.
**Harpa – útisvið Austurbakka 2**

**13-13:30 Sjónarmið – fjölskylduleiðsögn**
Leiðsögn fyrir alla fjölskylduna um sýninguna Sjónarmið í Hafnarhúsinu.
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsi Tryggvagötu**

**13-22 Stefnumót við liðna tíð**
Langar þig í polaroid-mynd af þér og þínum í glæsilegum búningum frá gömlum tímum?
**Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**13-14 Súkkulaði eldfjöll og skyrkonfekt**
Súkkulaði eldfjöll og skyrkonfekt.
**Kraum, Aðalstræti 10**

**13-21 Varðskipið Óðinn opið almenningi**
Fyrrverandi skipsherrar á Óðni bjóða gesti velkomna um borð í varðskipið.
**Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8**

**13-23 Veitingahúsið Höfnin býður heim**
Bláskel, kjötsúpa og tónar fram á kvöld í boði veitingahússins Hafnarinnar.
**Veitingahúsið Höfnin, Geirsgötu 7c**

**13-18 Önnur veröld er möguleg**
Attac og No Borders standa fyrir fjölbreyttri menningardagskrá og Food not Bombs elda. Meðal þeirra sem koma fram eru: Ellen og KK, Einar Már Guðmundsson og Elísabet Jökulsdóttir.
**Hegningarhúsið Skólavörðustíg**

**13:30-16 25 ára afmælishátíð Bylgjunnar**
25 ára afmælishátíð Bylgjunnar. Meðal listamanna verða Páll Óskar, Jón Jónsson og margir fleiri.
**Ingólfstorg**

**13:30-16:30 Sólskoðun á Austurvelli**
Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn bjóða fólki að skoða sólina. **Austurvöllur**

**14:00 Setning dagskrár Seattle í Ráðhúsinu**
Borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr, setur formlega dagskrá gestasveitarfélagsins Seattle í Ráðhúsinu ásamt Luis Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**14 -23 Ljósmyndasýning**
Ljósmyndasýning Bill Stafford er í tengslum við dagskrá Seattle í Ráðhúsinu.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**14-23 Stutt vídeó um Seattle**
Stutt vídeómynd um Seattle eftir Craig Downing sýnd á skjá reglulega yfir daginn.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**14:00 Kaffikynning**
Í tengslum við dagskrá Seattle í Ráðhúsinu býður Seattle's Best Coffee upp á rjúkandi kaffi og kökur á meðan birgðir endast.
**Ráðhús Reykjavíkur**



# Vígsla Hörpu

**13:00 Setning Menningarnætur**
**13:05 Reykjavík Jungle Unit**
**14:00 Maxímús og Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Ókeypis miða má nálgast í miðasölu tveimur tímum fyrir tónleika.
**14:10 Stórsveit Seltjarnarness á útisvæði**
**14:30, 15:00, 16:30, 17:00 Kínverskir loftfimleikamenn**
**14:30, 15:30, 16:30 Listaverkaleiðsögn**
**15:00 Opnun myndlistasýningar á verkum Elinborgar Lützen í Flóa**
**15:20 Heiðursspprautun Magna**
**15:30-17:30 Söngveisla Söngskólans í Reykjavík í Silfurbergi**
**15:30 Latínkvartett Tómasar R. Einarssonar Í Flóa**
**16:00 Sönghópurinn Spectrum og Ingveldur Ýr í Kaldalóni**
**17:00 Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
Ókeypis miða má nálgast í miðasölu tveimur tímum fyrir tónleika.
**17:45 Varsjárbandalagið leikur í Flóa**
**18:00 Teitur Lassen frá Færeyjum leikur í Norðurljósasal**
**19:00 Tríóið KremKex í Flóa**
**20:00 Setning Jazzhátíðar Reykjavíkur 2011**
**20:00 Elísabet Waage og Björg Þórhallsdóttir í Flóa**
**22:40 Glerveggur Ólafs Elíassonar tendraður í fyrsta sinn**

**Siglingar með Sérferðum frá Sundahöfn að Hörpu frá kl. 19:00-24:00 á klukkutímafresti. Verð: 1.000 kr. fullorðnir, 500 kr. börn.**

**14-14:30 Something the place suggested**
Danshópurinn Raven sýnir framsækið dansverk á óvenjulegum stað.
**Hemmi og Valdi, Klapparstíg**

**14-14:30 Barn ert þú í hjarta**
Sóla sögukona kemur á sögubílnum Æringja og segir börnum á öllum aldri sögu. Sýnt aftur kl. 15:00
**Hallargarðurinn, Fríkirkjuvegi 11**

**14-22 Elva Hreiðarsdóttir sýnir grafíkverk**
Elva Hreiðarsdóttir sýnir grafíkverk. Tónlistarflutningur kl.16.
**Íslensk Grafík, Tryggvagötu 17, hafnarmegin**

**14-23:30 Ljós í myrkri**
Vegfarendur um Skólavörðustíg geta notið ljósaskúlptúra í gluggum Slippsins.
**Slippurinn, Skólavörðustíg 25a**

**14-23 FESTISVALL 2011 í boði GOGOYOKO og FRAFL**
Fjölbreyttur listviðburður. Myndlist, tónlist, hönnun og margt fleira.
**Hjartatorg við Laugaveg 21**

**14-15 Fjölskylduleiðsögn - Kjarvalsstaðir**
Fjölskylduleiðsögn um smiðjuna Litbrigði hestsins og Jór!
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagötu 5**

**14-17 Föndursmiðja fyrir börnin**
Komið og föndrið japanska Koi-gullfiska og báta sem að geta siglt um höfin blá!
**Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8**

**14-17 Gallerí Tukt**
Samsýning Birnu Maríu Styff og Sigrúnar Ernu Sigurðardóttur.
**Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5**

**14-16 Haðarstígur býður heim**
Iðandi mannlíf á Haðarstígnum. Kaffi, heimabakstur, söngur, gleði – og lifandi veggverk!
**Haðarstígur**

**14-17 Harmonikutónlist, kaffi, kakó & kleinur**
Harmonikur þandar þar sem lögð verður áhersla á þekkt íslensk og erlend lög.
**Skólavörðustígur 19, við hlið Handprjónasambands Íslands.**

**14-18 Föndurhorn**
Brúðuleikhúsið Giraffe & Staff frá Seattle stendur fyrir föndurhorni fyrir börnin.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**14-16 Heimspekikaffihús: Hvar endar menningin?**
Hvar byrjar menning? Er hægt að eyðileggja hana? Er til bæði góð og slæm menning?
**Iðnó, Vonarstræti 3**

**14-16 Hönnuðurinn Hrönn kynnir nýtt munstur**
Skólavörðuholtið er uppspretta hönnunar Hrannar á Cafe Loka.
**Cafe Loki, Lokastíg 28**

**14-18 Japanskt smökkunarhorn**
Japanskt smökkunarhorn.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**14-14:30 Japönsk myndleturssmiðja**
Yoko Thordarson kynnir mismunandi tegundir japansks myndleturs og gestir fá að spreyta sig. Kl. 14:00, 15:00 og 16:00.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**14-18 Japönsk teathöfn**
Etsuko Satake sýnir hvernig japönsk teathöfn fer fram og leyfir gestum að smakka.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**14-16 Komdu í faðm minn**
Vegfarendum á Laugaveginum er boðið upp á knús og faðmlög í boði Hlutverkaseturs.
**Laugavegur 25**

**14-15 Kvennaslóðir – með borgardömum og drösum**
Birna Þórðar gengur frá Skólavörðuholti. Magnús R. Einarsson spilar. Þýtt á 5 tungumál.
**Skólavörðuholt – við styttuna**

**14-22 Kvikmyndir frá Japan**
Stuttmyndir um Japan og japanska menningu verða sýndar í Kamesi Borgarbókasafns á 5. hæð.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur Tryggvagötu 15**

**14-17 Listhópar Hins hússins á Menningarnótt**
Fjölbreytt dagskrá Listhópa Hins hússins verður fyrir framan og inni í Hinu húsinu.
**Hitt húsið Pósthússtræti 3-5**

**14-17 Líf í leir og list í Gallerí Dungu**
Leirmótun - rennsla fyrir börn, myndlist, tískusýning og tónlistaratriði.
**Gallerí Dunga Gamla höfnin Geirsgata 5a**

**14-15 Ljúfir harmonikutónar í Iðnó**
Harmonikan hljómar í Iðnó.
**Iðnó, Vonarstræti 3**

**14-18 Mennskar styttur**
Mennskar styttur á vegum LÆK munu standa grafkyrrar hér og þar um miðborgina.
**Austurvöllur**

**14-17 Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns**
Sýning Myntsafns Seðlabanka og Þjóðminjasafns. Opinber mynd: Sérsýning á efni tengdu Jóni Sigurðssyni.
**Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1**

**14-14:30 Myrra Rós spilar og syngur**
Myrra Rós spilar og syngur frumsamin lög í þjóðlagapoppstíl. Kl. 14:00, 16:00 og 21:00.
**Kraum, Aðalstræti 10**

**14-21 Norræn hátíð við Óðinstorg**
Fjölbreytt tónlistarveisla allt frá þjóðlagatónlist upp í þungarokksveislu. Hönnunar- og listamarkaður og smiðja fyrir börnin.
**Norræna félagið, Óðinsgötu**

**14-18 Opið hús í Sendistovu Færeyja**
Færeysk list, matur og drykkur, bókmenntir og tónlist í Sendistovu Færeyja.
**Sendistova Færeyja, Austurstræti 12**

**14-16 Orðabelgur – eftir Ragnhildi Jóhanns**
Ragnhildur Jóhanns býður gestum að ganga í bæinn, skoða verk sín og þiggja hressingu.
**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**

**14-14:30 Óskabarn – æskan og Jón Sigurðsson**
200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Leiðsögn um sýninguna fyrir börn. Kl. 14, 15 og 16.
**Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15**

**14-16 Partner Yoga**
Jógar para sig saman og sýna partner-yoga æfingar. Samvinna, traust og einbeiting.
**Austurvöllur**



**Kínverskir loftfimleikamenn munu leika listir sínar í Hörpu á laugardaginn.**



**Færeyski tónlistarmaðurinn Teitur Lassen spilar í Hörpu klukkan 18.**

**14-22 S78 kynna sig, opið hús í Samtökunum '78**
Samtökin kynna fjölbreytta starfsemi. Tónlist og uppákomur.
**Félagsmiðstöð Samtakanna '78, Laugavegi 3, 4.hæð**

**14-18 Tehús Unnar**
Kínversk leikfimi, te og meðlæti. Gestir fá spádóma sér til andlegrar uppbyggingar.
**Njálsgata 33a**

**14-17 Teiknisamkeppni barna**
Teiknisamkeppni barna. Silfurskartgripur eftir verðlaunateikningu í verðlaun.
**Húnoghún, Skólavörðustíg 17b**

**14-23 Tónlistarveisla í Iðnó**
Latínband Tómasar R., Varsjárbandalagið, Tríó Glóðir og fleiri fylla Iðnó fögrum tónum.
**Iðnó Vonarstræti 3**

**14-16 Ullarskart og silki**
Aðalbjörg og Sigríður Elfa sýna ullarskart og silki í Textíl. Glæsileikí og litasamspil.
**Textíll, Lokastíg 28**

**14-16:30 Víkingakrakkar í Reykjavík**
Leiðsögn um lífið hjá krökkum á Landnámsöld. Kl. 14:00 og 16:00.
**Landnámssýningin, Aðalstræti 16**

**14-16 Vöfflukaffi**
Íbúar Þingholtanna bjóða gestum og gangandi í vöfflur og kaffi á eftirtöldum stöðum:
Ingólfsstræti 21a
Freyjugötu 28
Þingholtsstræti 27, 3.h.
Baldursgötu 1
Grettisgötu 34
Óðinsgötu 8b
Bergþórugötu 20
Grundarstíg 4, 2.h.
Spítalastíg 4, 3.h.
Mímisvegi 2
Baldursgötu 9
**Þinghólt**

**14-16 Vöfflukaffi, höggmyndir og tónlist**
Vöfflur og kaffi. Höggmyndir eftir Þorbjörgu Pálsdóttur og lifandi tónlist.
**Ingólfsstræti 21a**

**14-17 Húsbílaeigendur bjóða í bæinn**
Félagar í Félagi húsbílaeigenda bjóða gestum um borð, huggulegar veitingar.
**Gamla Hringbraut**

**14-18 White Signal**
Hljómsveitin White Signal ætlar að spila á Bryggjunni í Sjóminjasafninu að Grandagarði 8
**Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8**

**14-14:30 Þekking á ekta ferskvatnsperlum**
Stutt kynning á ferskvatnsperlum, mismuninum á ekta og óekta og hvaða þættir ráða verði.
**Laboutique.is Njálsgötu 62**

**14:10 Quileutes frumbyggjar stíga dans**
Hópur frumbyggja Ameríku stíga úlfadans og deila með okkur lífssýn sinni. Aftur kl. 16 og 17:30.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**14:30-16:30 Góðgerðarkeyrsla Harley Davidson eigenda**
HOG Chapter Iceland býður akstur í kringum Tjörnina til styrktar langveikum börnum. Verð: 500 kr.
**Austurvöllur**

**14:30-15:30 Minjagripur Reykjavíkurborgar**
Tvíeykið Gerist kynnir vöru sína, minjagrip Reykjavíkurborgar.
**Kraum, Aðalstræti 10**

**14:30-22 Myndlist í gæsluvallarskýli**
Samsýning myndlistarmanna sem tengjast verkamannabústöðunum í nýviðgerðu gæsluvallarskýli
**Gæsluvallarskýlið Héðinsvelli við Hringbraut 60**

**14:30-15 Sönghópurinn Spectrum og Ingveldur Ýr**
Sönghópurinn Spectrum syngur þekkt dægur og söngleikjalög undir stjórn Ingveldar Ýrar.
**Fríkirkjan í Reykjavík, Fríkirkjuvegi 5**

**14:45 Brúðuleikhús**
Brúðuleikhúsið Giraffe & Staff frá Seattle með sýningu fyrir börnin. Aftur kl. 16:30.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**15-18 Bowentækni og Svæðanudd**
Opið hús á Nuddstofunni, þú gætir dottið í lukkupottinn!
**Bowentækni og Svæðanudd, Lindargötu 66**

**15-15:30 Bókmenntatrot frá Japan**
Yrsa Sigurðardóttir spjallar um og les úr glæpasögunni Næturvaktinni eftir Natsuo Kirino.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**15-15:30 Brokk kórinn**
Hestamennirnir sönggleðu kynda undir stemningunni á Kjarvalsstöðum.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir, Flókagötu 5**

**15-16 Byggingarlist - leiðsögn um Hafnarhúsið**
Arkitektinn Hugrún Þorsteinsdóttir leiðir gesti um Hafnarhúsið.
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsi Tryggvagötu**

**15-17:30 Dansað í Kramhúsinu**
Bollywood, Breik, Balkan dans, Zumba, Salsa, Afró og fleiri dansar. Sýningar og kennsla.
**Kramhúsið, Bergstaðastræti 7**

**15-18 Draugahús við Hverfisgötu 59**
Hús Veraldarvina við Hverfisgötu 59 verður draugahús.
**Hús Veraldarvina, Hverfisgötu 59**

**15-15:30 Hrekkjalómar og prakkarastrik**
Sögustund með Brynhildi og Kristínu Evu úr Leynifélaginu og Geymslunni.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**15-21 Kvenfrelsi & framfarir í Rvk. 1908-1916**
Dyr inn í Ísland í byrjun 20. aldar þegar allt virtist mögulegt og kvenfrelsi blómstraði.
**Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**15-17 Leikir fyrir börn og fullorðna**
SEEDS sjálfboðaliðar skipuleggja leiki fyrir börn og fullorðna. Allir velkomnir!
**Garður – Listasafns Einars Jónssonar, Freyjugötu**

**15-15:30 Ljóð og lög á íslensku og táknmáli**
Meðal flytjenda eru Arnar Jónsson, Edda Þórarinsdóttir og Helga Jónsdóttir. Aftur kl. 16:00.
**ELM Design, Laugavegi 1**

**15-15:30 Ljóðahópur Gjábakka**
Ljóðahópur Gjábakka flytur áður óbirt ljóð.
**Jónas Hallgrímsson, Hljómskálagarðinum**

**15-16:30 Mamma könguló – Fjölskyldusmiðja**
Fjölskyldusmiðja þar sem unnið er út frá sérstæðum myndheimi Louise Bourgeois.
**Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7**

**15-17 Músík og munngælur á DILL restaurant**
DILL restaurant grillar krækling undir fögrum djasstónum hljómsveitarinnar Eylands
**Norræna húsið, Sturlugötu 5**

**15-16 Netagerð og splæsingar**
Sýnikennsla í netagerð og splæsingum.
**Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8**

**15-16:30 Opið hús hjá Sendiherra Bandaríkjanna**
Sendiráðsbústaður Bandaríkjanna verður opinn almenningi til að skoða listaverkasýningu.
**Sendiráðsbústaður Bandaríkjanna, Laufásvegi 23**

**15-20 Opið hús í Aðventkirkjunni**
Opið hús í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti.
**Aðventkirkjan í Reykjavík, Ingólfsstræti 19**

**15-17 Reipline/Togsperra**
Reiptog, jafnvægisæfingar, Reif í fótinn og taumlaus gleði!
**Austurvöllur**

**15-21 Sálmafoss í Hallgrímskirkju**
Tónlistardagskrá á Sálmafossi í Hallgrímskirkju frá kl. 15:00-21:00.
**Hallgrímskirkja**

**15-15:30 Tónleikar: Robert the Roommate**
Hljómsveitin Robert the Roommate spilar frumsamin lög í bland við ýmis þekkt lög.
**Iðnó, Vonarstræti 3**

**15-16 Urta.Islandica**
Kynning frá Urta.Islandica.
**Kraum, Aðalstræti 10**

**15-23 Járnbrautarstöðin**
Markaður, sýning á verkum Ísaks Óla, gómsætur matur og tónleikar: Reykjavík! Mugison, Sudden Weather Change og ofvitarnir.
**Hólmaslóð 2**

**15:30 Bob Culbertson**
Tónlistamaðurinn Bob Culbertson frá Seattle flytur djass- og blúskennda tónlist á svokallaða Chapmanns-fjöl. Hann kemur einnig fram fyrr um daginn við Ráðhúsið. Aftur kl. 17 og 20:30.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**15:30-16:30 Dagur Sigurðsson og hljómsveit**
Dagur Sigurðsson spilar ásamt nýrri hljómsveit fyrir vegfarendur í Austurstræti.
**HaPP, Austurstræti 22**

**15:30-16:30 Goðaganga um goðahverfið**
Leiðsögn arkitektanna Péturs Ármannssonar og Þorvaldar S. Þorvaldssonar um goðahverfið.
**Norræna félagið, Óðinsgötu**

**15:30-17 Harmonikuball**
Boðið verður upp í dans við Útitaflið á Lækjargötu. Upplagt að taka smá snúning!
**Útitaflið við Lækjargötu**

**16-20 Arck – Origami-gjörningur**
Björn Finnsson og Jón Víðis Jakobsson frá Origami Ísland setja saman tveggja metra origami-verk.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**16-16:30 Bókmenntatrot frá Japan**
Haukur Ingvarsson kynnir skáldskap Nóbelshafans Kawabata og les nýþýddar sögur eftir hann.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**16-17 Daníel Magnússon kynnir verk sín**
Daníel Þorkell Magnússon, myndlistarmaður og smiður, kynnir verk sín s.s. stóla, sófaborð og hnífastand.
**Kraum, Aðalstræti 10**

**16-18 Ekki er allt sem sýnist!**
Uppábúin hjón safna flöskum og sníkja aura.
**Kjörgarður, Laugavegi 59**

**16-22 Eldur í afli**
Eldsmiðir að störfum með gamalli og nýrri tækni þar sem járnið verður hamrað heitt.
**Á horni Vesturgötu og Aðalstrætis**

**16-17 Leiðsögn á ensku**
Leiðsögn á ensku um sýningarnar Kjarval Lykilverk og Jór!
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir Flókagötu 5**

**16-18 Fólk á ýmsa vegu**
Málverkasýning Auðar Ingu Ingvarsdóttur.
**Iða, Lækjargötu**

**16-17 Gestur Gunnarsson með upplestur**
Gestur Gunnarson les valda kafla úr bók sinni: Mis sannar sögur af sjó og landi. Aftur kl. 21
**Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8**

**16-23 Kirsuberjatréð býður alla velkomna**
Varsjárbandalagið, Lame Dudes, hönnun og listir.
**Kirsuberjatréð, Vesturgötu 4**

**16-17 Leiðsögn um sýninguna Læsi**
Sýningarstjórinn J.B.K. Ransu verður með leiðsögn um sýninguna Læsi.
**Nýlistasafnið, Skúlagötu 28**

**16-22 Lifandi þrykk**
Opið verkstæði hjá Íslenskri Grafík.
**Íslensk Grafík, Tryggvagötu 17**

**16-17 Listamannaspjall**
Breski listamaðurinn Nikhil Nathan Kirsh ræðir við gesti um sýningu sína. Kl. 16 og 20.
**Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14**

**16-16:30 Ljóðahópur Gjábakka**
Ljóðahópur Gjábakka flytur áður óbirt ljóð.
**Styttan af Tómasi Guðmundssyni, Tjarnargötu**

**16-17 Milli fjalls og fjöru - Friðrik Ottó**
Friðrik Ottó Ragnarsson sýnir olíuverk á Cafe Loka – Milli fjalls og fjöru
**Cafe Loki, Lokastíg 28**

**16-20 Persona**
Samsýning Huldu Hlínar Magnúsdóttur og Katrínar Þorvaldsdóttur.
**Tjarnargata 40**

**16-16:30 Píanóleikur í Þjóðminjasafni Íslands**
Píanóleikarinn Jón Sigurðsson leikur tónlist eftir Bach, Mozart og Liszt.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**16-21:30 Tónlistarviðburðir í Kramhúsinu**
Ýmsir tónlistarviðburðir í Kramhúsinu – Tónlist frá ýmsum heimshornum.
**Kramhúsið, Bergstaðastræti 7**

**16-17 Tríó Glóðir**
Tríó Glóðir spila dægurlagaperlur Oddgeirs Kristjánssonar (1911-1966) tónskálds úr Eyjum.
**Iðnó, Vonarstræti 3**

**17:00 Vínkynning**
Í tengslum við dagskrá Seattle í Ráðhúsinu býður Chateau Ste. Michelle upp á vínkynningu.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**17-18 Byggingarlist – leiðsögn um Kjarvalsstaði**
Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt leiðir gesti um Kjarvalsstaði.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir Flókagötu 5**

**17-18 Erró – leiðsögn**
Leiðsögn um sýningarnar Erró – Klippimyndir og Erró – Samtíningsverk / Þrívíddarsamklipp
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús Tryggvagötu**

**17-19 Unseen & Unheard**
Ljósmyndasýning, vídeólist, gjörningar og skwee sem þú hefur ekki séð né heyrt fyrr.
**Norræna húsið, Sturlugötu 5**

**17-18 Tónleikar með hljómsveitinni Gæðablóð**
Tónlist frá öllum heimshornum með heimagerðum íslenskum textum.
**Skólavörðustígur/Bankastræti**

**17-18 Latínkvartett Tómasar R. Einarssonar**
Tómas R.: bassi, Óskar Guðjóns: saxófónn, Ómar Guðjóns: gítar, Matthías Hemstock: trommur.
**Iðnó, Vonarstræti 3**

**17-17:30 Lög Helga Helgasonar í húsi Gröndals**
Lúðraþeytarafélag Reykjavíkur hið síðara leikur lög Helga Helgasonar í húsi Gröndals.
**Gröndalshús eldra, Þingholtsstræti 14**

**17-19 Pole Fitness sýning**
Byrjendur og þrautvanir kennarar sýna listir sínar.
**Ingólfstorg**

**17-18 Samspil á harmonikur í Hallargarðinum**
Samspil á harmonikur með Félagi harmonikuunnenda í Reykjavík.
**Hallargarðurinn, Fríkirkjuvegi 11**

**17-17:30 Skúli fógeti kíkir í heimsókn**
Skúli fógeti kíkir við í Aðalstræti 10. Kl. 17:00, 19:00 og 20:00.
**Kraum, Aðalstræti 10**



**Varsjárbandalagið fer víða á Menningarnótt.**

**17-17:30 Söngfjelagið Góðir grannar**
Söngfjelagið Góðir grannar mun syngja innlend og erlend lög í Viðey kl. 14:30 og á Vesturgötunni kl. 17:00.
**Ingólfsnaust, Vesturgötu 1**

**17:30-18 Guðríð Hansdóttir flytur tónlist**
Færeyska tónlistarkonan Guðríð Hansdóttir kemur fram á sviði við Óðinstorg.
**Norræna félagið, Óðinsgötu**

**17:30-18 Japan með íslenskum augum**
Íslendingar sem hafa búið og lært í Japan kynna japanska menningu í máli og myndum.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**18:00 Hljómsveitin Tomten**
Hin unga og efnilega rokkhljómsveit Tomten frá Seattle stígur á stokk. Aftur kl. 21.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**18-23:30 Dansaðu tangó af ástríðu í Gyllta salnum**
Ástríðutangó í Gyllta salnum á Hótel Borg kl. 18 og kl. 20 Ókeypis tangókennsla. Dönsum til 24:00.
**Hótel Borg, Pósthússtræti 11**

**18-19 Gímaldin og félagar og Eggert feldskeri**
Gímaldin og félagar og Eggert feldskeri troða upp.
**Eggert feldskeri, Skólavörðustíg 38**

**18-19 Kvikmynd-Húsmæðrakennaraskóli Íslands**
Sýnd verður kvikmyndin Húsmæðrakennaraskóli Íslands – sumarstarf á Laugarvatni 1949-1955
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**19:30-22:30 Tónaflóð 2011 – Stórtónleikar Rásar 2**
Fram koma Jón Jónsson, Mugison, Whitesox-All Star Band og Bubbi & Sólskuggarnir.
**Arnarhóll**

**20-22:30 25 ára afmælistónleikar Bylgjunnar**
Allar helstu poppstjörnur landsins rifja upp 25 ára tónlistarsögu Bylgjunnar. Meðal þeirra sem koma fram eru Sálin hans Jóns míns, Páll Óskar, Ragnhildur Gísladóttir og Björgvin Halldórsson.
**Ingólfstorg**

**20-21 Alþjóðlegur djassdúett í Norræna húsinu**
Luke Howard og Janos Bruneel flytja ópusa af diski sínum Open Road.
**Norræna húsið, Sturlugötu 5**

**20-21:30 Dagur Sigurðsson og hljómsveit**
Dagur Sigurðsson spilar með nýrri hljómsveit í bakgarði Hressingarskálans.
**Bakgarður Hressingarskálans, Austurstræti 20**

**20-22 Ferlíki – Djass á Kjarvalsstöðum**
Leiknir verða djassstandardar fyrir gesti og gangandi.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir Flókagötu 5**

**20-21 Frönsk harmónikutónlist**
Jóna Einarsdóttir leikur franska kaffihúsatónlist á harmóniku.
**Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15**

**20-23:30 Gakktu um borð í Hvalasetur Eldingar**
Lifandi tónlist og skemmtilegt andrúmsloft í Hvalasetrinu við Ægisgarð.
**Hvalasetur Eldingar, Ægisgarði**



**Hin unga og efnilega rokkhljómsveit Tomten frá Seattle spilar í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 18 og 21.**



**Jón Sigurðsson píanóleikari spilar tónlist eftir Bach, Mozart og Liszt í Þjóðminjasafninu klukkan 16.**

**18-19 Leiðsögn um Kjarval Lykilverk og Jór!**
Leiðsögn um Kjarval Lykilverk og Jór á íslensku.
**Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir Flókagötu 5**

**18-18:30 Lífið á landnámsöld**
Lífið á landsnámsöld. Hverjir bjuggu í skálanum? Leiðsögn kl. 18:00 og 20:00.
**Landnámssýningin, Aðalstræti 16**

**18-18:30 Within it – dansverk**
4 mín. dansverk í flutningi Ólafar Helgu Gunnarsdóttur, eftir Nicole von Arx.
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús Tryggvagötu**

**18:30-23:30 Engisprettufaraldur í Bankastræti núll**
Einar Már Guðmundsson og Bjartmar Guðlaugsson leiða saman hesta sína á Sjávarbarnum.
**Sjávarbarinn, Grandagarði 9**

**19-20 Framandverkaflokkurinn Kviss Búmm Bang**
Kviss Búmm Bang leiðir gesti um safnið og veitir nýtt sjónarhorn á það sem fyrir augu ber.
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús Tryggvagötu**

**19-22 HEIMA fólk á svölunum heima**
Tónleikar á svölunum heima hjá dúettinum HEIMA. Ásamt folk/rock veislugestum samtímans.
**Grettisgata 5**

**19-21 Hjarta, spaði, tígull, lauf**
Komdu og rifjaðu upp gömlu góðu spilin, til dæmis ólsen ólsen, rommí og veiðimann!
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**20-22 Gjörninga- og upplestradagskrá**
Gjörninga- og upplestradagskrá í tengslum við yfirstandandi sýningu safnsins sem ber heitið Læsi.
**Nýlistasafnið Skúlagata 28**

**20-21 Indælar aríur og elskuleg lög**
Létt og leikandi söngskemmtan með fimm fræknum söngvurum og einu stykki píanósnillingi!
**Dómkirkjan í Reykjavík Við Templarasund**

**20-21 Leiðsögn - Sjónarmið**
Leiðsögn um sýninguna Sjónarmið - Á mótum myndlistar og heimspeki.
**Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús Tryggvagata**

**20-21 Leiðsögn um sýninguna Kona/Femme**
Halldór B. Runólfsson safnstjóri fylgir gestum um sýninguna Kona/Femme - Louise Bourgeois.
**Listasafn Íslands Fríkirkjuvegur 7**

**20-22:30 Tónleikar í Hljómskálagarðinum**
Lokahnykkurinn á Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka verða tónleikar þar sem fram koma Magnús & Jóhann og Nýdönsk.
**Hljómskálagarðurinn**

**20:30-21:30 Kvöldtónleikar**
Guðbjörn Guðbjörnsson söngvari syngur létt lög við undirleik Guðbjargar Sigurjónsdóttur.
**Gallerí Fold Rauðarárstígur 14**

**20:30-21:30 Táknmál í verkum Einars Jónssonar**
Samtal við Pétur Pétursson prófessor um verk Einars Jónssonar myndhöggvara
**Listasafn Einars Jónssonar Eiríksgata**

**20:30-22:30 Varsjárbandalagið hertekur Iðnó**
Tónlist úr sarpi Austur-Evrópu og gyðingaheimsins í flutningi Varsjárbandalagsins.
**Iðnó, Vonarstræti 3**

**21:00 Hljómsveitin Tomten**
Hin unga og efnilega rokkhljómsveit Tomten frá Seattle stígur á stokk.
**Ráðhús Reykjavíkur**

**21-22 100.000 Landscapes**
Hljóðgjörningur eftir Daniel Peterson & Erik Parr, listamenn frá Seattle.
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús Tryggvagötu**

**21-22 Erlend sönglög, aríur og dúettar**
Agnes A. Kristjónsdóttir sópran, Guðrún Jóhanna Jónsdóttir sópran, Jóhanna Héðinsdóttir mezzósópran og Nathalía Druzin Halldórsdóttir mezzósópran. Renata Ivan leikur á píanó.
**Dómkirkjan í Reykjavík**

**21-23 Hljómleikar á Við Tjörnina**
Fræbbblarnir, Halli Reynis og Ojba Rasta á veitingastaðnum Við Tjörnina.
**Við Tjörnina, Templarasundi 3**

**21-22 Skyboxx – Tónleikar**
Flutningur á röð tónverka eftir Hallvarð Ásgeirsson og myndbandsverki eftir Anne Herzog.
**Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7**

**21-21:30 Söngur í Þjóðminjasafni Íslands**
Söngkonan Valgerður Guðnanóttir mun syngja nokkrar hugljúfar íslenskar dægurlagaperlur.
**Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41**

**22-23:30 FESTISVALL og Hemmi og Valdi**
Tónleikaröð á FESTISVALLI í boði Gogoyoko á Hemma og Valda.
**Hemmi og Valdi, Klapparstíg**

**22-22:30 Tríóið KremKex flytur stríðsára-rómansa**
Tríóið KremKex flytur 3ja radda stríðsárarómansa: Bella Notte, O my darling o.fl. perlur.
**Fríkirkjan í Reykjavík, Fríkirkjuvegi 5**

**23-23:30 Flugeldasýning**
Glæsileg flugeldasýning í boði Vodafone setur lokapunktinn á eftir Menningarnótt.
**Hafnarbakkinn**

Gakktu í bæinn
MENNINGARNÓTT 20.08 · 2011

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd Menningarnætur.
Forstöðumaður Höfuðborgarstofu: **Sif Gunnarsdóttir**
Verkefnisstjórn Menningarnætur: **Einar Örn Benediktsson, formaður, Óttarr Ólafur Proppé, Áslaug Friðriksdóttir, Jakob Frímann Magnússon** og **Sif Gunnarsdóttir.**
Verkefnisstjórar Menningarnætur eru **Auður Rán Þorgeirsdóttir** og **Guðríður Inga Ingólfsdóttir.**
**Landsbankinn** hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.
**Vodafone** býður gestum Menningarnætur upp á flugeldasýninguna.
**Ath:** Dagskráin er ekki tæmandi.
Nánari upplýsingar má finna á www.menningarnott.is



**Flugeldasýning í boði Vodafone verður klukkan 23.** MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

**● LAUTARFERÐ Á KLAMBRATÚNI** Tilvalið er fyrir fjölskyldur og aðra að fara í lautarferð á Klambratúni á Menningarnótt. Súpubarinn á Kjarvalsstöðum mun bjóða gestum og gangandi upp á góðar veitingar sem taka má með út á grasið til að gæða sér á. Dótakassinn á Klambratúni verður einnig á sínum stað en í honum er fullt af leikföngum og leiktækjum. Á Menningarnótt verður ár liðið síðan Klambratúnið fékk sitt gamla nafn að nýju en þá hafði það heitið Miklatún frá árinu 1964.



**● GÓÐGERÐAAKSTUR UMHVERFIS TJÖRNINA** „Gestir Menningarnætur geta fengið sér salíbunu aftan á Harley Davidson-hjóli kringum Tjörnina í Reykjavík gegn 500 króna gjaldi sem rennur óskipt til Umhyggju, en það er fólk á öllum aldri," segir Steinar Benedikt Valsson, formaður Félags Harley Davidson-eigenda, en félagið hefur staðið fyrir góðgerðaakstri síðustu tíu ár, þar af síðustu sex ár á Menningarnótt. „Við höfum farið allt upp í 600 ferðir kringum Tjörnina og safnað um 300 þúsundum fyrir Umhyggju. Enn sem fyrr treystum við á almenning að leggja okkur lið og fá að launum hjólatúr."

Steinar getur þess að í ár ætli Skeljungur að styrkja söfnunina með því að skaffa bensín og TM leggi til hjálma.





**● FLUGELDASÝNINGIN Á SÍNUM STAÐ** Flugeldum verður skotið upp að venju á Menningarnótt, en sýningin er í boði símafyrirtækisins Vodafone líkt og í fyrra. Skotið verður upp af pramma fyrir aftan Hörpu klukkan 23 og ættu áhorfendur ekki að verða sviknir.

**● TÍMAMÓT Í ÍSLENSKRI ÚTVARPSSÖGU** Bylgjan, sem var fyrsta einkarekna íslenska útvarpsstöðin, fagnar 25 ára afmæli sínu með afmælistónleikum á Ingólfstorgi á Menningarnótt. Tónleikarnir verða tveir og er landsmönnum öllum boðið. Veislan hefst klukkan 13.30 en þá munu Páll Óskar Hjálmtýsson, bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór, Sveppi og Villi, Á móti sól og Hvanndalsbræður koma fram. Klukkan 20 heldur veislan áfram og þá stíga Of Monsters and Men og Steindi JR og félagar á stokk. Klukkan 21 leikur stjörnuhljómsveit Bylgjunnar viðstöðulaust topplög síðustu 25 ára. Með henni verða Bubbi Morthens, Sálin hans Jóns míns, Páll Óskar, Helgi Björns, Ellen Kristjánsdóttir, Jet Back Joe, Stjórnin, Greifarnir, Ragnheiður Gröndal, Stebbi og Eyfi, Sigga Beinteins, Pálmi Gunnarsson, Egill Ólafsson og Björgvin Halldórsson. Kvöldtónleikarnir verða sendir út á Bylgjunni auk þess sem Bylgjan verður í beinni frá kl. 12.20 til 16 á meðan Ævintýraeyjan, þáttur Hemma Gunn og Svansíar, er í loftinu.






Jóhannes Kjarval að störfum í vinnustofu sinni í Austurstræti um miðja síðustu öld.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Menningarnótt í Landsbankanum

**Við bjóðum** fjölbreytta dagskrá í útibúinu í Austurstræti 11. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur kynnir gestum og gangandi stórkostleg listaverk á göngum bankans og hópur listafólks flytur magnaða dagskrá.

Landsbankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi. Verið velkomin í skemmtilega menningarlega veislu í Austurstræti 11.

**Dagskrá Menningarnætur í Austurstræti 11**

12:00, 12:45, 13:30 Listaverkaganga.
14:30 Skemmtun fyrir börnin. Tinna táknmálsálfur og Sproti.
15:00 Bændur flugust á, Íslendingasögurnar í nýjum búningi.
16:00 Uppistand með félögum úr Mið-Íslandi.
17:00 Jón Jónsson ásamt hljómsveit

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000






Íbúar Haðarstígs berjast nú fyrir því að leyfa einungis bílaumferð íbúa um götuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Húllumhæ á Haðarstíg

**Íbúar á Haðarstíg bjóða gestum og gangandi upp á kaffi og með því á Menningarnótt. Þetta er í þriðja sinn sem blásið er til menningarnæturveislu á Haðarstíg en með uppátækinu vilja íbúar sporna við bílaumferð um götuna.**

„Við tókum fyrst þátt fyrir tveimur árum en vorum ekki hluti af dagskrá Menningarnætur þá. Okkur datt í hug að leggja túnþökur eftir götunni og vekja þannig athygli á ósk okkar um að fá ökuhraðann um götuna lækkaðan," segir Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, íbúi á Haðarstíg. Tiltækið tókst með eindæmum vel og fjöldi gesta heimsótti götuna. Hámarkshraðinn var í framhaldinu lækkaður niður í 15 km og Haðarstígur varð fyrsta íbúagatan í Reykjavík til að verða vistgata.

Í fyrra tóku Haðarstígsbúar



Íbúarnir lögðu túnþökur á götuna á Menningarnótt fyrir tveimur árum og vildu með því þrýsta á ósk sína um lægri ökuhraða um götuna

aftur þátt og þá sem skipulagður dagskrárliður Menningarnætur. Íbúar gáfu heimabakstur og kaffi og héldu kompusölu í götunni ásamt því að frumsýna heimildarmynd í Litla garði. Í ár verður dagskráin ekki síðri.

„Hér munu ungir og upprennandi söngvarar syngja ástardúetta. Kaffibarskórinn Bartónar kemur fram og við drífum upp sölubása," segir Halla Sólveig en einnig hefur Davíð Örn Halldórsson myndlistarmaður málað vegg í Litla garði sem verður afhjúpaður.

**20.00** Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir sérstakri athöfn og leiðsögn í tilefni af flutningi Vatnsberans í Lækjargötu. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

28 ÁRA
# REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
20. ÁGÚST 2011

# Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka er handan við hornið



**Skráningu á netinu er lokið.**

**Síðasti skráningardagur er í Laugardalshöll á morgun föstudag milli kl.10.00 og 19.00.**

Upplýsingar á www.marathon.is

REYKJAVÍKURMARAÞON

Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR



MATES OF STATE



STEPHEN MALKMUS AND THE JICKS

## > Í SPILARANUM

Mates of States - Mountaintops
Sálgæslan - Dauði og djöfull
Elvar Þór Steinarsson - Í mörgum myndum
Beirut - The Rip Tide
Stephen Malkmus and The Jicks - Mirror Traffic

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Árni og félagar aflýsa

Breska hljómsveitin The Vaccines, með bassaleikarann Árna Hjörvar Árnason innanborðs, hefur neyðst til að aflýsa þrennum tónleikum. Ástæðan er þrálát vandamál með rödd söngvarans Justin Young.

Tónleikarnir sem hljómsveitin hefur aflýst áttu að vera í Hollandi, Austurríki og á Norður-Írlandi í vikunni. Sveitin hefur þó ákveðið að halda til streitu áformum um stóra tónleika í London hinn 23. ágúst og kemur auk þess fram á Reading/Leeds-tónleikahátíðinni. Hljómsveitin er nýkomin frá Bandaríkjunum þar sem hún kom fram í þætti Jimmy Kimmel. Young færði aðdáendum þessar fregnir á heimasíðu sveitarinnar og tók skýrt fram að þessi ákvörðun hefði reynst þungbær. Læknar hafa skipað söngvaranum að hvíla röddina og búist er við því að hann þurfi að gangast undir aðgerð á raddböndum sínum.

Íslenskir aðdáendur sveitarinnar ættu því að krossleggja fingur í von um að hann verði búinn að ná sér fyrir tónleika The Vaccines á Airwaves-hátíðinni í október.



**RÖDDIN Í RUGLI** Árni Hjörvar og félagar aflýsa tónleikum vegna vandræða með rödd söngvara The Vaccines.



## > PLATA VIKUNNAR

Snorri Helgason - Winter Sun
★★★★
„Lagasmiðurinn Snorri Helgason og upptökustjórinn Sindri Már Sigfússon skapa saman frábæra plötu.“

- TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Fortíðaræðið*

Bretinn Simon Reynolds er einn af þekktustu og virtustu tónlistargagnrýnendum síðustu ára. Hann skrifar reglulega í blöð og tímarit eins og dagblaðið Guardian og tónlistarblaðið Wire, en hann hefur líka sent frá sér nokkrar frábærar bækur. Energy Flash rekur til dæmis sögu danstónlistarinnar í Bretlandi á níunda og tíunda áratugnum og Rip It Up & Start Again fjallar um nokkrar af helstu stjörnum síðpönksins. Báðar algjör snilld. Nýjasta bók Simons heitir Retromania – Pop Culture‘s Addiction to Its Own Past og fjallar eins og nafnið gefur til kynna um fortíðarfíknina í tónlistarheiminum.




**FORTÍÐARFÍKN** Í bókinni Retromania fjallar Simon Reynolds um fortíðarfíknina í tónlistarheiminum.

Í bókinni fjallar Simon Reynolds um það hvernig fortíðin virðist hafa sífellt viðameira hlutverk hjá þeim sem hafa áhuga á popptónlist. Hann fjallar meðal annars um youtube-væðinguna (allir að reyna að finna eitthvað gamalt sem þeir muna eftir eða hafa heyrt um), sprenginguna í endurútgáfum og síaukinn áhuga á gömlum vínylplötum. Hann talar um endurvinnslu á gamalli tónlist, heimildarmyndir um tónlist og söfn og stofnanir sem eru tileinkaðar rokktónlist. Og svo talar hann um allar þessar hljómsveitir sem sífellt er verið að endurvekja og sem fara í tónleikaferðir til þess að spila gamalt efni.

Simon fjallar líka um það hvað áherslan á það að gera eitthvað nýtt og frumlegt hefur verið að minnka mikið undanfarin ár. Hann nefnir sem dæmi að tónlistarfólk eins og David Bowie, Peter Gabriel og Kate Bush hafi alltaf verið að reyna að skapa eitthvað sem hafði ekki heyrst áður, en sveitir eins og Oasis, Interpol og The White Stripes hafi látið sér nægja að endurvinna gamla tónlist.

Retromania er flott bók sem hægt er að mæla með. Hún er full af skemmtilegum hugleiðingum um tónlistarbransann og þróun hans undanfarin ár.






**FRUMLEG OG FRAMSÆKIN** Bandaríska hljómsveitin Skeletons er að gera góða hluti með plötunni People.

# Óvenjuleg og heillandi sveit

**Ein af áhugaverðari plötum ársins 2011 er sjötta plata bandarísku hljómsveitarinnar Skeletons, People. Trausti Júlíusson kynnti sér þessa sérstöku sveit sem er hugarfóstur Matts Mehlan.**

Bandaríska hljómsveitin Skeletons er ekki ein af þekktari sveitum heims. Það fer ekki mikið fyrir henni á plötusölulistum. Tónlist hennar á samt hiklaust erindi við þá tónlistaráhugamenn sem eru að leita að einhverju nýju og spennandi. Sveitin blandar saman áhrifum úr mjög ólíkum áttum. Tónlistartímaritið XLR8R lýsir henni sem „einni af fáum hljómsveitum í dag sem með réttu er hægt að kalla frumlegar“.

### Frá Ohio til New York

Skeletons (stundum skrifað Skeleton$) var stofnuð af Matt Mehlan árið 2002 þegar hann var enn tónlistarnemandi í Oberlin í Ohio. Sveitin sendi frá sér tvær plötur árið 2004, I'm at the Top of the World og Life and Afterbirth. Ári seinna gerði sveitin samning við Ghostly International sem gaf út næstu tvær plötur, Git (2005) og Lucas (2007). Tomlab gaf svo út Money árið 2008 og nú þremur árum seinna er Skeletons komin á samning hjá belgíska gæðamerkinu Crammed Discs sem gaf út sjöttu plötuna, People, í vor.

Skeletons hefur verið starfandi í New York-borg síðan 2005 og hefur verið hluti af hinni rómuðu Brooklyn/New York-senu síðustu ár.

### Frumleg blanda

Tónlist Skeletons er stundum kölluð blanda af „sérlundaðri þjóðlagatónlist og proggrokki“. Sú lýsing á samt ekkert sérstaklega vel við, en þetta er mjög frumleg blanda. Áhrifa gætir frá folk-tónlist, en líka frá afró-bíti, krautrokki, spunadjassi og framsæknu rokki. Samt eru lagasmíðarnar tiltölulega hefðbundnar. Textarnir eru frábærir.

Auk Matts Mehlan eru í sveitinni gítarleikarinn Jason McMahon og slagverksleikarinn Jonathan Leland. Þeir þrír eru kjarninn, en á tónleikum er Skeletons fimm manna eining. Þá bætast hljómborðsleikarinn Mike Gallope og bassaleikarinn Bow Ribbons við. Matt hefur reyndar starfrækt mörg afbrigði af sveitinni við sérstök tækifæri. Skeletons and the Kings of all Cities, Skeletons and the Girl Faced Boys og Skeletons Big Band eru nokkur dæmi um hliðarverkefni tengd Skeletons.

### Draugur Jimmy Damour

Það var Rusty Santos sem hljóðblandaði People, en hann hafur meðal annars unnið með Owen Pallett, Animal Collective og Panda Bear. Það eru átta lög á People, þar á meðal hið frábæra Grandma, en gítarleikurinn í því þykir minna á hljómsveitina Battles. Eins og áður segir eru textarnir flottir. Lagið Walmart and the Ghost of Jimmy Damour fjallar um Jimmy Damour, starfsmann sem tróðst undir þegar æstir viðskiptavinir ruddust inn í Walmart-verslun í New York þegar útsala var að hefjast þar árið 2008. L‘il Rich fjallar um ungan dreng sem lét lífið í uppgjöri glæpagengja örskammt frá íbúð Matts Mehlan í New York. Og svo er það lagið Barack Obama Blues…

Tónlist Skeletons er sérstakt afbrigði sem líkist ekki beint tónlist neinnar annarrar sveitar. Samt hefur henni verið líkt bæði við Battles, Dirty Projectors og meira að segja Radiohead. Ekki slæmur félagsskapur það!

## LAGALISTINN

Vikuna 11. - 17. ágúst 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Bubbi Morthens | Háskaleikur |
| ▼ | 2 | Of Monsters And Men | Little Talks |
| ▼ | 3 | Coldplay | Every Teardrop Is A Waterfall |
| ▼ | 4 | Páll Óskar | La Dolce Vita |
| ▼ | 5 | Adele | Set Fire To The Rain |
| ▲ | 6 | Berndsen & Bubbi | Úlfur Úlfur |
| ▼ | 7 | Steindi JR / Bent / Matti Matt | Gull af mönnum |
| ▲ | 8 | Rihanna | Man Down |
| ▲ | 9 | Hjálmar | Í gegnum móðuna |
| ▲ | 10 | Björgvin & Hjartagosarnir | Leiðin heim |

## TÓNLISTINN

Vikuna 11. - 17. ágúst 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Helgi Björns. & reiðm. vinda | Ég vil fara uppí sveit |
| ▲ | 2 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ▼ | 3 | Steindinn okkar | Án djóks ... samt djók |
| ▶ | 4 | Bubbi | Ég trúi á þig |
| ▲ | 5 | Jón Jónsson | Wait For Fate |
| ▲ | 6 | Rökkurró | Í annan heim |
| ▲ | 7 | Valdimar | Undraland |
| ▼ | 8 | Björk | Gling gló |
| ▼ | 9 | Björgvin & Hjartagosarnir | Leiðin heim |
| ▲ | 10 | Adele | 21 |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is




# Konukvöld

## í Kringlunni í kvöld frá kl. 18–21

Fjölbreytt dagskrá og spennandi tilboð í verslunum Kringlunnar.
Verið hjartanlega velkomnar og endilega takið vinkonurnar með!

**Dagskrá:**
· Bogomil Font
· Helga Möller
· Þórunn Clausen
· Sigga Kling
· Karl Berndsen
· Dior gloss til sölu
· Kynnir kvöldsins er Sigga Lund
· Neistinn kynnir starfsemi sína
· Kynning á Dior snyrtivörum
· Meðferðir til betra útlits
· Egils Kristall og Baileys Coffee fyrir alla
· Aunts Design bolurinn til sölu
...og margt fleira!

**EFTIRTALDIR STAÐIR SELJA Á ALLRA VÖRUM GLOSS**

FRÍHÖFNIN Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

HAGKAUPSBÚÐIRNAR: Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum, Spönginni, Garðabæ, Akureyri, Borgarnesi og Njarðvík.

LYF OG HEILSA: Kringlunni, Háaleiti, Hafnarfirði, JL-húsinu, Nes apóteki, Glæsibæ, Hamraborg, Domus Keflavík, Glerártorgi og Hrísalundi, Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hellu, Hvolsvelli og Vestmannaeyjum.

SNYRTIVÖRUVERSLANIR: Hygea Kringlunni og Smáralind, Sigurboginn, Glæsibær, Ólöf snyrtistofa og Jara.

Dior

Hjartans þakkir:

**> STRUMPASTUÐ**

Rúmlega átta þúsund Íslendingar lögðu leið sína í kvikmyndahús landsins til að sjá Bláu strumpana í þrívídd. Myndin hefur fengið afleita dóma en þeir virðast ekki bíta á aðdáendurna.



**bíó**

bio@frettabladid.is

# Forvitnileg stripparamynd

Steven Soderbergh er þekktur fyrir að feta ótroðnar slóðir þegar kemur að kvikmyndagerð og víst er að næsta kvikmynd hans, Magic Mike, á eftir að vekja mikla athygli. Hún fjallar um karlkyns strippara og líf hans á Flórída. Myndin verður að hluta til byggð á lífsreynslu bandaríska leikarans Channing Tatum, sem var strippari í Flórída áður en Hollywood uppgötvaði hann.

Tatum mun sjálfur leika aðalhlutverkið; hann er strippari sem kennir ungum lærlingi hvernig á að stíga réttu sporin og dilla rassinum og takast á við athyglina utan sviðsins. Lærlingurinn verður að öllum líkindum leikinn af ungstirninu Alex Pettyfer og þá hefur heyrst að Matthew McConaughey, sem er ber að ofan í svo til öllum myndunum sínum, muni leika strípibúllueigandann Dallas.

McConaughey er reyndar upptekinn maður; hann leikur aðalhlutverkið í spennutryllinum The Paperboy eftir Lee Daniels en meðal mótleikara hans í þeirri mynd eru Zac Efron og Nicole Kidman. Þá er hann einnig í stóru hlutverk í myndinni Mud á móti Reese Witherspoon eftir leikstjórann Jeff Nichols.



**KARLSTRIPPARAR** Matthew McConaughey og Channing Tatum leika karlkyns strippara í kvikmynd Stevens Soderbergh, Magic Mike.

# Gott grín í fæðingu

**Ben Stiller, Vince Vaughn og Rosemarie DeWitt hafa öll fallist á að leika í gamanmyndinni Neighborhood Watch. Seth Rogen og Evan Goldberg eiga heiðurinn að handritinu en það var fínpússað af Justin Theroux, ástmanni Jennifer Aniston og handritshöfundi Tropic Thunder.**

**Stiller leikur mann sem ákveður að flytja fjölskylduna sína úr miðborg í úthverfi í von um rólegra líf. Hann kemst hins vegar á snoðir um að nokkrir íbúar stundi nágrannavörslu og lætur tilleiðast, enda býst hann ekki við öðru en að verkefnin felist í fullum unglingum og skemmdarverkum. Annað kemur hins vegar á daginn þegar geimverur koma í heimsókn. Akiva Schaffer mun leikstýra myndinni en hann gerði síðast Hot Rod.**



**GÓÐ SKEMMTUN** Ben Stiller og Vince Vaughn leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni Neigborhood Watch.

# MEÐALJÓNINN TOM HANKS

**Tom Hanks hefur tekist að halda sig í nágrenni við toppinn í Hollywood þrátt fyrir að þykja hvorki töff né kynþokkafullur. Og ferillinn spannar fjölbreyttari svið en hjá mörgum öðrum.**

Leikarar í Hollywood festast oft í svipuðum rullum; sumir verða grínleikarar, aðrir sjá um hasarinn, einhverjir þykja bestir í dramatíkina og svo eru það þeir sem fá að kyssa fallegustu stelpuna í rómantísku myndunum. Tom Hanks er hins vegar einn örfárra sem tekist hefur að halda sig utan hefðbundinnar hlutverkaskiptingar í Hollywood.

Nýjasta mynd Hanks heitir Larry Crowne og verður frumsýnd um helgina. Þar leikur hann afgreiðslumann sem gengur menntaveginn eftir að hafa verið sagt upp störfum. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Juliu Roberts en Hanks skrifar sjálfur handritið ásamt Niu Vardalos og leikstýrir. Myndin hefur fengið sæmilega dóma; fær 6 á imdb.com en aðeins 35 prósent gagnrýnenda hafa verið jákvæð í hennar garð samkvæmt vefsíðunni rottentomatoes.com.

Fátt benti til þess að leikarinn yrði maðurinn sem léki eftir magnað afrek Spencers Tracey – að hreppa Óskarinn tvö ár í röð – þegar fyrstu myndir Hanks eru skoðaðar. Hann hefur yfirbragð hins venjulega manns, er enginn sykurpúði með tónaða magavöðva né sérvitringslegur á svipinn heldur bara venjulegur meðaljón. Framan af ferlinum var Hanks fastur í galsafengnum gamanmyndum, grínskotnum löggumyndum og skondnum ástarsögum á borð við Splash, Dragnet og Turner & Hooch (hann var reyndar tilnefndur til Óskarverðlauna fyrir leik sinn í Big árið 1989). En 1993 náði Hanks almennilegri fótfestu sem „alvarlegri“ leikari þegar hann lék á móti Meg Ryan í Sleepless in Seattle. Myndin fékk góða dóma og mikla aðsókn og Hanks hefur eflaust fengið ótal gylliboð um að leika í svipuðum myndum því Hollywood dýrkar jú að mjólka gullkálfana sína.

Leikarinn tók hins vegar þá djörfu ákvörðun að leika næst alnæmissmitaða hommann Andrew Beckett í Philadelphia og fékk Óskarinn fyrir. Og þegar kom að því að afhenda styttuna árið eftir var Tom Hanks enn og aftur sigurvegari; nú fyrir leik sinn sem hinn greindarskerti Forrest Gump. Á árunum 1994 til 2001 var Hanks tilnefndur fjórum sinnum til Óskarsverðlauna. Sannkölluð gósentíð fyrir manninn sem eitt sinn mátti sætta sig við hlutverk í myndum á borð við Bachelor Party og Joe Versus the Volcano.

Hanks hefur ekki verið jafn fyrirferðarmikill á stóra sviðinu og hann var, það væri jafnvel hægt að fullyrða að Hanks sigldi lygnan sjó um þessar mundir; myndir hans eru svona hvorki né. **- fgg**



**STÓRSTJARNA** Ferill Tom Hanks siglir lygnan sjó um þessar mundir; myndir hans þykja hvorki góðar né alslæmar. Nýjasta mynd hans, Larry Crowne, verður frumsýnd um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY




# Rómantísk mynd með dönsku ívafi

Danski leikstjórinn Lone Scherfig vakti mikla athygli í Ameríku fyrir mynd sína An Education sem gerð var eftir handriti breska rithöfundarins Nick Hornby. Myndin var tilnefnd til þriggja Óskarsverðlauna og allar dyr í Hollywood stóðu Scherfig opnar.

Um helgina verður síðan kvikmynd hennar, One Day, frumsýnd. Hún er byggð á metsölubók Davids Nicholls. Myndin segir frá námsmönnunum Emmu og Dexter sem verða vinir 15. júlí 1988. Hún tekur síðan upp þráðinn á þessum degi næstu tuttugu árin en One Day skartar Anne Hathaway og Jim Sturgess í aðalhlutverkum. Hún hefur fengið sæmilega dóma; 5,8 á imdb.com en aðeins fjörutíu prósent gagnrýnenda hafa verið ánægð samkvæmt vefsíðunni rottentomatoes.com.

Scherfig er hins vegar enginn nýgræðingur í kvikmyndagerð þótt Bandaríkjamenn séu að uppgötva hana núna. Hún leikstýrði meðal annars hinni frábæru Italiensk for begyndere sem sló í gegn á Norðurlöndunum. Þá gerði leikstýrði hún einnig þáttum í Taxa sem margir Íslendingar ættu að muna eftir úr dagskrá RÚV. **- fgg**



**EINN DAGUR** Anne Hathaway leikur aðalhlutverið í rómantísku myndinni One Day ásamt Jim Sturgess.



Á ALLRA VÖRUM
Neistinn
Styrktarfélag hjartveikra barna
Börnin eru okkar
Hjartans mál
Auntsdesign í samstarfi við Á allra vörum styður hjartveik börn með sölu
á sérhönnuðum kvenbol með þjóðarblómi Íslendinga, Holtasóley.
Bolurinn fæst hjá:
· Auntsdesign Studio - Hlíðasmára 8, s: 662 3121 eða 618 3022
· Neistinn - Síðumúla 6
· Rita - Bæjarlind 6 og Eddufelli 2
· Nordic Store -Lækjargata 2
Bolurinn verður einnig til sölu á
konukvöldinu í kringlunni 18.ágúst
og kostar 4.900 kr.
Hekla Björk og Katla Dögg eru
með alvarlegan meðfæddan
hjartagalla. Þær hafa oft þurft
að berjast fyrir lífi sínu.
Neistinn hjálpar börnum eins og
þeim og fjölskyldum þeirra.
www.auntsdesign.is
Leggjum
okkar af
mörkum

# Fólk

folk@frettabladid.is

**1,3 MILLJARÐAR** hafa horft á eitthvert myndbanda bandaríska rapparans Eminem á Youtube samkvæmt bandaríska rokktímaritinu Rolling Stone. Hann var nýverið krýndur konungur hipphoppsenunnar í Bandaríkjunum en hann hefur selt 7,5 milljónir platna og er með fimm milljónir manna á twitter-síðu sinni.





**BINDINDISMAÐUR** Robin Gibb leggur ekki kjöt sér til munns og er annálaður bindindismaður. Hann verður gestur Björgvins Halldórssonar á jólatónleikunum í Laugardalshöll. NORDICPHOTOS/GETTY

## Robin Gibb syngur inn jólin með Bó

Robin Gibb verður gestur Björgvins Halldórssonar á árlegum jólatónleikum söngvarans í Laugardalshöll. Þetta kom í fréttatilkynningu frá Senu í gær.

Robin var hluti af hinum fræga söngflokki Gibb-bræðra, Bee Gees, sem hann stofnaði með tvíburabróður sínum Maurice og Barry. Bee Gees eru meðal söluhæstu hljómsveita heims en bræðurnir seldu yfir hundrað milljónir eintaka af hljómplötum og gnæfðu yfir diskóið þegar það stóð sem hæst.

Gibb er kvæntur listakonunni Dwinu Murphy Gibb og þau eiga saman einn son. Hann er mikill bindindismaður og grænmetisæta. Robin Gibb verður ekki eini Bretinn sem syngur á tónleikum Björgvins því eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu verður óperusöngvarinn Paul Potts einnig meðal gesta.



# Leðurkjólatíska í Hollywood

**Leður hefur heldur betur verið að ryðja sér til rúms á tískupöllunum undanfarið og nú hefur leðrið skilað sér á rauða dregilinn. Kjólar úr þessu sterka efni eru greinilega vinsælir hjá stjörnunum, sem keppast um að skarta glansandi leðurkjólum við fín tilefni. Merki á borð við Hermés og Chloe voru með litríkt leður í bolum, kjólum, pilsum og buxum í vetrarlínum sínum fyrir komandi haust og því þess virði að halda augunum opnum fyrir fögrum leðurflíkum.**



**APPELSÍNUGULT** Blake Lively tók sig vel út í þessum skæra leðurkjól.



**RAUTT** Leikkonan Elisabeth Banks dró að sér athyglina í hárauðum kjól.

NORDICPHOTOS/GETTY



**BRÚNT** Sænska leikkonan Malin Åkerman var glæsileg í leðurkjól með flottu sniði.



**ALKLÆÐNAÐUR** Að vera klæddur í leður frá toppi til táar er vetrartískan að mati tískuhússins Hermés.



**TÍSKUFYRIRMYND** Nicole Richie hefur alltaf þótt smart til fara og fer þessi svarti leðurkjóll með háum kraga henni vel.



**MEÐ VÖSUM** Jennifer Aniston var afslöppuð í leðurkjól með hendur í vösum.



**HEFUR EKKI TÍMA** Harry Bretaprins er hættur með undirfatafyrirsætunni Florence Brundenell-Bruce. NORDICPHOTO/GETTY

## Harry á lausu

Harry Bretaprins hefur engan tíma fyrir kærustu í augnablikinu, en hann er hættur með undirfatafyrirsætunni Florence Brundenell-Bruce. Þau hafa verið saman síðan í júní en nú er ævintýrið á enda.

Nafnlaus heimildarmaður dagblaðsins Mirror segir Harry vera mjög upptekinn við þjálfun sína sem þyrluflugmanns og þess vegna hafi hann sagt fyrirsætunni upp. Eftir flugmannsnámið ætlar Harry að snúa aftur til Afganistans og sinna herþjónustu.



**NÝ SÝNING** Steve-O hyggst halda sýningu í Háskólabíói 9. nóvember.

## Steve-O aftur til Íslands

Bandaríski ólátabelgurinn Steve-O hyggst troða upp í Háskólabíói 9. nóvember. Sýningin, sem ber heitið Entirely Too Much Information Tour, er blanda af uppistandi og áhættuatriðum en Steve-O er hluti af Jackass-hópnum.

Þetta verður ekki í fyrsta skipti sem Steve kemur til landsins því hann var hluti af Jackass-hópnum sem kom hingað fyrir tíu árum. Mörgum er það eflaust í fersku minni þegar þeir félagar ældu í stefnumótaþættinum Djúpu lauginni. Steve hefur hins vegar tekið sig rækilega á, er núna grænmetisæta og hættur að neyta allra vímugjafa, sem voru ansi stór þáttur í lífi hans.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# WAREHOUSE

Glæsileg opnun í

DEBENHAMS

**25%** afsláttur
af öllum
Warehouse vörum í
Debenhams í dag

★ Lukkupottur
★ Léttar veitingar

Kíktu við og leyfðu stílistum
okkar að stjana við þig

Nýtt kortatímabil

finndu okkur á
Facebook











**ALGER UNAÐUR** Kanye West var svalur á sviðinu í Tívolí í Kaupmannahöfn í síðustu viku. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kanye átti Tívolí í Köben

**Bandaríski tónlistarmaðurinn Kanye West tróð upp í Tívolíinu í Kaupmannahöfn í síðustu. Íslendingaskarinn þar var slíkur að greina mátti íslensku úr öllum áttum. Orðin „þetta er geðveikt“ og „alger unaður“ voru algengust. Birgir Þór Harðarson var á svæðinu og lýsir hér upplifun sinni.**

Það var grenjandi rigning þegar fyrirpartíið hófst á Norðurbrú fimmtudaginn 11. ágúst. Tívolígarðinum var lokað um daginn svo hægt væri að gera klárt fyrir tónleikana og hann opnaður aftur klukkan 18. Tónleikarnir sjálfir hófust ekki fyrr en klukkan 22 um kvöldið.

Ég heyrði af fullt af fólki sem hafði mætt á slaginu 18 og fengið mjög gott pláss framarlega í mannhafinu. Við mættum þegar klukkan var farin að ganga tíu og fengum því ekkert ofboðslega gott pláss. Það var þó í lagi því risastór skjár sýndi öll smáatriðin sem ég hefði annars misst af.

Það var ótrúlegt hversu rúmt var um alla 15.000 tónleikagestina á tónleikasvæðinu í Tívolí. Svæðið er nefnilega ekki mjög stórt.

Rigningin buldi á gleraugunum mínum þegar kunnuglegir tónar heyrðust. Hr. West hóf tónleikana á Dark Fantasy af síðustu sólóplötu sinni, My Beautiful Dark Twisted Fantasy. Kanye-menn vita að fyrsta línan í laginu er á „Can we get much higher?“ eða „komumst við nokkuð hærra?“. Hr. West sannaði að hann kæmist hærra því upp úr miðjum mannskaranum reis lyfta og fyrir ofan okkur stóð Kanye og sagði: „Ég hafði ímyndað mér þetta í Chicago!“.

Hr. West hefði ekki getað sett viðmiðið hærra en í þessu fyrsta lagi. Hann hélt áfram að toppa sjálfan sig í gegnum alla tónleikana þar sem hann tók alla slagarana sína.

**Flottur á sviði**

En það voru ekki aðeins ljúfir og auto-tjúnaðir tónar hr. West sem gerðu tónleikana að ótrúlegri upplifun. Kanye West bjó nefnilega til flottasta sjónarspil sem ég hef séð á tónleikum síðan ég sá Sigur Rós í Höllinni. Dansarar geta gert helling fyrir sýninguna og þegar þeir eru að veifa risastórum segldúki yfir öllu sviðinu erum við jafnvel að tala um eitthvað mjög kúl. Ljósin voru einnig geðveik og sviðsreykurinn gerði ljósin enn svalari.

En ekki hvaða band sem er getur skapað svona stemningu. Kanye West hefur það fram yfir marga að hann er alveg drullusvalur! Fötin sem hann hóf tónleikana í voru óendanlega töff og svo áður en ég vissi af var hann mættur í einhvern nettasta leðurjakka sem ég hef séð. Og það sást í uppklappinu að hann var ánægður með hversu kúl hann er.

**Uppklappið**

Ég vissi eiginlega ekki að tónleikarnir væru búnir því fagnaðarlætin voru svo gríðarleg þegar laginu Stronger lauk og sviðið hvarf í reyk. Ætli það hafi ekki liðið svona tvær mínútur áður en E-nótan sem markar upphaf lagsins Runaway hljómaði. Þegar reykurinn steig til himna birtist hr. West í rauða jakkanum, á upphækkun á sviðinu fyrir framan hljómborð.

Það tóku allir undir þegar hann hóf upp auto-tjúnaða rödd sína í síðustu lögunum.

Það var ekki fyrr en tónleikarnir voru búnir að ég áttaði mig á því hversu gegnvotur ég væri og að ég væri búinn að týna vinum mínum í mannhafinu. Það kom ekki að sök því það fyrsta sem ég heyrði var á íslensku: „Þetta var geðveikt!“

## HVAÐ FANNST ÍSLENDINGUM Á KANYE WEST?

**Óttar Filippus Pétursson**



*Hvernig fannst þér á tónleikunum?*
Bestu tónleikar sem ég hef farið á á ævi minni!
*Hvað hefur þú farið á marga tónleika?*
Allavega fleiri en einn.
*Hver var hápunktur tónleikanna?*
Þegar hann tók All of the Lights. Ég vil ekki vera að ljúga að þér.
*Fannst þér ekki svekkjandi að engin ofurstjarna hafi komið með honum?*
Ef Rihanna hefði komið þá hefði ég örugglega pissað á næsta mann úr gleði.

**Gunnar Skúlason**



*Hvernig fannst þér á tónleikunum?*
Þetta voru frábærir tónleikar!
*Er eitthvað sem stóð upp úr?*
Nei, það var ekkert eitt. En hann á alveg ótrúlega mikið af hitturum. Hann má eiga það að þegar maður er búinn að fara á tónleikana þá er ekkert sem vantar.
*Hver var hápunkturinn?*
Flashing Lights alltaf í miklu uppáhaldi.

**Sigrún Lína Pétursdóttir**



*Hvernig fannst þér á tónleikum?*
Það var bara ótrúlega gaman. Þetta var geðveikt.
*Ef þú ættir að finna eitt lýsingarorð yfir tónleikana?*
Íslenskur.
*Hver var hápunkturinn?*
Þegar hann tók Runaway. Geðsjúkt.

**Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir**



*Hvernig fannst þér á tónleikunum?*
Mér fannst alveg rosalega gaman. Kanye er virkilega góður á sviði.
*Ertu mikill aðdáandi?*
Ég er ekki harðkjarna aðdáandi en ég fíla tónlistina hans mjög mikið og finnst virkilega gaman að hafa séð hann á tónleikum.
*Hver var hápunkturinn?*
Toppurinn á tónleikunum var klárlega þegar hann tók All of the Lights og allt gjörsamlega trylltist og brjálað ljósasjó byrjaði.

## LÖGIN SEM KANYE TÓK Í TÍVOLÍ

**Það var magnað hvað hr. West tók mörg lög sem slegið hafa í gegn. Kanye hefur gefið út fimm plötur sem allar hafa innihaldið nokkur ofurvinsæl lög.**

- Dark Fantasy
- Power
- Jesus Walks
- Can't Tell Me Nothing
- Diamonds
- Hell of a Life
- Monster
- Flashing Lights
- Good Life
- Love Lockdown
- Say You Will
- Heartless
- Swagga Like Us/Run this Town
- We Will Rock You/E.T.
- Homecoming/Through the Wire
- All Falls Down
- Touch the Sky
- Gold Digger
- All of the Lights
- Stronger

*Eftir uppklapp:*
- Runaway (feat. Pusha T)
- Lost in the World
- Hey Mama

- *Lög af sólóplötum hans.*
- *Ábreiða eða af öðrum plötum.*


NÝTT KORTATÍMABIL
BIOTHERM
CLARINS PARIS
CLINIQUE
DEBENHAMS snyrtivörur
EGF HÚÐDROPAR
Elizabeth Arden
ESTĒE LAUDER
HR HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK
LANCÔME PARIS
OLAY
nails inc. LONDON
SENSAI Kanebo INTERNATIONAL
SHISEIDO
MAC
20%
afsláttur
af öllum
snyrtivörum
Gildir út sunnudag
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075







LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | 5, 8 og 10.20(POWER) |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 og 6 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 10.30 |
| BRIDESMAIDS | 7.30 og 10 |


# Let England Shake sýnd á RIFF

Kvikmyndin Let England Shake verður sýnd í flokki tónlistarmynda á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hefst 22. september næstkomandi. Let England Shake er samansett úr tólf stuttmyndum sem hver og ein á við samsvarandi lag á samnefndri plötu PJ Harvey sem kom út fyrr á árinu.

Efni plötunnar snýst í aðalatriðum um bölið sem stríðsrekstur er fyrir þjóðir heims, og sækir hún innblásturinn ekki síst til hörmunga fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Það þótti því ríma vel við umfjöllunarefnið að fá fréttaljósmyndarann Seamus Murphy til að leikstýra stuttmyndunum tólf. Harvey sá sýningu Murphy með myndum frá Afganistan og öðrum stríðshrjáðum ríkjum í Mið-Austurlöndum meðan á upptökum plötunnar stóð og ákvað hún þegar í stað að fá hann til liðs við sig. Murphy er margverðlaunaður fréttaljósmyndari en Let England Shake er fyrsta verkefnið af þessu tagi sem hann tekur að sér.


**PJ HARVEY** Kvikmyndin Let England Shake, sem samanstendur af tólf stuttmyndum við lög samnefndrar plötu PJ Harvey, verður sýnd á RIFF sem hefst í næsta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

Aðrar myndir í flokki tónlistarmynda á RIFF 2011 eru LENNONYC eftir Michael Epstein, Scenes From The Suburbs eftir Spike Jonze sem byggir á plötu Arcade Fire, The Suburbs; In the Garden of Sounds eftir Nicola Bellucci, Beats, Rhymes & Life sem segir frá hljómsveitinni A Tribe Called Quest, The Miners' Hymns sem skartar tónlist Jóhanns Jóhannssonar, Mr Carey's Concert eftir Bob Connolly og Sing Your Song sem fjallar um söngvarann og mannréttindafrömuðinn Harry Belafonte.








SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE LUXUS VIP | kl. 8 - 10.20 | 2D | VIP |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 8 - 10.20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES LUXUS VIP | kl. 5.30 | 2D | VIP |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 - 10.40 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| SMURFS M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| SMURFS M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 10.30 | 3D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | kl. 8 | 12 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 2:30 - 5 | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 14 |
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 2:30 - 5 | 2D | L |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 | 3D | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 10:20 | 3D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 5:20 - 10:45 | 3D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| GREEN LANTERN- | kl. 5:40 - 10:30 | 3D | 10 |
| LARRY CROWNE Íslandsfrumsýnd | kl. 8 | 2D | L |
| CARS 2 BÍLAR 2 ÍSL. TAL | kl. 5:40 | 2D | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 8 2D | 7 |
| COWBOY'S & ALIENS | kl. 10:20 2D | 14 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 2D | 14 |
| BAD TEACHER | kl. 10:10 2D | 12 |


# Blása nýju lífi í Gamla bíó

**Tvö leikverk verða frumsýnd á fjölum Gamla bíós í haust. Fræg íbúð á efstu hæð hússins verður til leigu undir listasýningar og móttökur.**

„Við röltum oft framhjá þessu virðulega húsi og veltum fyrir okkur hvað yrði um það. Við sóttum um að fá það leigt og erum hæstánægð með að opna það að nýju," segir Signý Eiríksdóttir verkefnastjóri Leikhúsmógulsins.

Signý ætlar, ásamt bróður sínum Óskari Eiríkssyni, framkvæmdastjóra Leikhúsmógúlsins, að blása nýju lífi í gamla húsnæði Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti eða Gamla bíó.

„Íslensku óperunni var mikið í mun að það yrði áfram menningartengd starfsemi í húsinu. Við erum smám saman að komast í gang og ráða fólk," segir Signý og bætir við að húsið sjálft hafi útgeislun sem er engri lík. „Það er eitthvað alveg sérstakt við það að vera í Gamla bíói, saga hússins og hvernig það hefur verið varðveitt gefur því glæsibrag sem einfaldlega er ekki til annars staðar á landinu."

Leikhúsmógúllinn er fyrirtæki sem einbeitir sér að framleiðslu og uppsetningu leiksýninga út um allan heim. Fyrirtækið var stofnað árið 2000 á Íslandi en er nú með útibú í Þýskalandi, Sviss og Bandaríkjunum.


**LEIKHÚSMÓGULLINN** Systkinin Signý og Óskar Eiríksbörn hlakka til að opna Gamla bíó á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Rekstur Gamla bíós er mikilvægur en aðeins hluti af starfsemi okkar. Húsið verður fyrst og fremst notað sem leikhús en það verða aðrir viðburðir í húsinu í vetur svo sem tónleikar, danssýningar og ýmiss konar listviðburðir," segir Óskar.

Tvö leikverk verða frumsýnd í Gamla bíó í haust, „Sexy Laundry" í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur og glænýr íslenskur gamansöngleikur byggður á hljómplötu Hrekkjusvínanna „Lög unga fólksins" frá 1977.

Á efstu hæð Gamla bíós er íbúð en þar er að finna einar stærstu svalir Reykjavíkur með útsýni yfir alla borgina. „Íbúðin á efstu hæð verður notuð í tengslum við leiksýningar og æfingar fyrst um sinn en hugmyndin er að það verði hægt að leigja hana undir móttökur, listasýningar og fleira seinna í vetur. Ætlunin er líka að opna húsið meira fyrir almenningi og jafnvel koma fyrir borðum og stólum í anddyrinu þar sem fólk getur komið við, fengið kaffi og spjallað."

alfrun@frettabladid.is








SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ONE DAY LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 10.20 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| RISE OF THE PLANETS OF THE APES | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.20 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ONE DAY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 5.40 | L |
| THE SMURFS 2D ENS. TAL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| RISE OF THE PLANETS OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10 20 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 - 10.15 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio


# 50 bönd til viðbótar á Airwaves

Skipuleggjendur tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves tilkynntu í gær um fimmtíu listamenn sem bæst hafa við dagskrá hátíðarinnar í ár.

Meðal þeirra íslenskra listamanna og hljómsveita sem nú bætast í hópinn má nefna Hjaltalín, Lay Low, Saktmóðig, Stafrænan Hákon, Ham, Reykjavík!, Prinspóló, Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar, Árstíðir, Láru og Jóhann Jóhannsson.

Af erlendum listamönnum sem boðað hafa komu sína má nefna finnsku hljómsveitina 22-Pistepirkko, skosku rokkarana í The Twilight Sad, hljómsveitirnar Rich Aucoin og Esmerine frá Kanada og Veronice Falls frá Bretlandi.

Lista yfir allar hljómsveitirnar og listamennina má finna á heimasíðu hátíðarinnar, icelandairwaves.is. Lokadagskrá Airwaves verður kynnt um miðjan september en hátíðin fer fram 12.-16. október.

Í tilkynningu frá skipuleggjendum segir að aðeins séu nokkur hundruð miðar eftir á hátíðina í ár. Yfir 60 prósent miða sem selst hafa eru til erlendra gesta og verða þeir fleiri en nokkru sinni en fyrr. Sala á miðum er fjórföld í ár miðað við sama tíma í fyrra.

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, sagði í samtali við Fréttablaðið að Listasafnið í Reykjavík, Hafnarhúsið, yrði eftir sem áður meðal tónleikastaða á Airwaves. Áður hafði því verið lýst


**THE TWILIGHT SAD** Skoska rokksveitin The Twilight Sad er meðal þeirra hljómsveita sem boðað hafa komu sína á Iceland Airwaves-hátíðina í október. Tilkynnt var um 50 listamenn og hljómsveitir í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

yfir að með tilkomu Hörpu væri ekki þörf á Hafnarhúsinu. Grímur segir að Björk Guðmundsdóttir leggi undir sig tónleikasalinn Silfurberg í Hörpu í heilan mánuð og því sé aftur þörf á stórum tónleikastað. Minni salirnir í Hörpu nýtist þó vel, til dæmis fyrir lágstemmda tónleika, og auki fjölbreytni hátíðarinnar.

- hdm


BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is

**FIMMTUDAGUR:** ■ANIMAL KINGDOM 20:00, 22:10 ■KILLING BONO 20:00, 22:10 ■MONSTERS 18:00 ■HOWL 20:00, 22:00 ■*DRAUMALANDIÐ (DREAMLAND)* 18:00 ■*MÁVAHLÁTUR (SEAGULL'S LAUGHTER)* 20:00 ■*Á KÖLDUM KLAKA (COLD FEVER)* 22:00
ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

# Tilboðsbomba

**Frábær tilboð frá fimmtudegi til mánudags!**

**byggtogbúið**
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

**Nýtt kortatímabil**
**20-60%**
afsláttur á völdum vörum

---

**38%**
**KNOPEX VIÐARÚTVARP**
Verð áður ........ 7.995
Tilboðsverð ........ 4.995
Þú sparar ........ 3.000

**45%**
Góður í skólatöskuna
**HITABRÚSI 0.75L**
Verð áður ........ 3.299
Tilboðsverð ........ 1.815
Þú sparar ........ 1.484

**27%**
Engin olía
**LOFTPOPPVÉL**
Verð áður ........ 5.489
Tilboðsverð ........ 3.989
Þú sparar ........ 1.500

**50%**
**BORÐVIFTA**
Verð áður ........ 5.999
Tilboðsverð ........ 2.999
Þú sparar ........ 3.000

**20% afsláttur**
af öðrum viftum

**40%**
**NORPRO pönnukökupanna**
Verð áður ........ 3.990
Tilboðsverð ........ 2.399
Þú sparar ........ 1.591

Gott verð
**MATSUI TÖFRASPROTI**
Verð ........ 1.995

**50%**
**TRISTAR handþeytari**
Verð áður ........ 5.990
Tilboðsverð ........ 2.990
Þú sparar ........ 3.000

**35-50%**
afsláttur af öllum grilláhöldum

**Weber Q120c**
Frábært verð : 39.990
Ath. takmarkað magn

**Allt á að seljast**
**20-40%**
á öllum grillum

Fyrir 7 egg
**60%**
**EGGJASUÐUTÆKI**
Verð áður ........ 4.999
Tilboðsverð ........ 1.999
Þú sparar ........ 3.000

**50%**
Lítil og nett
**BRAUÐRIST 700W**
Verð áður ........ 3.999
Tilboðsverð ........ 1.999
Þú sparar ........ 2.000

Langar þig í belgískar vöfflur?
**40%**
**TRISTAR VÖFFLUJÁRN**
Verð áður ........ 9.990
Tilboðsverð ........ 5.990
Þú sparar ........ 4.000

**20%**
**TRISTAR BLANDARI 600W**
Verð áður ........ 9.999
Tilboðsverð ........ 7.997
Þú sparar ........ 2.002

**AUDIOSONIC ÚTVARPSVEKJARAKLUKKA**
**20%**
20% afsláttur af öllum vekjaraklukkum
Verð áður ........ 3.490
Tilboðsverð ........ 2.990

**20%**
**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NESTISBOXUM**

**20%**
**EXQUISIT ÞURRKARI með rakaskynjara**
Verð áður ........ 74.900
Tilboðsverð ........ 59.900
Þú sparar ........ 15.000

**24%**
**EXQUISIT ÞVOTTAVÉL 1000 snúninga**
Verð áður ........ 84.900
Tilboðsverð ........ 64.900
Þú sparar ........ 20.000

**35%**
**TRISTAR RYKSUGA 2400 W**
Verð áður ........ 19.990
Tilboðsverð ........ 12.990
Þú sparar ........ 7.000

**18%**
**TRISTAR MÍNÚTUGRILL**
Verð áður ........ 10.990
Tilboðsverð ........ 8.990

**50%**
Fyrir heilsudrykkinn
**HRISTIGLAS 700ML**
Verð áður ........ 499
Tilboðsverð ........ 250

**33%**
**GRUNDIG HEYRNARTÓL**
Verð áður ........ 2.999
Tilboðsverð ........ 1.999
Þú sparar ........ 1.000

**25%**
**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐABOLLUM**

# sport

sport@frettabladid.is



**RÚRIK GÍSLASON** var í í byrjunarliði danska liðsins OB sem vann góðan 1-0 sigur á Villarreal í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær. Rúrik lék fyrstu 81 mínútu leiksins en sigurmark OB kom stuttu síðar eftir að þeir spænsku höfðu fengið fjölmörg tækifæri til að skora. Liðin mætast aftur í næstu viku, þá á Spáni.

## ÚRSLIT

### *Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| **Grindavík - Þróttur** | **3-2** |
| 1-0 Dernelle L. Mascall (34.), 2-0 Mascall (45.), 3-0 Shaneka Gordon (71.), 3-1 Guðlaug Rut Þórsdóttir (81.), 3-2 Alexandra Toth (90.). | |

*Upplýsingar frá Fótbolti.net*

### *Meistaradeild Evrópu*

**FORKEPPNI, FYRRI LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Odense BK - Villarreal** | **1-0** |
| 1-0 Hans Henrik Andreasen (84.) | |
| **Bayern München - FC Zürich** | **2-0** |
| 1-0 Bastian Schweinsteiger (8.), 2-0 Arjen Robben (72.). | |
| Wisla Krakow - Apoel Nicosia | 1-0 |
| Maccabi Haifa - Genk | 2-1 |
| Dinamo Zagreb - Malmö FF | 4-1 |

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| **Linköping - Örebro** | **0-2** |
| Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir léku báðar allan leikinn fyrir Örebro. | |
| **Hammarby - Kristianstad** | **1-0** |
| Margrét Lára Viðarsdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir og Sif Atladóttir léku allan leikinn fyrir Kristianstad. Erla Steina Arnardóttir kom inn á sem varamaður á 72. mínútu. | |
| **FC Malmö - Jitex** | **5-0** |
| Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði þrennu fyrir Malmö. Hún lék allan leikinn, rétt eins og Þóra B. Helgadóttir, markvörður. | |
| **Umeå - Piteå** | **2-2** |



**TVÆR ÞRENNUR** Sara Björk er á sínu fyrsta tímabili í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sara Björk Gunnarsdóttir:

## Skoraði þrennu í annað skiptið

**FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði þrennu þegar lið hennar, Malmö, vann 5-0 sigur á Jitex í sænsku úrvalsdeildinni í gær. Þetta er í annað skiptið á tímabilinu sem Sara Björk skorar þrjú mörk í einum og sama leiknum.**

**„Ég fann mig vel í kvöld en við höfum átt nokkuð erfitt uppdráttar eftir að deildin fór aftur af stað eftir HM-frí,“ sagði Sara Björk við Fréttablaðið í gær. „Við vorum búnar að tapa og gera jafntefli í leikjunum á undan en við erum vonandi komnar á gott ról, eins og við vorum á fyrir sumarfríið.“**

**Malmö komst á topp deildarinnar í gær þar sem Umeå gerði á sama tíma jafntefli. Liðin eru jöfn að stigum en Malmö er með betra markahlutfall. Malmö er ríkjandi meistari og segir Sara Björk að stefnan sé vitanlega sett á að verja hann.**

**Hún er á sínu fyrsta tímabili í Svíþjóð og líður vel ytra. „Ég hef það mjög gott. Ég var búin að hugsa lengi um að koma mér út og spila í stærri deild. Ég sé alls ekki eftir þeirri ákvörðun.“** - esá




# UPPRÆTA ÞARF KRABBAMEINIÐ

**Óheiðarlegir knattspyrnumenn sem svindla á vellinum eru að verða stærsta vandamál íþróttarinnar. Leikaraskapur er orðinn eðlilegur hluti af leiknum og það sem meira er – svindlurunum er aldrei refsað.**

**FÓTBOLTI** Helsta vandamál knattspyrnunnar í dag er leikaraskapur. Óheiðarlegir knattspyrnumenn sem reyna að svindla á vellinum. Vandamálið hefur vaxið mikið á síðustu árum og nú er svo komið að leikaraskapur er orðinn helsta krabbamein fótboltans.

Nú síðast kom upp atvik í leik Víkings og FH þar sem framherji Víkings gerði sig sekan um fádæma leikaraskap og það ekki bara einu sinni heldur tvisvar á aðeins nokkrum sekúndum.

Leikmaður FH gerði sig aftur á móti sekan um afar heimskulega hegðun. Um það verður ekki deilt. FH-ingurinn fór fyrir vikið í tveggja leikja bann en svindlarinn sleppur með skrekkinn. Það er eitthvað verulega rangt við þessa mynd.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt kemur upp í sumar. Meðal annars varð einn leikmaður FH uppvís að svindli í sumar, þar sem hann blekkti dómarann viljandi. Sami leikmaður hefur síðan hraunað yfir dómara í sumar fyrir að standa ekki sína plikt. Dómurum er vorkunn á meðan óheiðarlegir leikmenn reyna að villa um fyrir þeim og gera erfitt starf enn erfiðara.



**ALGENG SJÓN** Knattspyrnumaður Joey Barton, leikmaður Newcastle, liggur „sárþjáður“ í grasinu eftir að andstæðingur kom við andlit hans. Það er algengt að sjá leikmenn gera meira úr meiðslum sínum en tilefni er til. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### Engin refsing fyrir svindlara

Þó svo að ég hafi aðeins tínt til þessi atvik eru svo sannarlega fleiri leikmenn í efstu deild á Íslandi með svarta samvisku. Enginn þeirra hefur þurft að sæta refsingu fyrir svindlið.

Ég er ekki einn um að vera kominn með algjörlega upp í kok af þessum óheilindum knattspyrnumanna. Ástandið er að mínu mati orðið svo slæmt að átak þarf til innan hreyfingarinnar svo hægt sé að losa þessa fallegu íþrótt við krabbameinið.

Þar þurfa bæði félögin og KSÍ að koma að málum. KSÍ þarf að endurskoða regluverk sitt svo komi megi böndum yfir svindlarana. Það gengur ekki að þeir sleppi alltaf. KSÍ þarf að nýta sér myndbandsupptökur og refsa svindlurunum grimmilega. Að öðrum kosti hætta menn ekki.

KSÍ er í heljarinnar krossferð gegn munntóbaksnotkun með þeim formerkjum að leikmenn séu fyrirmyndir og líklegt sé að ungviðið api ósiðinn upp eftir þeim. Ekkert er nema gott og blessað um það átak að segja. Betur má ef duga skal og nú vil ég sjá alvöru átak gegn svindli.

> Það gengur ekki að svindlararnir sleppi alltaf. KSÍ þarf að nýta sér myndbandsupptökur og refsa svindlurunum grimmilega.

### Á ekki að vera hluti af leiknum

Við fjölmiðlamenn þurfum einnig að líta í eigin barm og vera óhræddari við að gagnrýna svindlarana og láta þá svara til saka fyrir gjörðir sínar. Leikaraskapurinn er orðinn það stór hluti af leiknum að fjölmiðlamenn hafa jafnvel fallið í þá gryfju að hrósa svindlurunum fyrir klókindi. Það er algjörlega ólíðandi en segir ansi margt um hversu alvarlegt vandamálið er. Menn eru farnir að viðurkenna þessa hegðun sem hluta af leiknum í stað þess að berjast gegn henni.

Á meðan KSÍ tekur ekki á svindlurunum væri gaman að sjá félögin setja sér sínar eigin siðareglur og bregðast við svindli sinna leikmanna með refsingum. Leikmanna sem eru fyrirmyndir yngri leikmanna félagsins.

Það er nógu slæmt að ungviðið þurfi að horfa upp á Ronaldo og félaga velta sér upp úr grasinu og skæla við minnstu snertingu eða jafnvel enga. Hinar íslensku fyrirmyndir þurfa ekki að fara sömu leið.

### Það sem ungur nemur…

Ef leikmenn halda áfram að svindla er ansi líklegt að ungviðið api upp eftir þeim ósiðinn og þá mun svindlið verða eðlilegur hluti af leik ungra knattspyrnumanna. Þá fyrst er íslensk knattspyrna komin í stórkostleg vandræði. Átaks er þörf og einnig er þörf á hugarfarsbreytingu hjá öllum þeim sem að knattspyrnunni koma.

**UTAN VALLAR**
**Henry Birgir Gunnarsson**
henry@frettabladid.is



Sjö rauð spjöld hafa farið á loft í fimmtán leikjum FH-liðsins í Pepsi-deild karla í fótbolta í sumar:

# Góðir bæði manni fleiri og manni færri

**FÓTBOLTI** Rauðu spjöldin hafa svo sannarlega farið á loft í leikjum FH-inga í Pepsi-deild karla í sumar en þau eru orðin alls sjö í fimmtán leikjum. FH-ingar hafa fengið fjögur rauð sjálfir og mótherjar þeirra hafa þrisvar sinnum verið sendir snemma í sturtu. Nú er svo komið að það hefur vantað leikmann í annað liðið í leikjum FH í samtals 254 mínútur í sumar.

FH-ingar kunna líka það liða best að spila manni fleiri og manni færri ef marka má tölfræði liðsins við slíkar aðstæður í sumar. FH-ingar eru með markatöluna 5-2 þær 152 mínútur sem þeir hafa spilað ellefu á móti tíu og eru líka í plús þegar þeir hafa misst mann af velli. Pétur Viðarsson hefur fengið tvö rauð spjöld í síðustu fjórum leikjum FH en FH-liðið hefur unnið þá báða, fyrst 3-2 sigur á Val og svo 3-1 sigur á Víkingum. Markatala FH-liðsins manni færri í þessum tveimur leikjum er 3-0. FH-ingar eru reyndar í 2. sæti yfir bestu markatölu liða sem spila tíu á móti ellefu en Stjörnumenn eru þar efstir á blaði með markatöluna 3-1.



**PÉTUR VIÐARSSON** Hefur fengið tvö rauð spjöld á stuttum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Nýliðar Þórs og Víkings reka hins vegar lestina þegar kemur að því að nýta sér liðsmuninn. Þórsarar hafa reyndar bara lent einu sinni í slíkri aðstöðu og fengu þá á sig þrjú mörk á móti Stjörnunni.

Víkingar hafa aftur á móti þrisvar sinnum tapað leik í Pepsi-deildinni í sumar þar sem liðið hefur verið manni fleiri í heilan hálfleik eða lengur. Víkingar hafa tapað síðustu tveimur leikjum sínum undir þessum kringumstæðum (á móti KR 2-3 og FH 1-3) og þeir lágu einnig á móti Val í júní (1-2) þrátt fyrir að vera ellefu á móti tíu í meira en klukkutíma.

Víkingar hafa alls verið manni fleiri í 174 mínútur í sumar en markatala þeirra á þessum tíma er 2-5 mótherjum þeirra í hag.

Hér fyrir neðan má sjá markatölu liðanna í deildinni þegar þau spila ellefu á móti tíu eða tíu á móti ellefu. - óój

**Ellefu á móti tíu í sumar**

| | |
|---|---|
| FH | +3 (5-2, 152 mín.) |
| Breiðablik | +3 (3-0, 95) |
| KR | +2 (3-1, 99) |
| Grindavík | +2 (2-0, 58) |
| Keflavík | +1 (1-0, 3) |
| Fram | +1 (1-0, 12) |
| Fylkir | 0 (0-0, 2) |
| Valur | -3 (0-3, 78) |
| Þór Ak. | -3 (0-3, 43) |
| Víkingur | -3 (2-5, 174) |
| ÍBV | ekkert rautt |
| Stjarnan | ekkert rautt |

**Tíu á móti ellefu í sumar**

| | |
|---|---|
| Stjarnan | +2 (3-1, 75 mín.) |
| FH | +1 (3-2, 102) |
| KR | +1 (2-1, 57) |
| Valur | +1 (2-1, 64) |
| Þór | 0 (2-2, 45) |
| Víkingur | 0 (0-0, 1) |
| ÍBV | -1 (1-2, 103) |
| Keflavík | -1 (0-1, 84) |
| Fylkir | -1 (0-1, 26) |
| Grindavík | -2 (0-2, 69) |
| Breiðablik | -3 (1-4, 94) |
| Fram | ekkert rautt |

# KR - VALUR

## Úrslitaleikur á Laugardalsvelli

## 20. ágúst kl. 16




**MÆTTU Á STÆRSTA LEIK SUMARSINS HJÁ STELPUNUM!**

Miðaverð 1000 kr. og ókeypis fyrir börn.

VALITOR
BIKARINN

# Ólafur Björn má ekki taka við verðlaunafénu

**Áhugamaður hefur ekki sigrað á PGA-mótaröðinni í tvo áratugi. Phil Mickelson var sá síðasti sem afrekaði það, árið 1991. Ólafur Björn Loftsson getur ekki tekið við hundrað milljónum ef hann sigrar á PGA-mótinu í Norður-Karólínu.**

**GOLF** Áhugakylfingar, eins og Ólafur Björn Loftsson, geta samkvæmt reglum um áhugamennsku ekki tekið við verðlaunafé á atvinnumannamótum.

Eins og fram kemur á golfsíðu Fréttablaðsins í dag tekur Ólafur fyrstur Íslendinga þátt í sterkustu atvinnumótaröð heims þar sem um 150 kylfingar keppa um 600 milljóna kr. verðlaunafé, og þar af fær sigurvegarinn um 100 milljónir kr. í sinn hlut. Ef svo fer að Ólafur vinni sér inn verðlaunafé á mótinu getur hann ekki tekið við því.

Ólafur er að hefja lokaár sitt í Háskóla Norður-Karólínu og hefur hann hug á því að reyna fyrir sér sem atvinnumaður haustið 2012.

Það er mjög algengt að áhugakylfingar fái tækifæri á atvinnumótaröðunum í Bandaríkjunum og Evrópu. Yfirleitt eru það aðalstyrktaraðilarnir sem fá að bjóða 1-2 kylfingum á „sitt“ mót og er mikil eftirspurn eftir slíkum sætum. Kylfingar á borð við hinn þekkta John Daly hafa þurft að stóla á slík boð eftir að þeir hafa misst keppnisrétt sinn á PGA-mótaröðinni.

### Gæti fengið sjálfkrafa keppnisrétt í tvö ár

Það gerist mjög sjaldan að áhugakylfingar nái að sigra á atvinnumóti en það gerði enginn annar en Phil Mickelson síðast fyrir tveimur áratugum. Það er ekki aðeins gríðarlega hátt verðlaunafé sem sigurvegarinn fær með því að sigra á PGA móti. Að auki fær sigurvegarinn sjálfkrafa keppnisrétt í tvö ár fram í tímann og Íslandsmeistarinn frá árinu 2009 gæti þegið slík verðlaun ef því er að skipta.

Aðeins 125 kylfingar eru með fullan keppnisrétt á PGA-mótaröðinni á hverju tímabili en í ár eru um 350 kylfingar með nafnið sitt á peningalistanum. Þeir sem ná ekki að halda sér í hópi 125 efstu í lok tímabilsins þurfa að fara í gegnum erfitt úrtökumót.

### Ekki miklar líkur á sigri áhugamanns

Eins og áður segir eru ekki miklar líkur á því að áhugamaður nái að vinna atvinnumót í golfi. Phil Mickelson gerði það síðastur allra á bandarísku PGA-mótaröðinni árið 1991 en frá árinu 1954 hafa aðeins fjórir áhugamenn náð slíkum árangri. Scott Verplank (1985), Doug Sanders (1956), Gene Littler (1954).

Sömu sögu er að segja af Evrópumótaröðinni sem hefur vaxið á undanförnum árum og gert atlögu að yfirburðastöðu PGA-mótaraðarinnar. Aðeins þrír áhugakylfingar hafa náð að vinna mót á Evrópumótaröðinni frá því að hún var sett á laggirnar í núverandi mynd árið 1972. Þeir eru Shane Lowry (2009), Danny Lee (2009) og Pablo Martin (2007).

seth@frettabladid.is



ÓLAFUR BJÖRN LÁRUSSON Tekur fyrstur Íslendinga þátt í sterkustu atvinnumótaröð heims. NORDIC PHOTOS/GETTY



MJÖLNISMENN Létu mikið fyrir sér fara á bikarúrslitunum. MYND/EVA BJÖRK ÆGISDÓTTIR

Þór sektað um 35 þúsund kr:

## Blysmönnum mögulega refsað

**FÓTBOLTI** Þór frá Akureyri var í gær sektað um 35 þúsund krónur vegna hegðunar stuðningsmanna liðsins á bikarúrslitaleiknum gegn KR um helgina en kveikt var á blysum í stúkunni.

„Við erum afar ósáttir við þá sem kveiktu á blysunum,“ sagði Unnsteinn Einar Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Þórs. „Við gerðum allt sem í okkar valdi stóð til að koma í veg fyrir þetta en það tókst samt ekki.“

Hann segir að til greina komi að banna viðkomandi að koma á heimaleiki Þórs. „Við þurfum að taka afstöðu til þess en það væri rökrétt að gera eitthvað slíkt. Við þurfum að stoppa þessa hegðun.“

Hann segist vita hverjir eiga í hlut. „Einn var tekinn af lögreglu á staðnum og fær væntanlega sekt. Mjölnismenn hafa verið mjög öflugir í sumar og eru í baráttu um stuðningsmannaverðlaunin. Þetta gæti skemmt fyrir þeim möguleikum en við vitum að þeir sem gerðust brotlegir eru ekki í þeim hópi sem kom frá Akureyri á leikinn.“ - esá

Hafnarfjarðarmótið í kvöld:

## Kristján mættur með GUIF-liðið

**HANDBOLTI Kristján Andrésson er mættur með lærisveina sína í Eskilstuna Guif til landsins og mun sænska liðið taka þátt í Hafnarfjarðarmótinu sem hefst í kvöld. Kristján hefur gert frábæra hluti með sænska liðið.**

**FH, Haukar og Valur taka líka þátt í mótinu sem fram fer í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Í kvöld mætast FH og Guif klukkan 18.00 og strax á eftir spila síðan Haukar og Valur.** - óój



HJÖRTUR HJARTARSON Fagnar hér tólfta marki sínu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjörtur Júlíus Hjartarson:

## Þrisvar upp á fjórum árum

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Hjörtur Júlíus Hjartarson þekkir þá tilfinningu vel að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni. Hjörtur tryggði Skagaliðinu sæti í Pepsi-deildinni næsta sumar með því að skora jöfnunarmark liðsins á móti ÍR í fyrrakvöld.

Þetta er í þriðja sinn á fjórum árum sem Hjörtur fer upp með sínu liði. Hann fór líka upp með Þrótturum sumarið 2007 og fór síðan upp með Selfyssingum fyrir tveimur árum.

Hjörtur er markahæstur í 1. deildinni í ár með 12 mörk í 15 leikjum en hann varð markakóngur deildarinnar 2007 þegar hann skoraði 18 mörk í 21 leik með Þrótti. Hjörtur skoraði síðan 7 mörk í 10 leikjum með Selfyssingum sumarið 2009.

Hjörtur hefur því alls skorað 44 mörk í 67 leikjum í 1. deildinni undanfarin fimm sumur en sumarið 2008 lék hann með Þrótturum í úrvalsdeildinni.

„Ég hef ekkert gefið það út hvort ég leiki með Skaganum á næsta tímabili en líklega verða þeir án mín. Maður veit samt aldrei,“ sagði Hjörtur í viðtali á Vísi eftir ÍR-leikinn. Það væri kannski ekki vitlaust fyrir lið í 1. deildinni, sem ætlar sér að fara upp næsta sumar, að kanna stöðuna á kappanum eftir þetta tímabil. - óój




Húnaþing vestra.
Hér rignir 216 daga á ári,
ekkert mál ef þú klæðir þig vel.
66 NORTH
66 NORTH
Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 9, Faxafen 12,
Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 Akureyri: Glerártorg
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um allt land
www.66north.is
Klæddu þig vel
66°
NORÐUR

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**600** **MILLJÓNIR** eru til skiptanna til keppenda en verðlaunaféð á Wyndham mótinu er alls 5,2 milljónir dala.

**1.700** **SJÁLFBOÐALIÐAR** vinna að framkvæmd mótsins á hverju ári.



**KEEGAN BRADLEY** Hefur verið frábær á sínu fyrsta ári á mótaröðinni.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ný stjarna komin fram:

## Hækkaði sig um 300 sæti

Keegan Bradley, bandaríski kylfingurinn sem sigraði í PGA-meistaramótinu um helgina, hækkaði sig um 300 sæti á heimslistanum í golfi með sigrinum, eins og greint er frá á kylfingur.is.

Fyrir mótið var hann í 329. sæti listans en situr nú í því 29. Þannig náði hann að skáka stórstjörnu eins og Tiger Woods sem er í 33. sæti.

Englendingurinn Luke Donald er sem fyrr í efsta sæti listans en hann náði 8. sæti í PGA-meistaramótinu. - shá

Golfklúbburinn Dalbúi:

## Dalbúi fékk gefins skóg

Golfklúbburinn Dalbúi í Miðdal við Laugarvatn fékk á dögunum eitt stykki skóg að gjöf sem ráðgert er að gróðursetja við völl klúbbsins. Um er að ræða 300 gróskumiklar trjáplöntur – greni, furu og lerki.

Það er Félag vélstjóra og málmtæknimanna sem gefur trén sem eru úr skógrækt Erlends Haraldssonar, prófessors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, sem hefur um langt árabil staðið í mikilli skógrækt við sumarbústað sinn í Snorrastaðahlíð. - shá

# „Gaman að æfa með Daly“

**Ólafur Björn Loftsson, kylfingur úr Nesklúbbnum, hefur leik á Wyndham Championship-golfmótinu á PGA-mótaröðinni í dag. „Draumi líkast,“ segir Ólafur um veru sína á mótssvæðinu. Margir af sterkustu kylfingum heims eru mættir til leiks. Mótið er eitt það virtasta á PGA-mótaröðinni.**

Ólafur Björn Loftsson, fyrrverandi Íslandsmeistari úr Nesklúbbnum, varð fyrsti íslenski kylfingurinn til að tryggja sér keppnisrétt á móti á PGA-mótaröðinni með sigri á hinu sterka Cardinal áhugamannamóti á sunnudag. Ólafur hefur með sigrinum ekki aðeins skrifað nýjan kafla í íslenska golfsögu heldur er það mat manna að árangur hans geti haft djúpstæðari þýðingu fyrir íslenskt golf þegar til framtíðar er litið.

Ólafur hefur nú dvalið á mótssvæðinu við æfingar síðan á mánudag og segir það ótrúlega reynslu að undirbúa sig fyrir golfmót í þeim félagsskap sem hann hefur verið í undanfarna daga. „Það verður að viðurkennast að það var magnað að slá á æfingasvæðinu við hliðina á John Daly. Það er erfitt að einbeita sér að æfingunum og setjast ekki einfaldlega niður til að fylgjast með þessum snillingum sem maður hefur litið upp til frá barnsaldri,“ segir Ólafur hlæjandi.

Ólafur vill ekki gera mikið úr árangri sínum en hlakkar mikið til að byrja að spila. „Við byrjum allir á sama skori, svo það er aldrei að vita.“

Mótið, sem hefst í dag, er haldið á velli Sedgefield-golfklúbbsins í Greensboro í Norður-Karólínu. Eins og gefur að skilja hefur Ólafur lagt áherslu á að spila nokkra æfingahringi til að kynnast vellinum sem andstæðingar hans, margir hverjir, hafa spilað margoft í gegnum árin. Ólafur segist undirbúa sig á sama hátt og fyrir önnur golfmót. „Ég reyni, þó erfitt sé, að líta á þetta sem hvert annað mót. En þetta er draumi líkast að fá að spila á meðal þeirra bestu. Það stendur upp úr og gaman að fá að kynnast því hvernig þetta gengur fyrir sig.“



**ÓLAFUR BJÖRN LOFTSSON** Ólafur, sem er 24 ára að aldri, varð Íslandsmeistari árið 2009 með eftirminnilegum hætti. Hann stundar háskólanám í Bandaríkjunum, þar sem hann hefur náð góðum árangri í íþrótt sinni. Hann er sexfaldur klúbbmeistari Nesklúbbsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MEÐ SIGURLAUNIN** Ólafur vann öruggan sigur á Cardinal-áhugamannamótinu og vann með því keppnisrétt á Wyndham Championship. Hér er Ólafur sigurreifur með verðlaunin sín.
MYND/ÓLAFUR LOFTSSON

> Við byrjum allir á sama skori, svo það er aldrei að vita.
>
> ÓLAFUR BJÖRN LOFTSSON

Jón Ásgeir Eyjólfsson, forseti Golfsambands Íslands, ætlar að verða vitni að þessum tímamótum í íslensku golfi og fór utan í gær. „Með þessu er brotið blað í íslenskri golfsögu. Um þetta dreymir tugþúsundir kylfinga án þess að ná þessu takmarki nokkru sinni. Þetta er stórkostlegt og ég hef fylgst með Ólafi frá því að hann var strákur. Hann á þetta skilið fyrir mikla vinnu. Þýðing þessa er kannski ekki síst að hér hefur íslenskur kylfingur sýnt að þetta er mögulegt og eyðir kannski efanum úr huga annarra íslenskra kylfinga.“

Þorsteinn Hallgrímsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í golfi og golfkennari, tekur undir með forseta GSÍ. „Þetta sýnir okkur hvað íslenskir kylfingar geta. Ólafur er frábær fyrirmynd.“

Þorsteinn segir að háskólagolfið í Bandaríkjunum hjálpi Ólafi mikið, en þar er hann að spila reglulega við áþekkar aðstæður. Um mótið segir Þorsteinn að um stórkostlegt tækifæri sé að ræða. „Ólafur hefur allt að vinna. Það eina sem gæti háð honum er högglengdin en á móti kemur að hann er frábær í stutta spilinu. Vonandi tekst honum að leika vel. Það er ekki sjálfgefið þegar þú lendir kannski í ráshópi með Davis Love eða John Daly. Einhver myndi óska sér þess að vera frekar í hópi áhorfenda þó að ég viti að það á ekki við um Ólaf,“ segir Þorsteinn. svavar@frettabladid.is






CARL PETTERSSON



SAM SNEAD



**9. BRAUT Á SEDGEFIELD** Völlurinn var endurgerður í upprunalegri mynd fyrir nokkrum árum. Klúbbhúsið er eitt það glæsilegasta í Bandaríkjunum.
MYND/ANTHONY VINSON SMITH

## Einn af virtari viðburðum PGA-mótaraðarinnar

- Sedgefield-golfklúbburinn geymir mikla sögu enda gestgjafi eins grónasta viðburðar á PGA-mótaröðinni frá stofnun hennar, eða Wyndham Championship. Stofnað var upphaflega til mótsins árið 1938 undir heitinu Greater Greensboro Open, og var Sedgefield-klúbburinn gestgjafinn í yfir fjóra áratugi samfleytt. Sagan geymir meistara eins og Sam Snead, Gary Player, Byron Nelson og Ben Hogan, svo fáeinir af frægari kylfingum fortíðarinnar séu nefndir.
- Árið 2008 var mótið haldið að nýju á Sedgefield eftir gagngerar endurbætur á vellinum þar sem upphafleg hönnun vallarins var höfð í hávegum. Endurbæturnar kostuðu nokkur hundruð milljónir króna. Það ár setti Carl Pettersson met þegar hann lék völlinn á níu undir pari eða 61 höggi. Völlurinn hefur aldrei verið leikinn á jafn lágu skori frá upphafi. Pettersson vann mótið en meistari síðasta árs var Indverjinn Arjun Atwal, sem reyndar komst inn á mótið vegna forfalla.
- Goðsögnin Sam Snead varð fyrst til að sigra á Wyndham Championship árið 1939. Hann vann síðar mótið sjö sinnum til viðbótar, oftast allra. Átta sigrar hans á mótinu er met sem stendur enn sem flestir sigrar á einum viðburði á mótaröðinni.
- Sex kylfingar hafa unnið Wyndham-mótið og eitt af fjórum stórmótum ársins sama ár. Þeirra frægastir eru Sandy Lyle árið 1988. Sam Snead árin 1946 og 1949 og Byron Nelson árið 1945.
- Þessir kylfingar verða meðal annarra þekktra kylfinga með á mótinu: Trevor Immelman, Ian Poulter, Angel Cabrera, Paul Casey, Anthony Kim, Webb Simpson, Vijay Singh, Justin Leonard, Brandt Snedeker, Ben Curtis, John Daly, Davis Love III, Henrik Stenson, David Duval, Ernie Els, Jim Furyk, David Toms, Lucas Glover, Rocco Mediate, Camilo Villegas, Retief Goosen, Boo Weekley og Bill Haas.


ÚTILÍF
ÚTIVISTAR
UTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF JÖKKUM,
BUXUM, PEYSUM, BOLUM
SKYRTUM OG GÖNGUSKÓM
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

> **Gerard Butler**

„Á þessum tíma var ég byrjaður í söngkennslu. Eftir fyrsta skiptið var ég undrandi á að gluggarnir titruðu ekki. Eftir þriðja skiptið vissi ég í raun og veru ekki hvaðan þessi rödd kæmi.“

***Gerard Butler leikur í rómantísku gamanmyndinni The Ugly Truth, sem segir frá karlrembu sem ákveður að hjálpa vinnufélaga sínum í ástarlífinu með afar skemmtilegum árangri. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON HEFUR ENGAN HÚMOR

# *Er þetta svona rosalega fyndið?*

Ég ætla að byrja á klisjunni:„Þegar sól tekur að lækka á lofti fer sjónvarpsskjárinn að leika sífellt stærra hlutverk á heimilum landsmanna.“ Þá hef ég komið henni frá mér. Ég fékk hins vegar rækilega að kynnast þessari klisju á þriðjudagskvöld. Ég gerði heiðarlega tilraun á sjálfum mér í haustrokinu til að horfa á amerískt grín á Stöð 2 en hefði betur sleppt því; smekkur minn og Ameríkana fer í stórum dráttum einfaldlega ekki saman (undantekningin frá þessari reglu er matarkyns og því ekki hæf til samanburðar á þessu sviði).

Ég hafði einu sinni gaman af Modern Family, fannst mikið til þáttanna koma en eins og alltaf verða brandararnir formúlukenndir og fyrirsjáanlegir þegar fram líða stundir, persónurnar festast í sömu hjólförunum og fá ekkert tækifæri til að þroskast og þróast. Rétt eins og í Two and a Half Men. Hvað er eiginlega hægt að skrifa marga brandara um áfengi og konur? Og svo Big Bang Theory, brandarar um nirði sem geta varla klætt sig sjálfir? Og loks How I Met Your Mother, Ameríka af bestu gerð.

Það var ekki fyrr en klukkan tíu um kvöldið þegar bresku grínistarnir Matt Lucas og David Walliams skutu upp kollinum að kvöldið gat virkilega hafist og ekki versnaði ástandið þegar bæði Entourage og Daily Show með Jon Stewart fylltu húsið af skemmtilegheitum (ágæti dagskrárstjóri Stöðvar 2, væri kannski einhver smá möguleiki að fá aðeins nýrri þætti af Stewart? Þeir hjá DR eru alltaf með frekar nýlega þætti).



**SMÁ BREIK** Ég hef ákveðið að gera sjálfum mér ekki þann grikk að horfa á amerískt grín fyrir klukkan tíu á kvöldin. Það er svo yfirborðskennt, fyrirsjáanlegt og formúlukennt.

## RÚV

**16.00 Golf á Íslandi** (9:14) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Gurra grís** (6:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (8:52)
**17.40 Einmitt þannig sögur** (4:10)
**17.55 Geymslan**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Skassið og skinkan** (19:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Grillað** (6:8)
**20.40 Hljóðlátar metsölubækur** (Bokprogrammet: Stille bestselgere) Sumar bækur selja sig sjálfar án nokkurrar hjálpar útgefandans og koma þannig bæði honum og lesendum á óvart. Það spyrst út að allir séu eða ættu að lesa þær og lesendur sjálfir gera þær að metsölubókum.
**21.10 Sönnunargögn** (8:13) (Body of Proof) Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Þrenna** (8:8) (Trekant)
**23.40 Kastljós** (e)
**00.10 Fréttir** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**10.00 Full of It**
**12.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**14.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**16.00 Full of It**
**18.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**20.00 The Ugly Truth**
**22.00 I Love You Beth Cooper**
**00.00 Death Race**
**02.00 Funny Money**
**04.00 I Love You Beth Cooper**
**06.00 Role Models**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (13:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (9:23)
**11.50 Gilmore Girls** (8:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (20:24)
**13.25 Loving Leah**
**15.00 The O.C. 2** (23:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons 13** (1:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (11:24)
**19.40 Modern Family** (16:24)
**20.05 Royally Mad** (2:2) Vandaður þáttur í tveimur hlutum með Cat Deeley, kynni So You Think You Can Dance, sem leggur upp í pílagrímsför með nokkrum trítilóðum bandarískum láta sinn æðsta draum rætast, að upplifa brúðkaup aldarinnar. Seinni hluti.
**20.50 The Closer** (4:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna 6 ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons.
**21.35 The Good Guys** (4:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni.
**22.20 Sons of Anarchy** (4:13)
**23.05 The Whole Truth** (8:13)
**23.50 Lie to Me** (20:22)
**00.35 Damages** (13:13)
**01.35 The Band's Visit**
**03.00 Day of Wrath**
**04.50 The Closer** (4:15)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**14.45 Barcelona - Real Madrid**
**16.30 Odense - Villarreal**
**18.15 Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.35 AEK - Dinamo Tbilisi** Bein útsending frá leik AEK Aþenu og Dinamo Tbilisi í umspili Evrópudeildarinnar. Eiður Smári Guðjohnsen og Elfar Freyr Helagson leika með AEK og Arnar Grétarsson er yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu.
**20.45 OK búðamótið** Upptaka frá OK búðamótinu þar sem sannir íslenskir kraftajötnar taka á öllu sem þeir eiga.
**21.15 EAS þrekmótaröðin** EAS þrekmótaröðin er stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda.
**21.45 La Liga Preseason Show**
**22.40 AEK - Dinamo Tbilisi**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Stoke - Chelsea** Útsending frá leik Stoke City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 QPR - Bolton** Útsending frá leik Queens Park Rangers og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Bebeto** Bebeto er enginn aukvissi en þessa fyrrverandi heimsmeistara með brasiliska landsliðinu 1994 og 1998 verður minnst með hlýhug enda frabær knattspyrnumaður. Ferill Bebeto verður skoðaður ofan í kjölinn og skyggnst verður a bak við tjöldin.
**20.55 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.20 Wigan - Norwich** Útsending frá leik Wigan og Norwich í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (20:28)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 My Generation** (8:13) (e)
**19.00 Real Housewives of Orange County** (7:17)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?**
**20.10 Rules of Engagement** (16:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
**20.35 Parks & Recreation** (15:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**21.00 Running Wilde** (11:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Development.
**21.25 Happy Endings** (11:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem eiga frábæran vinahóp. Alex og Dave reyna að sannfæra vinahópinn um þau eigi auðvelt með að vera „bara vinir“ og skipuleggja því partý sem endar öðruvísi en ætlað var.
**21.50 Law & Order: Los Angeles - LOKAÞÁTTUR** (22:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles. Bróðir knattspyrnustjörnu er myrtur og lögreglan stendur á gati.
**22.35 The Good Wife** (16:23) (e)
**23.20 Dexter** (4:12) (e)
**00.10 In Plain Sight** (7:13) (e)
**00.55 Smash Cuts** (22:52) (e)
**01.20 Law & Order: LA** (22:22) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 PGA Championship 2011** (3:4)
**11.35 Golfing World**
**12.25 Golfing World**
**13.15 PGA Championship 2011** (4:4)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (33:42)
**19.00 Wyndham Championship** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2006 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.50 The Doctors**
**20.35 In Treatment** (43:43) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Hot In Cleveland** (5:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf. Þær leigja sér hús en því fylgir lífleg og skemmtileg manneskja sem er leikin af hinni frábæru Betty White.
**22.10 Cougar Town** (5:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
**22.35 Off the Map** (11:13)
**23.20 Ghost Whisperer** (22:22)
**00.05 True Blood** (4:12)
**01.00 In Treatment** (43:43)
**01.25 The Doctors** (4:175)
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Óli í Netsögu er mikill baráttujaxl.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** Níundi þáttur á mannamáli um undirstöðuatvinnuveginn.
**21.30 Kolgeitin**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.35**

**Evrópudeildin**

Bein útsending frá leik AEK Aþenu og Dinamo Tbilisi í umspili Evrópudeildarinnar. Eiður Smári Guðjohnsen og Elfar Freyr Helgason leika með AEK og Arnar Grétarsson er yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Inn og út um gluggann **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hver myrti Móleró? **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Konur, geðveiki og sköpunarþráin **19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Erótík í skáldsögum Halldórs Laxness **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**08.30** New Tricks **09.20** New Tricks **10.15** EastEnders **10.45** Keeping Up Appearances **11.15** Monarch of the Glen **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** New Tricks **13.25** New Tricks **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.20** Skavlan **18.15** Skavlan **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.10** Live at the Apollo

### DR 1

**11.05** Vores Liv **11.35** Aftenshowet **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Klassen 1. b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Fandango **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Sporløs **18.30** 90'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Damages **20.15** Vore Venners Liv **21.15** Elskerinder **22.05** Trekant **22.35** Min italienske drøm **04.00** Rasmus Klump

### NRK 1

**08.00** Ut i nærturen **08.20** Sommeråpent **09.05** Program ikke fastsatt **10.45** Min bjørnefamilie **11.40** Aldri annet enn bråk **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Mat i Norden **18.00** Morskjensler i dyreverda **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** En solskinnshistorie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Ein idiot på tur **22.00** John Adams **23.20** Blues jukeboks

### SVT 1

**12.15** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Minnenas television **14.50** K-märkt form **14.55** Hjalmar på Örebroadway **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Spisa med Price **16.45** Genialt eller galet **17.05** K-märkta ord **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Svaleskär **18.30** Mitt i naturen **19.00** En andra chans **19.30** Basquiat. The radiant child **21.00** Angels in America **21.55** The Hour




## Ostabakki - à la franskur

Dalahringur, steyptur piparostur, gráðaostur, kryddaður Havarti, hvítur Kastali og Stóri Dímon. Undirstaðan á þessum ostabakka eru ferskir ávextir, gott og frekar gróft brauð, hunang, hnetur, ávaxtamauk og portvín. Það er um að gera að prófa sig áfram með hina ýmsu osta og bragðsamsetningar.



**Stóri Dímon**

Hvít- og blámygluostur. Þéttur ostur þar sem myglan er einnig inni í ostinum. Milt og rjómakennt bragð. Langt eftirbragð. Ómissandi ostur hjá öllum ostaaðdáendum. Einn af stóru ostunum frá MS.

# OSTAVEISLA FRÁ MS

### Fylltir ostar

**Gullostur** fylltur með rommlegnum rúsínum, þurrkuðum apríkósum og sultuðum fíkjum. Síðan er sætu apríkósumauki smurt yfir ostinn.

**Stóri Dímon** fylltur með fersku basil, grilluðu eggaldini og ofn- eða sól-þurrkuðum tómötum. Pinnum með ferskum tómötum, basil og steyptum ítölskum osti er síðan stungið ofan í ostinn.

**Dala-brie** með gráðaostafyllingu, þ.e. 2 msk. af stöppuðum gráðaosti ásamt 2 msk. af mascarpone-osti. Skreytið ostinn með pekanhnetum og hellið síðan hunangi yfir.

### Ostasamlokur

- Með bræddum Óðalsosti, skinku, sætu sinnepi, basil og papriku.
- Með heitum camembert, hálfum rauðum vínberjum, fínsöxuðu rósmaríni og svörtum pipar.
- Með Dala-Yrju, eggaldini og hráskinku, sýrðum rjóma og basil.

### Ostasnittur

- Með salati, krydduðu mangó, stórri ostsneið, Dalahring, tveimur risarækjum, límónu og kóríander
- Með sól- eða ofnþurrkuðum tómat, grillaðri papriku, ólífu, basillaufi, hráskinku og sneið af Dalahring.
- Með salati, sneið af hvítum Kastala, grillaðri papriku og grilluðu eggaldini.



FABRIKAN

MJÓLKURSAMSALAN



## FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF




## SUMARDAGAR

Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

**ROYAL OG CLASSIC**

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**




**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég held ég verði að segja veitingastaðurinn Uno. Þar sem ég bjó á Ítalíu hef ég mikið dálæti á ítölskum mat og á Uno færðu góðan mat á sanngjörnu verði.“*

Hafdís Inga Hinriksdóttir, förðunarmeistari og þáttastjórnandi.

# Frostrósa-aðdáendur vilja hitta Jóhönnu

„Við höfum verið saman í tuttugu ár og það er ein af ástæðum þess að við ætlum að koma aftur. Svo verð ég líka fimmtugur um þetta leyti,“ segir Craig Murray, Frostrósa-aðdáandi númer eitt frá Ástralíu.

Fréttablaðið greindi frá því í fyrra þegar Murray og sambýlismaður hans, Darryl Brown, komu sérstaklega til Íslands til að fara á jólatónleika Frostrósa. Þeir félagar voru himinlifandi með ferðina hingað og ákváðu að endurtaka leikinn í ár. Craig upplýsir meðal annars að þeir ætli sér að dvelja ögn lengur en síðast. „Við erum að vonast til að komast á tónleikana í Reykjavík þótt tónleikarnir á Akureyri hafi verið mjög fínir á síðasta ári,“ segir Craig. Fréttablaðið hafði samband við Samúel Kristjánsson hjá Frostrósum til að forvitnast fyrir um hvenær tónleikarnir færu fram en hann sagði nákvæma tímasetningu ekki vera komna. „Hins vegar eiga Frostrósir tíu ára afmæli í ár og það má því búast við einhverjum herlegheitum í kringum þau tímamót.“

Craig og Darryl hlakka hins vegar mikið til ferðarinnar til Íslands og Craig segir að þá langi mikið til að hitta eina manneskju. „Okkur langar mikið til að hitta forsætisráðherrann ykkar, Jóhönnu Sigurðardóttur. Við urðum svo glaðir þegar við heyrðum af því að hún hefði gengið að eiga sambýliskonu sína. Það yrði virkilega skemmtilegt ef við gætum komist á hennar fund.“ - fgg





**DYGGIR AÐDÁENDUR** Fáir leggja sennilega jafnmikið á sig til að komast á Frostrósir og þeir Craig Murray og Darryl Brown. Þeir ætla að koma aftur í ár og vilja jafnframt eiga fund með Jóhönnu Sigurðardóttur.






Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.









*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.

Allt sem þú þarft...


GÍSLI HVANNDAL: ÞAU ERU ORÐIN ANSI SEIG Í ÍSLENSKUNNI

# Kínverskir úrvalsnemendur klára BA-próf í íslensku

„Þeir eru margir í fjölskyldum nemendanna sem hneykslast á þeim að eyða tíma í að læra minnsta tungumál í heimi. Þau eru hins vegar alsæl og finnst námið skemmtilegt,“ segir Gísli Hvanndal, sem útskrifar sextán nemendur með BA-gráðu í íslensku við Háskólann í Beijing næsta vor.

Gísli hefur verið búsettur í Kína undanfarin þrjú ár en það var af einskærri ævintýraþrá sem hann sótti um vinnuna. „Ég var að kenna útlendingum íslensku í Alþjóðahúsinu og frétti þar að Menntamálaráðuneytið væri að leita eftir kennara í Kína. Ég ætlaði alltaf bara að prófa þetta í eitt ár en þau eru nú orðin þrjú,“ segir Gísli, sem er staddur hér á landi í fríi.

Gísli starfar við Háskóla erlendra fræða við Beijing-háskóla, eins og það kallast á íslensku, en í skólanum eru kennd hátt í 50 tungumál. Nemendurnir eru valdir inn af kostgæfni og aðeins þeir bestu fá pláss við skólann. „Skólinn er eins konar útungunarvél fyrir kínversku utanríkisþjónustuna og státar sig af því að hafa útskrifað 500 sendiherra og yfir þúsund diplómata.“

Nemendur Gísla eru fæddir ´89 og ´90 og segir Gísli að um hóp úrvalsnemenda sé að ræða. Þau eru orðin seig í íslenskunni og flest hafa komið hingað í skiptinám. „Þetta er góður hópur en erfiðast þykir þeim að læra framburðinn. Kennslan fer öll fram á íslensku núna og gengur það mjög vel,“ segir Gísli sem sjálfur talar ekki kínversku og fór kennslan því fram á ensku fyrst um sinn.

Hann man vel eftir þeim degi þegar námið byrjaði en það var 6. október árið 2008. „Við fengum heldur dramatíska byrjun á náminu og þá var aðalgrínið í kínverska samfélaginu að Kína ætti bara að kaupa Ísland. Forsenda fyrir kennslunni breyttist því frá fyrsta degi enda hefur íslenskum fyrirtækjum í Kína fækkað á síðustu árum.“ Nemendur hans njóta líka góðs af því að læra tungumál Íslendinga. „Til dæmis þætti námið ekki frétt í stærra landi,“ segir Gísli hlæjandi og bætir við að allir nemendur hans fengu að vinna við íslenska básinn á heimssýningunni í Sjanghæ í fyrra og margir fengið að vera í starfsnámi í íslenska sendiráðinu í Beijing.

„Ég ætla að fylgja nemendum mínum eftir og vera eitt ár til viðbótar. Svo held ég að það sé komið nóg af Kína í bili og ætla að koma heim.“ alfrun@frettabladid.is



**ÚRVALSNEMENDUR** Gísli Hvanndal útskrifar sextán Kínverja með BA-gráðu í íslensku við Háskólann í Beijing næsta vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**UMVAFINN NEMENDUM** Hér er Gísli ásamt nemendum sínum og þáverandi sendherra Íslands, Gunnari Snorra Gunnarssyni, fyrir utan skólastofuna í Beijing.

# Crispin Glover til Íslands

„Ég var staddur á tónlistarhátíð á Englandi fyrir tveimur árum og þá var hann með þessa sýningu sína. Ég varð mjög spenntur fyrir því að fá hana til Íslands enda var þetta eitthvað það magnaðasta sem ég hef séð,“ segir Sigurður Magnús Finnsson. Hann stendur fyrir óvenjulegum viðburði í Bíó Paradís í næsta mánuði. Leikarinn Crispin Glover ætlar að vera viðstaddur sýningar á tveimur mynda sinna, sitja fyrir svörum og flytja loks leikverkið sitt Crispin Hellion Glover's Big Slide Show en það byggir á bókum sem hann hefur gefið út.

Crispin Glover lék meðal annars pabba Marty McFly í fyrstu Back to the Future-myndinni. Þegar framleiðendur myndarinnar, en einn af þeim var Steven Spielberg, vildu fá hann til að leika í mynd númer tvö sagði Glover nei og endaði á því að fara í mál við þá eftir að myndir af honum voru notaðar í leyfisleysi í framhaldsmyndinni. Glover hefur síðan þá haldið sig á jaðri kvikmyndaborgarinnar en birtist af og til í litlum hlutverkum í stórum myndum á borð við Alice in Wonderland og Charlie's Angels. Þá lék hann Andy Warhol í Doors-mynd Olivers Stone. „Hann notar þá peninga til að fjármagna sínar eigin myndir,“ segir Sigurður. Glover hefur jafnframt haft orð á sér fyrir að vera sérvitringur og Sigurður Magnús segir hann hafa lúmskt gaman af því orðspori og geri jafnvel út á það.

Hann lofar einstakri skemmtun, þetta sé fjögurra tíma sýning sem enginn ætti að verða svikinn af. „Þegar hún hafði runnið sitt skeið á Englandi þá vildi ég bara meira.“ - fgg



**MERKILEGUR NÁUNGI** Crispin Glover er sennilega einn fárra sem hefur sagt hafa nei við Steven Spielberg. Hann er væntanlegur til landsins í næsta mánuði á vegum Sigurðar Magnúsar Finnssonar.

1000 kr inneign
ef þú verslar fyrir 4000 kr
eða meira, inneigning gildir
framyfir sunnudaginn 21.ágúst

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

# ÓDÝRT OG GOTT

# ÚTSALA

## ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM!

# 20 - 70%

AFSLÁTTUR AF VALDRI DÖMU, - HERRA
OG BARNAVÖRU
FULLT AF SKEMMTILEGUM TILBOÐUM

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



RIKKA kvenfataverslun

Göngu-götunni á Akureyri

kello ELTON DELUCA PARDON CHOISE


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ham á Nasa

Nýtt lag frá hinni goðsagnakenndu hljómsveit Ham er væntanlegt í spilun á öldum ljósvakans. Þeir **Óttarr Proppé** og félagar eru ekki vanir því að fara í kringum hlutina og heitir nýja lagið einfaldlega Dauð hóra. Ný plata er síðan væntanleg í lok þessa mánaðar og hyggjast Ham-verjar fagna þeirri útgáfu með útgáfutónleikum á Nasa við Austurvöll 8. september. Forsala miða hefst á Menningarnótt og er verið að finna upphitunarband til að koma fólkinu í rétta gírinn.



### Samhugur í samgönguráði

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkurborgar gerði sér glaðan dag á þriðjudag og skemmti sér saman eftir að starfsdegi ráðsins lauk. Mikill samhugur ríkti meðal ráðsmanna, en það voru meðal annars þeir kumpánar Gísli Marteinn Baldursson og Karl Sigurðsson formaður sem lyftu sér upp í Gleðistund á Danska barnum við Ingólfsstræti. Vel fór á með félögunum og ljóst þykir að mikill einhugur ríkir um umhverfis- og samgöngumál í borginni. Enda má ekki teljast ólíklegt að almenningssamgöngur hafi verið notaðar eftir að Gleðistundinni lauk. **- fgg, sv**



## Mest lesið VÍSIR

1. NASA birtir gervihnattamynd af Íslandi bökuðu í sól og blíðu
2. Burt Reynolds að missa hús sitt
3. Breivik í kjólföt
4. Ísak Örn enn týndur
5. Depardieu pissaði á gólf flugvélar í París


## Fólkið í landinu les Fréttablaðið




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, apr.-jún 2011




skóladagar!

30% afsláttur af völdum vörum

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201